








FARTÖLVU-
BÆKLINGUR
NÝHERJA FYLGIR BLAÐINU



lenovo
ThinkPad
NÝHERJI
BETRI LAUSNIR

# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
**20. ágúst 2011**
193. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



## Fólk er enn í áfalli

*Yoko og Egill Þórðarson sóttu hamfarasvæðin í Japan nýverið heim.*

**japan 26**

## Öpp fyrir öll tækifæri

*Hvað eru öpp og hver eru bestu öppin í dag?*

**snjallsímar 30**



## Erkifjendur takast á

*Flestir hallast að sigri Vals í bikarúrslitaleiknum gegn KR á Laugardalsvelli í dag.*

**fótbolti 62**

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Matur | Allt | Allt atvinna






**SJÓUÐ Í AÐ TAKA GAGNRÝNI** Rithöfundurinn, bloggarinn og sjónvarpskonan Tobba Marinós er önnun kafin, þriðja bókin hennar er væntanleg og sjónvarpsþáttur í bígerð. Tobba hefur verið á milli tannanna á fólki: „Ég hef verið skömmuð fyrir að segjast vera femínisti en ég hef komist langt í því sem ég er að gera, búið til mína peninga sjálf og staðið mig vel, er það ekki bara góð barátta?"spyr Tobba. **Sjá síðu 24.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þjórsá mun verða bitbeinið

**Þingsályktunartillaga til rammaáætlunar liggur nú fyrir. Náttúruverndarsinnar fagna sigri með verndun mikilvægra svæða víða um land. Virkjanir í neðri hluta Þjórsár munu verða deiluefni hjá Vinstri grænum.**

**UMHVERFISMÁL** Þrjár virkjanir verða byggðar í neðri hluta Þjórsár, samkvæmt þingsályktunartillögu um vernd og nýtingu náttúrusvæða.

Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs á eftir að fjalla um málið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru í þingflokknum harðir andstæðingar virkjananna þriggja.

Í því sambandi nægir að vísa til orða Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur, sem tiltók verndun Þjórsár sérstaklega í umræðum um vantraust á ríkisstjórnina í apríl. „Vonin um að Þjórsárver og Þjórsá lifi um ókomin ár mun aldrei rætast undir forustu stóriðjuaflanna," sagði hún þá. Ekki náðist í Guðfríði til að bera virkjanahugmyndir þar undir hana við vinnslu þessarar fréttar.

Nátttúruverndarsinnar fagna því hins vegar að Norðlingaölduveita sé slegin út af borðinu samkvæmt tillögunni. Einnig má nefna Torfajökulssvæðið, Langasjó og Kerlingarfjöll, sem flokkuð eru í verndarflokk. Það opnar á möguleikana á stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs, sem lengi hefur verið draumur margra.

Þeir sem lengst vilja ganga fram í virkjunum eru hins vegar óánægðir með verndun Ölkelduháls, Gjástykkis og Grændals, en Orkustofnun gaf í sumar út leyfi til rannsóknaborana á síðastnefnda svæðinu. Verndun Ölkelduháls þýðir að ekkert verður úr áformaðri Bitruvirkjun. Þá er Hágöngulón slegið út af borðinu og Búlandsvirkjun sett í bið.

Almenningi gefst nú kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri áður en tillagan fer fyrir Alþingi. Þar bíða erfiðar samningaviðræður. **- kóp /** **sjá síðu 10**



## SPURNING DAGSINS



*Jón, eru Ný danskir alveg fyr og flamme yfir tónleikunum?*

„Já, vi kommer med det samme.“

Jón Ólafsson og félagar í Ný dönsk feta í fótspor Stuðmanna í kvikmyndinni Með allt á hreinu og halda tónleika í Kóngsins Kaupinhafn í næsta mánuði.

Foreldrar í áfalli eftir að hafa gleymt ungbarni á gangstétt á Seltjarnarnesi:

# Barnaverndaryfirvöld hætt rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Barnaverndaryfirvöld á Seltjarnarnesi ætla ekki að aðhafast frekar í máli foreldra sem gleymdu barni sínu í barnabílstól á gangstétt í tæpa klukkustund.

Barnið gleymdist við Austurströnd á Seltjarnarnesi klukkan hálfsjö í gærmorgun. Leigubílstjóri fann barnið og kom því í hendur lögreglu. Barnaverndaryfirvöldum var strax tilkynnt um málið.

Sigrún Hvanndal Magnúsdóttir, yfirfélagsráðgjafi hjá barnaverndaryfirvöldum Seltjarnarnesbæjar, segir í samtali við Vísi að foreldrarnir hafi verið í miklu áfalli þegar þeir áttuðu sig á því að barnið var ekki í bílnum. Fólkið hafi verið að hlaða bílinn af blöðum til útburðar snemma morguns og verið í mikilli tímaþröng. Móðirin hélt að faðirinn hefði komið barninu fyrir í bílnum og faðirinn stóð í sömu trú.

Sigrún sagði barnið vera vel haldið líkamlega og umönnun á því til fyrirmyndar. Röð atvika og eðlilegar skýringar hefðu verið á þessu máli. Því væri ekki ástæða til að aðhafast frekar. - sv



**SELTJARNARNES** Barnaverndaryfirvöld í bænum hafa nú ákveðið að hætta rannsókn á málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Uppnám á rokkhátíð:

## Ofsarok varð fimm að bana

**BELGÍA, AP** Skyndilegt ofsarok með hagléli og úrhellisrigningu brast á í Belgíu í gær þegar hin árlega rokkhátíð Pukkelpop stóð hvað hæst. Fimm manns létust og 140 slösuðust, sumir lífshættulega.

Fárviðrið svipti upp stórum tjöldum, reif upp tré með rótum og velti um koll stálgrindum með ljósabúnaði og hátölurum.

Það var breska rokkhljómsveitin Skunk Anansie sem var að spila á aðalsviði hátíðarinnar þegar ósköpin dundu yfir. - gb



**JÓN BJARNASON OG OLIVEIRA** Mikill hagvöxtur hefur verið í Brasilíu síðustu ár og er landið nú orðið sjöunda stærsta hagkerfi heims.

Brasilískur ráðherra á Íslandi:

## Efla samstarf og viðskipti

**UTANRÍKISMÁL** Luis Sergio Oliveira, sjávarútvegs- og fiskeldisráðherra Brasilíu, er í heimsókn á Íslandi. Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, tók á móti honum í gær.

Ráðherrarnir ræddu meðal annars um sjávarútveg, fiskveiðistjórnun og starfsemi Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna sem hefur aðsetur á Íslandi.

Þá undirrituðu þeir viljayfirlýsingu um samstarf og viðskipti landanna. - mþl

Ómögulegt að hagræða:

## Ný krafa um niðurskurð áfall

**HEILBRIGÐISMÁL** Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir það áfall að til standi að gera frekari niðurskurðarkröfu til spítalans. Hann segir í föstudagspistli sínum að ekki verði hagrætt lengur heldur verði nú niðurskurður með minni þjónustu. Útfærsla á því hvernig það verður gert sé verkefni næstu mánuða í samráði við ráðuneytið.

Fyrr í vikunni sagði Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra að erfitt væri að sneiða framhjá LSH, þar sem spítalinn tæki það stóra sneið af framlögum til heilbrigðismála. - shá

# Nota bókmenntir í Alzheimers-meðferð

**Bókasmiðja á vegum fjölmargra samstarfsaðila hófst með upplestri Þórarins Eldjárn í Þjóðarbókhlöðunni í gær. Smiðjan er liður í meðferð við Alzheimers-sjúkdómnum. Hefur gefist afar vel erlendis, segir skipuleggjandi smiðjunnar.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Þetta virkar mjög vel. Það er mikil gleði í kringum þetta og fjölskyldur sjúklinganna finna fyrir mun á sínum kærkomnu,“ segir Halldóra Arnardóttir listfræðingur. Halldóra er skipuleggjandi nýrrar bókmenntasmiðju sem er hluti af meðferð við Alzheimers-sjúkdómnum. Bókmenntasmiðjan hófst í gær með upplestri „Hvaðefsögu“ Þórarins Eldjárns rithöfundar úr bók sinni Alltaf sama sagan.

Halldóra hefur skipulagt listasmiðjur fyrir Alzheimers-sjúklinga í Murcia á Spáni, þar sem hún er búsett. Hún segir markmið smiðjunnar hér vera að bæta líf og sjálfstraust sjúklingsins sem og fjölskyldna, að tengja þátíð og nútíð í gegnum tilfinningaminnið, stuðla að frekari gildum gegn fordómum gagnvart Alzheimers-sjúkdómnum og kynda undir verkefni þar sem mismunandi kynslóðir vinna saman.

„Í lok hvers tíma leggur sjúklingurinn mat á afrakstur dagsins, tengsl teikningarinnar og minningarinnar. Lokamarkmiðið er að sjúklingurinn hrópi: „já, það var svona!,“ segir Halldóra. „Við erum að stuðla að jákvæðu hugarfari og vinna með jákvæðar tilfinningar eins og gleði og hamingju. Það er mikið atriði að tala um tilfinningar og næmið.“

Halldóra segir að smiðjurnar hafi fengið góða dóma erlendis og verið sé að fylgja því eftir með athygli hvað fari þar fram. Smiðjunum lýkur með mikilli veislu þar sem afraksturinn er sýndur.

„Þessi endar með útgáfu bókar sem verður framlag þeirra til þjóðfélagsins,“ segir hún. „Það er mikilvægt að enda með einhvers konar sýningu til að sýna fram á að fólkið er verðir þjóðfélagsþegnar þótt það sé haldið sjúkdómnum. Með þessu erum við að sporna við fordómum.“

Þórarinn Eldjárn las upp úr bók sinni fyrir hópinn, níu manns á aldrinum 65 til 85.

„Þetta er hið merkilegasta starf sem hér er verið að vinna,“ segir Þórarinn. „Ég les þessa sögu í byrjun og síðan er hún notuð eins og kveikja að því að sjúklingarnir skerpi á sínu eigin minni um eitthvað sem tengist sögunum.“

Minnismóttakan á Landakoti og félagið FAAS, í samstarfi við Þórarinn Eldjárn, Myndlistaskóla Reykjavíkur og Þjóðarbókhlöðuna, standa fyrir verkefninu.

sunna@frettabladid.is



**„HVAÐEFSAGA“ LESIN** Meðferðin er talin virka afar vel og segir skipuleggjandi hennar að aðstandendur finni mikinn mun á sínum hjartfólgnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Myndlist, bókmenntir og minningar

Í næstu fjórum tímum smiðjunnar taka myndlistarnemendurnir við og gerast verkfæri sjúklinganna til að segja frá minningum sínum og byggja upp söguþráð. „Þeir hafa það hlutverk að gera að minnsta kosti eina teikningu hverju sinni, eins nákvæma eins og mögulegt er,“ segir Halldóra. „Efnistökin eru fengin frá smásögu Þórarins.“

Í síðasta smiðjunnar lesa sjúklingarnir upp sögurnar sínar við hlið Þórarins Eldjárn með aðstoð teikninganna. Smiðjunni lýkur með útgáfu bókar og sýningu á frásögnum sjúklinganna og teikningum nemendanna.

Samkynhneigðir ósáttir:

## Gagnrýna forsætisráðherra

**FÓLK** Framkvæmdastjóri Samtakanna ´78 segir samkynhneigða vera óánægða með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Hann segir samtökin fá fjölda fyrirspurna frá samkynhneigðu fólki frá öllum heimshornum sem vilji hitta Jóhönnu en illa gangi að koma á fundum.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

„Jóhanna er af gamla skólanum og vill vernda sitt einkalíf og við virðum það en okkur þætti vænt um þennan liðsstyrk,“ segir Árni Grétar Jóhannsson, framkvæmdastjóri samtakanna. „Ég veit að það eru stórar myndir af henni uppi á veggjum réttindaskrifstofa samkynhneigðra í Afríku þar sem staða þessa hóps er hvað verst.“ - fgg / sjá síðu 70

Hryðjuverkin í Noregi:

## Kveikt á friðarsúlunni fyrir fórnarlömbin

**REYKJAVÍK** Kveikt verður á Friðarsúlunni í Viðey á morgun og fórnarlamba hryðjuverkanna í Noregi minnst. 21. ágúst er í Noregi tileinkaður fórnarlömbunum. Reykjavíkurborg vill með þessu senda innilegar samúðarkveðjur til Norðmanna og minnast þeirra sem létust. Kveikt er á súlunni í samráði við Yoko Ono, en venjulega er ekki kveikt á henni fyrr en 9. október.

Tónleikar verða í Viðey og Jón Gnarr og Silje Arnekleiv munu segja nokkur orð. Fólk er hvatt til að mæta og koma með rauða rós með sér. Tveir fyrir einn verður í Viðeyjarferjuna. - þeb


HÓPKAUP.IS Í DAG

ASUS FARTÖLVA FRÁ BOÐEIND Á AÐEINS 87.000 KR.

87.000 kr.

GILDIR 48 TÍMA

Verð 145.000 kr. | Afsláttur 40% | Afsláttur í kr. 58.000 kr.

20 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



Hægt er að skoða vélina í verslun Boðeindar í Mörkinni á laugardaginn milli 13.00 og 17.00.

www.bodeind.is/k53e.html

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA


Tillögur vegna mats á umhverfisáhrifum vegna ofanflóðagarða á Ísafirði kynntar:

# Varnargarðurinn ver 60 íbúðir

**ÖRYGGISMÁL** Kynntar hafa verið tillögur vegna mats á umhverfisáhrifum vegna ofanflóðagarða undir Gleiðarhjalla í Skutulsfirði. Markmiðið er að verja um sextíu íbúðir í Ísafjarðarbæ við Hjallaveg og Hlíðarveg. Garðarnir breyta kennileitum á Ísafirði mikið enda vel sýnilegir en til að bæta fyrir þau útivistarsvæði sem tapast á framkvæmdasvæðinu er gert ráð fyrir gönguleiðum á og við varnargarðana, sem og ofan byggðarinnar.

Í Náttúruminjaskrá eru ekki tilteknar neinar náttúruminjar á því svæði sem framkvæmdir ná yfir og í umsögnum með tillögunum kemur fram að ekki samkvæmt fornleifaskráningu frá árinu 2002 eru engar fornleifar taldar vera á svæðinu. Fornleifafræðingur mun þó kanna fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við matsdrögin í sinni umsögn frekar en Umhverfisstofnun eða Vegagerðin.

Framkvæmdaaðili er Ísafjarðarbær en Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með verkinu. Mat á umhverfisáhrifum annast Náttúrustofa Vestfjarða. - shá



**FLÓÐAVARNIR** Ofanflóðagarðarnir munu setja mikinn svip á Ísafjarðarbæ. MYND/ÓMAR SMÁRI KRISTINSSON



Kringlan
Opið 10–18
Skóla-
dagar
Nú er skólastemning í Kringlunni.
Skólatöskur, stílabækur, ilmandi strokleður, skólafötin, brenniboltar og allt hitt sem þarf til að læra og leika sér.
Munið skiptibókamarkaðinn
Skólaleikur !!!
Allir sem skrá sig á póstlistann á Facebook geta m.a. unnið Vaio fartölvu frá Sony Center.
Nýtt kortatímabil
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is | facebook.com/kringlan.is

## GENGIÐ 19.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,10 | 114,64 |
| Sterlingspund | 188,21 | 189,13 |
| Evra | 163,12 | 164,04 |
| Dönsk króna | 21,898 | 22,026 |
| Norsk króna | 20,757 | 20,879 |
| Sænsk króna | 17,656 | 17,760 |
| Japanskt jen | 1,4917 | 1,5005 |
| SDR | 183,17 | 184,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,9034

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rektor Kvikmyndaskóla Íslands segir framtíð skólans ekki hafa skýrst á fundi ríkisstjórnarinnar í gær:

# Kvikmyndaskólinn nýtur ekki sannmælis

**MENNTAMÁL** Hilmar Oddsson, rektor Kvikmyndaskóla Íslands, segir að skilaboðin sem bárust út af ríkisstjórnarfundi í gær hafi í engu skýrt stöðu skólans. Hann telur að skökk mynd sé dregin upp af skólanum; máluð sé mynd af skóla með ósanngjarnar kröfur án þess að sú staðreynd komi fram að skólinn bjóði upp á sambærilegt nám við það besta á Norðurlöndunum fyrir brotabrot af þeim kostnaði sem þekkist annars staðar.

Eftir ríkisstjórnarfund í gær sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra að fyrra tilboð stjórnvalda um aukin framlög til skólans væri enn á borðinu. Hún tók einnig allan vafa af um það að nemendur skólans fengju fyrirgreiðslu hjá LÍN þrátt fyrir ríkjandi óvissu. Niðurstaða mennta- og menningarráðuneytisins, eftir skoðun á gögnum skólans, er að hann sé ekki rekstrarhæfur.

„Eina sem ég get ráðið í þetta er að gamla tilboðið sé uppi á borðinu, en það var það sannarlega ekki í gær," segir Hilmar. Þar vísar hann til þess að skólanum hafi verið boðnar 58 milljónir en fjárveiting til skólans 2010 var 39 milljónir. Skólinn verður ekki rekinn fyrir lægra ríkisframlag en 70 milljónir, að sögn Hilmars.

Fimm skólar sem kenna kvikmyndagerð í Danmörku, Svíþjóð og Noregi eru í CILECT, alþjóðasamtökum kvikmyndaskóla auk Kvikmyndaskóla Íslands. Kostnaður við hvern nemenda Kvikmyndaskólans er 278 þúsund krónur á ári. Hinir skólarnir í CILECT fá allir um tíu milljónir með hverjum nemenda. - shá



**HILMAR ODDSSON** Vill að það sé haft hugfast að ríkisframlag vegna sambærilegs náms á Norðurlöndum er um fjörutíu sinnum hærra á hvern nemenda en hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ENGAR ÁHYGGJUR** Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, ræddi efnahagsmál við kínverskan starfsbróður sinn, Xi Jinping, á fundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Joe Biden á fundum í Kína:

## Sefaði áhyggjur Kínverja af BNA

**BEIJING, AP** Kínverjar segjast bera fullt traust til bandarísks efnahagslífs og óttast ekki um fjárfestingu sína í ríkisskuldabréfum þótt stífir vindar hafi geisað.

Ráðamenn í Kína, þar á meðal varaforsetinn Xi Jinping og forsætisráðherrann Wen Jiabao, viðruðu þá skoðun sína í gær eftir fundi með Joe Biden, varaforseta Bandaríkjanna.

Kína á um 1.200 milljarða dala í ríkisskuldabréfum en Wen sagði Biden hafa sefað áhyggjur manna af erfiðleikunum í Bandaríkjunum. - þj

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu á miðvikudaginn var sagt að söngvarinn Adam Lambert hefði borið sigur úr býtum í American Idol fyrir nokkrum árum. Það er ekki rétt. Hann varð í öðru sæti.

Nokkur orð féllu út í greininni Góðgerðarakstur umhverfis Tjörnina í Menningarborgardagskrá Fréttablaðsins á fimmtudag. Réttar eru setningarnar svona: Gestir Menningarnætur geta fengið sér salíbunu aftan á Harley Davidsonhjólum kringum Tjörnina í Reykjavík gegn 500 króna gjaldi sem rennur óskipt til Umhyggju en það er félag til stuðnings langveikum börnum. Ekið er frá Alþingishúsinu. „Þessar ferðir hafa verið mjög vinsælar af fólki á öllum aldri," segir Steinar Benedikt Valsson, formaður félags Harley Davidsoneigenda.

# Tímarammi þyrlukaupa skýrist brátt

**Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir alvarlegt að hvorug þyrla Landhelgisgæslunnar hafi verið til taks þegar á reyndi. Leitað er að þyrlu til kaupa. Tímasetning kaupa skýrist væntanlega á ríkisstjórnarfundi í næstu viku.**

**ÖRYGGISMÁL** Tímasetning á kaupum nýrrar björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna gæti skýrst á fundi ríkisstjórnar í næstu viku.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Þetta segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra í samtali við Fréttablaðið, en þyrlukostur gæslunnar komst í sviðsljósið í fyrradag þegar hvorug þyrlan var til taks þegar á þurfti að halda. TF-GNÁ er sem stendur í reglubundinni skoðun erlendis og er ekki væntanleg aftur til landsins fyrr en eftir þrjár vikur. Óvænt bilun í TF-LÍF varð síðan til þess að hún var ekki flughæf. Beðið var eftir varahlut til að koma henni í gagnið aftur og lauk viðgerð samkvæmt áætlun í gær.

Gæslan kallaði þess í stað til þyrlu frá Norðurflugi til að sækja mann sem hafði fótbrotnað í helli í Kverkfjöllum.

Ögmundur segir grundvallarregluna að tvær björgunarþyrlur hið minnsta séu ávallt til taks en ástandið síðustu daga heyri til algerra undantekninga.

„Þetta er auðvitað mjög alvarlegt, því að við viljum hafa þessi mál í góðu lagi," segir hann og bætir við að helst eigi þrjár þyrlur að vera til staðar. Enda standi til að fjölga í þyrluflota gæslunnar og gætu farið að berast tíðindi af þeim málum fljótlega.



**ÞYRLULEYSI ALVARLEGT ÁSTAND** Innanríkisráðherra segir að lágmark sé að tvær björgunarþyrlur séu til taks. Þyrlukaup standa til en nákvæmari tímarammi skýrist mögulega á ríkisstjórnarfundi í næstu viku. Á myndinni má sjá flugflota Gæslunnar á flugi yfir Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þetta er auðvitað mjög alvarlegt, því að við viljum hafa þessi mál í góðu lagi.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON** INNANRÍKISRÁÐHERRA

„Við höfum verið í kaupferli með Norðmönnum að leita að nýrri þyrlu og sú vinna stendur enn yfir. Við höfum enn ekki staðfest dagsetningar í því efni, en það verður tekið til umfjöllunar í ríkisstjórn í næstu viku."

Ögmundur bætir því við að stóra málið sé nú að sjá til þess að fyllsta öryggis sé gætt. Reglubundið viðhald er hluti af því að tryggja öryggi að hans sögn, enda eigi þyrlurnar síður að bila ef þeim er vel við haldið.

Áætlað er að LÍF fari utan í byrjun næsta árs til stærri viðhaldsskoðunar, en sú aðgerð mun taka um fjóra mánuði. GNÁ mun hins vegar ekki verða ein eftir á vaktinni að sögn Ögmundar.

„Þyrlan mun ekki fara út nema önnur þyrla komi í hennar stað."

thorgils@frettabladid.is



**SITUR** Andrea J. Ólafsdóttir, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, situr á hakanum. MYND/HAGSMUNASAMTÖK HEIMILANNA

Undirskriftum safnað í dag:

## Allir fá að sitja á hakanum

**FÓLK** „Við ætlum að bjóða gestum og gangandi að prófa þetta," segir Andrea J. Ólafsdóttir, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, sem standa fyrir undirskriftasöfnun á horni Laugavegs og Skólavörðustígs í dag á Menningarnótt milli klukkan 13 og 17.

Á staðnum verður sérstæður stóll sem Ámundi Loftsson hefur smíðað, þar sem fólk getur beinlínis sest á haka. - gb

Frítt í strætó og engir hundar:

## Fleiri ferðir á Menningarnótt

**SAMGÖNGUR** Frítt verður í alla strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu á Menningarnótt í Reykjavík, sem er í dag og kvöld. Síðustu ferðir verða frá Hlemmi og Vonarstræti um klukkan eitt eftir miðnætti.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur minnir hundaeigendur á að óheimilt er að vera með hunda á hátíðarsamkomum skipulögðum fyrir almenning, af tillitssemi við aðra gesti. Þetta bann gildir meðal annars á Menningarnótt. - sv, jss

MS FÉLAG ÍSLANDS

**Fræðslufundur um LDN**

**Þriðjudag 23. ágúst 2011 kl. 20-21.30**

**MS-félag Íslands boðar til fræðslufundar um lyfið LDN að Sléttuvegi 5 í Reykjavík.**

Sverrir Bergmann taugalæknir verður með framsögu og svarar spurningum.
Hægt verður að horfa á fundinn í gegnum heimasíðu félagsins **www.msfelag.is** og senda inn spurningar á msfelag@msfelag.is fyrir fundinn.
MS-félag Íslands

## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**BJART SV-TIL Í DAG** Einhver væta SA-til framan af degi en léttir svo til. Nokkuð bjart SV-til í dag en stöku skúr síðdegis bæði V-lands og austan. Einhver væta A-til og V-til á morgun en bjart með köflum S- og N-lands. Nokkur væta á mánudag, einkum S- og V-til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 32° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 19° |
| Mallorca | 33° |
| New York | 30° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 20° |
| París | 28° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

www.husa.is

# KAUPLÁN

# 0%

## VAXTALAUST LÁN

**Nú býður Húsasmiðjan upp á Kauplán; vaxtalausa greiðsludreifingu sem gildir fyrir allar vörur í Húsasmiðjunni.**

- Vaxtalaus greiðsludreifing í allt að 12 mánuði
- Engir vextir
- Aðeins 3% lántökugjald og 325 kr. greiðslugjald af hverri borgun
- Nánari upplýsingar um Kauplán á www.husa.is



**Þvottavél**
EWF106410W
1000 snúninga
Stærð: 85x60x60 sm, 6 kg
Vnr. 1805650
Electrolux
5 ára ábyrgð

**69.900**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



Frigor
5 ára ábyrgð
Frábært verð
**64.900**

FRIGOR
**Frystiskápur**
Hæð 142 sm, breidd 55 sm.
165 ltr.
Vnr. 1805493



Nýtt!
KAINDL
**Plastparket, 8 mm**
Vnr. 147053
Hærra slitþol
**2.629kr/m²**



**3.990**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
EMMEVI
GIGLIO
**Handlaugartæki**
Vnr. 7900011



Graniser
**2.999kr/m²**
GRANISER
**Vegg-/gólfflísar**
Hvítar, mattar. Stærð 9,7 x 29,5 sm.
Vnr. 8600665



4 stk.
**1.949**
**Glös**
Vnr. 2009271



110 fylgihlutir
**9.995**



SKIL 6280
**Högg-borvél**
550W
13mm, flýtipatróna.
Vnr. 5158850



**Inni-málning 3 ltr**
Beinhvít
Vnr. 7119962
**1.995**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**2.490**
**Berjatínur**
Vnr. 2205088




Frábært verð
**6.995**
GORI 44+
**Viðarvörn, 5 ltr**
Vnr. 7042527

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

KAUPLÁN 0% VAXTALAUST LÁN
*Nánar á husa.is*

HÚSASMIÐJAN

**KJÖRKASSINN**



*Notar þú kreditkort?*

| | |
|---|---|
| Já | 71,7% |
| Nei | 28,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga kröfur leikskólakennara rétt á sér?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Greiningardeildir bankanna efins um að skynsamlegt hafi verið hjá Seðlabankanum að hækka stýrivexti:

# Stýrivaxtahækkun Seðlabankans vekur furðu

**EFNAHAGSMÁL** Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands tók ákvörðun um að hækka vexti bankans um 0,25 prósent fyrr í vikunni. Í yfirlýsingu frá nefndinni vegna þessa var vísað til versnandi verðbólguhorfa og aukins þróttar í efnahagslífinu.

Flestar greiningardeildir íslensku bankanna spáðu óbreyttum stýrivöxtum. Ákvörðunin virðist því hafa komið flestum á óvart og eru deildirnar flestar gagnrýnar á hana.

Greining Íslandsbanka spáði ein rétt fyrir um ákvörðun peningastefnunefndarinnar. Í stýrivaxtaspá sinni var þó bent á að Seðlabankinn væri í nokkrum vanda; á sama tíma og verðbólga væri að aukast væri mikill slaki í hagkerfinu og atvinnuleysi í sögulegu hámarki. Verðbólgan orsakist ekki af því að eftirspurn sé meiri en framleiðslugeta í hagkerfinu og slíka verðbólgu geti verið afar varasamt að berja niður með tækjum peningastjórnunar þar sem það geti hægt á efnahagsbatanum.

Hagfræðideild Landsbankans segir að ótímabært hafi verið að hefja hækkunarferli vaxta, bíða þurfi skýrari merkja um aukna fjárfestingu. Þá segir deildin að þrátt fyrir að verðbólga hafi aukist umtalsvert sé ólíklegt að vaxtahækkun nú muni hafa teljandi áhrif til lækkunar verðbólguvæntinga. Helstu drifkraftar verðbólgunnar undanfarið séu utan áhrifasviðs hinna hefðbundnu stýritækja Seðlabankans, segir deildin.

Greiningardeild Arion er einnig gagnrýnin á ákvörðun peningastefnunefndarinnar. Í Markaðspunktum deildarinnar frá því á miðvikudag segir að vaxtahækkun geti leitt til versnandi verðbólguhorfa þar sem fjármagnskostnaður muni aukast. - mþl



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Með stýrivaxtahækkun sinni hefur Seðlabankinn skorið sig nokkur úr meðal evrópskra seðlabanka, sem hafa flestir haldið vöxtum lágum síðustu mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Velkomin í Volcanohouse á menningardag
kl 15 verður frásögn um eldgosið í Heimaey
Halldór Svavarsson, Ólöf Svavarsdóttir og Jón Kr Óskarsson
Segja frá upplifun sinni af eldgosinu.
Allir hjartanlega velkomnir og gestum
er boðið að taka þátt í léttu spjalli.
Volcanohouse Tryggvagötu 11 í Reykjavík
VOLCANO HOUSE

# Ábyrgðin er okkar

**Sveitarstjórnarmenn segja ábyrgðina vegna bágra kjara leikskólakennara liggja hjá sveitarfélögunum að mörgu leyti. Fulltrúar fjögurra stærstu sveitarfélaga landsins lýsa yfir áhyggjum vegna yfirvofandi verkfalls leikskólakennara.**

**KJARAMÁL** Fulltrúar sveitarstjórna í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og Akureyri telja ábyrgð sveitarfélaganna á stöðu leikskólakennara töluverða. Árangurslausum kjaraviðræðum Félags leikskólakennara og samninganefndar sveitarfélaganna lauk á ný rétt eftir hádegi í gær. Boðað hefur verið til nýs fundar klukkan ellefu í dag. Ef ekki næst að semja fara leikskólakennarar í verkfall á mánudag.

Dagur B. Eggertsson, forseti borgarstjórnar, hefur áhyggjur af yfirvofandi verkfalli og segir það vond tíðindi fyrir alla ef það skelli á.

„Af reynslu finnst mér ekki síður mikilvægt að gefa þeim frið til að semja um helgina áður en til verkfalls komi,“ segir Dagur. „Ég bind vonir við að aðilar reyni alveg til þrautar.“

Dagur vill ekki gefa upp sína skoðun á því hvort kröfur leikskólakennara séu réttmætar og vísar aftur til vinnufriðs samninganefndanna. „En auðvitað eru margar stéttir í samfélaginu sem eiga skilið hærri laun,“ bætir hann við. Hann telur ábyrgð borgarinnar í þessum málum mjög ríka. „Við berum ábyrgð gagnvart börnunum, fjölskyldum þeirra og öllu okkar starfsfólki.“

Guðmundur Rúnar Árnason, bæjarstjóri í Hafnarfirði, tekur undir orð Dags og segir mikilvægt að leyfa samninganefndinni að vinna sína vinnu í friði.

„Vitaskuld höfum við áhyggjur af ástandinu, atvinnulífinu og þeim fjölskyldum sem munu klárlega lenda í vandræðum ef til verkfalls kemur,“ segir hann. Spurður hvort hann telji að sveitarstjórnir beri ábyrgð í málinu svarar Guðmundur því játandi.

„Auðvitað bera sveitarstjórnir ábyrgð á sínum gjörðum; eitt af því sem þær hafa ákveðið er að hafa kjaramálin svona sem atvinnurekandi og framselja sitt samningsumboð til sambandsins,“ segir hann. „Sem þýðir um leið að þau geta ekki farið að grípa til aðgerða einhliða. Þegar maður fer í samstarf verður maður að taka þátt í því alla leið.“



**LEIKSKÓLABÖRN** Öllum leikskólum á Akureyri, Hafnarfirði og Kópavogi verður lokað á mánudag ef til verkfalls kemur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Við berum ábyrgð gagnvart börnunum, fjölskyldum þeirra og öllu okkar starfsfólki.
>
> **DAGUR B. EGGERTSSON**
> FORSETI BORGARSTJÓRNAR

Guðmundur segist hafa mikla samúð með kröfum launafólks, en vill ekki tjá sig um sínar skoðanir á kröfum leikskólakennara að svo stöddu í ljósi viðræðna.

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, segir sveitarfélögin bera ábyrgð í því ljósi að þau séu rekin á skynsamlegan hátt í alla staði. Hann telur kröfur leikskólakennara heldur meiri en þær sem samið hafi verið um í sumar.

„Það má deila um hvort þær séu sanngjarnar, en þær eru meiri en það sem við teljum að við getum ráðið við,“ segir Eiríkur og bætir við að komi til verkfalls á mánudag muni Akureyrarbær takast á við það af yfirvegun, en það muni bitna á öllu atvinnulífinu.

Guðrún Pálsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi, hefur áhyggjur af yfirvofandi verkfalli og vonast til þess að samningar náist. „En oft hafa samningar náðst á allra síðustu stundu og við vonum að það gerist í þessu tilviki,“ segir hún. Hún hefur fulla trú á samninganefndinni og treystir henni fullkomlega til að klára viðræðurnar.

sunna@frettabladid.is

15% afsláttur
af öllum pakkningastærðum
af Nicorette fruitmint
2 mg 210 stk.
Nú kr. 4.278.-
Tilboðið gildir til 20. september n.k.



SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b - Sími 551 7234 - Opið mánudaga - föstudaga kl. 9-18

**DEILDARSTJÓRI RANNSÓKNARDEILDAR**

TOLLSTJÓRI

Tollstjóri óskar eftir að ráða deildarstjóra rannsóknardeildar tollasviðs

Hjá Tollstjóra starfar hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsueflingu og góðan aðbúnað.



Deildarstjóri rannsóknardeildar hefur umsjón með verkefnum rannsóknardeildar og sinnir jafnframt ýmsum lögfræðilegum úrlausnarefnum. Hann á sæti í yfirstjórn tollasviðs .

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Karen Bragadóttir, forstöðumaður tollasviðs í síma 560-0300. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 3. 9. 2011 Umsóknir merktar „deildarstjóri rannsóknardeildar“ ásamt ferilskrá skal skila til mannauðssviðs embættisins Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík eða í gegnum tölvupóst: starf@tollur.is

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Embættispróf í lögfræði eða sambærileg menntun
- Tölvufærni sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku, bæði á töluðu og rituðu máli, auk þess að hafa góða kunnáttu í ensku og einu Norðurlandamáli
- Hæfni til frumkvæðis, sjálfstæðra vinnubragða, samstarfs og samskipta
- Traust vinnubrögð
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni þ.m.t. færni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni
- Kurteisi, þjónustulipurð, nákvæmni, samviskusemi

**Starfssvið:**

- Stjórnun og stefnumótun
- Ábyrgð á rannsóknum tollalagabrota á landsvísu og annarri meðferð mála á þessu sviði
- Aðstoð og samstarf við lögreglu, ákæruvald, erlend tollyfirvöld og fleiri vegna rannsókna og meðferð mála í tengslum við tollalagabrot
- Kennsla við Tollskóla ríkisins

**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.**

Þórólfur Matthíasson segir útreikninga Hagsmunasamtaka heimilanna ranga:

# Gagnrýnir verðtryggingarútreikninga

**EFNAHAGSMÁL** Útreikningar Hagsmunasamtaka heimilanna vegna kvörtunar samtakanna til Umboðsmanns Alþingis eru villandi þar sem gleymst hefur að núvirða greiðslurnar, segir Þórólfur Matthíasson, deildarforseti hagfræðideildar Háskóla Íslands.

Umboðsmaður Alþingis athugar nú hvort verðtrygging lána hafi um langa hríð verið reiknuð á rangan hátt í kjölfar kvörtunar frá Hagsmunasamtökum heimilanna. Umboðsmaðurinn hefur krafið Seðlabankann um skýringar á þeim reglum sem liggja að baki útreikningunum.



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON**

Í greinargerð frá Hagsmunasamtökum heimilanna, sem Magnús Ingi Erlendsson héraðsdómslögmaður skrifaði, eru færð fyrir því rök að ekki sé til lagaheimild fyrir því að verðbætur séu lagðar á höfuðstól lána heldur að einungis megi bæta verðbótum við greiðslur af láni.

Þá fylgir greinargerðinni dæmi þar sem reikniaðferðirnar tvær eru bornar saman og komist að þeirri niðurstöðu að sú leið að bæta verðbótum ofan á höfuðstól sé talsvert óhagstæðari en sú leið að bæta verðbótum við greiðslur.

„Gallinn við útreikninga Magnúsar er að hann áttar sig ekki á því að til að bera saman verðmæti afborgana jafnafborganaláns og kúlulánsins þarf hann að reikna allar afborganir á sama verðlagi,“ segir Þórólfur og bætir við að sé það gert sé verðmæti lánanna nákvæmlega það sama, enda eigi lánaform ekki að hafa áhrif á verðmæti afborgana. - mþl


TAX
FREE
DAGAR
AFNEMUM VSK
af öllum ritföngum og skólatöskum
Gildir aðeins út sunnudaginn 21. ágúst.
tax free verð
39 kr/stk
fullt verð 49.-
tax free verð
191 kr/stk
fullt verð 239.-
tax free verð
71 kr/stk
fullt verð 89.-
tax free verð
31 kr/stk
fullt verð 39.-
tax free verð
5.902 kr
fullt verð 7.400.-
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
Gildir til 21. ágúst á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Forvarnarsjóður Reykjavíkur

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki til forvarnarverkefna úr Forvarnarsjóði Reykjavíkur. Hægt er að sækja um styrki til verkefna í einstökum hverfum eða almennt í borginni. Hverfisráð veita styrki til verkefna í hverfum, en velferðarráð til almennra verkefna í borginni að fenginni umsögn samráðshóps um forvarnir.

Upplýsingar um úthlutunarreglur, umsóknareyðublöð og tengiliði er að finna á vef Reykjavíkurborgar, **www.reykjavik.is/forvarnarsjodur**

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að forvörnum og styrkja félagsauð í hverfum Reykjavíkur. Styrkir úr sjóðnum verða veittir til verkefna sem styðja:

- Forvarnir í þágu barna og unglinga.
- Eflingu félagsauðs í hverfum borgarinnar.
- Bætta lýðheilsu.
- Markvisst samstarf íbúa, félagasamtaka, fyrirtækja og borgarstofnana í þágu forvarna og félagsauðs.
- Önnur verkefni sem mæta þeim markmiðum sem borgarstjórn setur hverju sinni.

Verkefnin gefa einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum tækifæri til að vinna að forvörnum í borginni.

Til úthlutunar úr Forvarnarsjóðnum að þessu sinni koma alls 10 milljónir króna. Umsóknum skal skilað á vef Reykjavíkurborgar eigi síðar en 23. september 2011.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið


Ný verðkönnun ASÍ á nýjum og notuðum skólabókum sýnir mikinn verðmun:

# Allt að 71 prósents verðmunur

**NEYTENDUR** Penninn Eymundsson í Kringlunni er með hæsta verð á nýjum skólabókum í flestum tilfellum, samkvæmt nýrri verðkönnun ASÍ. Griffill er oftast með lægsta verðið.

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð á nýjum og notuðum skólabókum fyrir framhaldsskóla í verslunum á höfuðborgarsvæðinu miðvikudaginn 17. ágúst. Farið var í átta verslanir og skoðað verð á þrjátíu algengum skólabókum.

Af 30 titlum var Penninn Eymundsson með hæsta verðið á 27. Griffill var með lægsta verðið á 20 titlum. Forlagið á Fiskislóð og Office 1 voru næstoftast með lægsta verðið, eða á fjórum titlum.

Mestur verðmunur var á enskubókinni „The Lord of the Flies", en bókin var dýrust á 2.299 krónur í Pennanum Eymundsson og ódýrust á 1.345 krónur í Griffli.

Mikill verðmunur var einnig á skiptibókum, en í þeim verslunum þar sem skiptibókamarkaðir voru var Griffill oftast með lægsta útsöluverðið á notuðum skólabókum. Penninn Eymundsson var hins vegar oftast með hæsta útsöluverðið á notuðum skólabókum. - sv



**SKÓLABÆKUR** Verðkönnun ASÍ leiddi í ljós að Penninn Eymundsson í Kringlunni er oftast með hæsta verð á nýjum skólabókum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mannréttindabrot í Sýrlandi:

## Össur vill Assad frá völdum

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson tekur undir kröfur margra þjóðarleiðtoga um að Bashar al Assad, forseti Sýrlands, víki úr embætti.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Utanríkisráðherrann fordæmir framferði sýrlenskra stjórnvalda, ofbeldi gegn óbreyttum borgurum, fjöldahandtökur og pyntingar. Þá segir í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu að aðgerðir sýrlenskra stjórnvalda séu gróft brot á alþjóðlegum mannréttindasáttmálum og grimmdarleg árás á réttmætar kröfur íbúa um umbætur og lýðræðisþróun. - þeb



**INDVERJUM FJÖLGAR HRAÐAST** Um miðja þessa öld má reikna með því að Indverjar verði orðnir fleiri en Kínverjar. NORDICPHOTOS/AFP

# Milljarðarnir að verða sjö

**Í lok október nær mannkynið sjö milljörðum. Fyrir aðeins tólf árum vorum við sex milljarðar en þurfum núna fjórtán ár til að fylla áttunda milljarðinn.**

**FRAKKLAND** Mannkyninu hefur fjölgað hratt síðustu áratugina. Síðar á þessu ári er reiknað með því að við verðum sjö milljarðar alls, samkvæmt nýrri spá franskra fræðimanna sem nota tölur frá Sameinuðu þjóðunum.

Örlítið er byrjað að hægja á fjölgun mannkynsins, því tólf ár eru liðin frá því við vorum sex milljarðar talsins en reiknað er með að fjórtán ár líði þangað til áttundi milljarðurinn næst.

Um miðja þessa öld má síðan reikna með að við verðum orðin níu milljarðar eða ríflega það. Búist er við að mannfjölgunin haldi síðan áfram allt þar til við náum tíu milljarða markinu undir lok aldarinnar.

Ríflega helmingur mannkyns býr í sjö fjölmennustu ríkjum jarðar. Fjölmennastir eru Kínverjar, sem eru 1,33 milljarðar, en næst koma Indverjar sem eru 1,17 milljarðar. Innan fárra áratuga munu Indverjar reyndar verða orðnir fleiri en Kínverjar.

Þriðja fjölmennasta landið er Bandaríkin með 307 milljónir, en þar á eftir koma Indónesar, sem eru 243 milljónir, Brasilíumenn, sem eru 191 milljón, Pakistanar, sem eru 181 milljón og Nígeríubúar, sem eru 162 milljónir talsins.

Hraðast fjölgar fólki í Afríkuríkjum sunnan Sahara-eyðimerkurinnar, en einnig í sumum héruðum Afganistans, norðanverðu Indlandi og hluta Arabíuskagans. Þetta eru einmitt þau svæði jarðar þar sem fátæktin er mest og fólk á erfiðast uppdráttar.

Hér á Vesturlöndum og annars staðar, þar sem velmegun ríkir að mestu, mun mannfjöldinn að mestu standa í stað. Á þessum svæðum verður fólk hins vegar æ eldra þannig að hlutfall yngra fólks mun lækka.

Mannkyninu hefur reyndar fjölgað stöðugt frá árinu 1800 þegar við vorum „ekki nema" einn milljarður. Tveggja milljarða markið náðist árið 1925 en næstu áratugina þar á eftir tók fjölgunin kipp og árið 1970 var mannfjöldinn orðinn fimm milljarðar. gudsteinn@frettabladid.is


Beint flug með Icelandair
ICELANDAIR




Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætunum í 10 nátta ferð til Tyrklands þann 27. ágúst. Í boði eru m.a. frábær sértilboð á Hotel L´Ambiance ****+ og Hotel Grand Cettia **** með **allt innifalið** á ótrúlegum kjörum. Einnig önnur sértilboð í boði.

**Aðeins örfá herbergi í boði – bókaðu strax!**

Verð frá
**119.900 kr.**
**í 10 nætur með allt innifalið**
m.v. tvo fullorðna og tvö börn í herbergi á L´Ambiance ****+ í Bodrum **með allt innifalið**, 27. ágúst í 10 nætur.
Verð 139.900 kr. m.v. tvo í herbergi á L´Ambiance ****+ í Bodrum **með allt innifalið**, 27. ágúst í 10 nætur.





Verð frá
**129.900 kr.**
**í 10 nætur með allt innifalið**
m.v. tvo fullorðna og tvö börn í herbergi á Grand Cettia **** í Marmaris **með allt innifalið**, 27. ágúst í 10 nætur.
Verð 159.900 kr. m.v. tvo í herbergi á Gran Cettia **** í Marmaris **með allt innifalið**, 27. ágúst í 10 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NM47751

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is
Heimsferðir



Jóhannes Kjarval að störfum í vinnustofu sinni í Austurstræti um miðja síðustu öld.

# Menningarnótt í Landsbankanum

**Við bjóðum** fjölbreytta dagskrá í útibúinu í Austurstræti 11. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur kynnir gestum og gangandi stórkostleg listaverk á göngum bankans og hópur listafólks flytur magnaða dagskrá.

Landsbankinn hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi. Verið velkomin í skemmtilega menningarlega veislu í Austurstræti 11.

**Dagskrá Menningarnætur í Austurstræti 11**

12:00, 12:45, 13:30 Listaverkaganga.
14:30 Skemmtun fyrir börnin. Tinna táknmálsálfur og Sproti.
15:00 Bændur flugust á, Íslendingasögurnar í nýjum búningi.
16:00 Uppistand með félögum úr Mið-Íslandi.
17:00 Jón Jónsson ásamt hljómsveit

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## FRÉTTASKÝRING: Áætlun um virkjunarkosti

# Erfiðar umræður fram undan um Þjórsá

**Þingsályktunartillaga um Rammaáætlun liggur nú fyrir. Þar eru taldir upp þeir virkjanakostir sem nýta á og hvaða svæði verða vernduð. Almenningi gefst nú færi á að koma sínum athugasemdum á framfæri en síðan fer málið fyrir þingið. Ljóst er að andstaða er innan Vinstri grænna um suma virkjanakosti.**

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra kynntu í gær tillögu til þingsályktunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Í henni er að finna vinnu sérfræðinga sem vegið hafa og metið virkjanakosti með tilliti til nýtingar og verndar.

Á listanum eru sex kostir á vatnasviði og sextán jarðhitakostir. Verði tillagan að veruleika eru því 22 virkjanir, eða stækkanir á virkjunum, fyrirhugaðar hér á landi næstu árin.

Öðrum kostum er skipt í verndarkosti, tuttugu talsins, ellefu vatnsaflsvirkjanakosti og níu í jarðhita. Eftir standa 27 kostir sem settir eru í biðflokk, þar af eru nítján á vatnasviði og átta í jarðvarma.

### Hofsjökulsþjóðgarður

Náttúruverndarsinnar hafa fagnað tillögunni og sjá í henni að mikilvæg svæði hafi verið sett í verndarflokk. Þar má nefna allt Torfajökulssvæðið, Kerlingarfjöll og Norðlingaöldu. Með því skapast færi á að stofna Hofsjökulsþjóðgarð sem lengi hefur verið draumur margra, en hugmyndina um hann má rekja aftur til Hjörleifs Guttormssonar.

Náttúruverndarsamtök Íslands sendu frá sér tilkynningu í gær þar sem þessu var sérstaklega fagnað. Þar segir:

„Við stofnun Náttúruverndarsamtaka Íslands árið 1997 var stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands meginmarkmið í stefnu samtakanna. Þingsályktunartillagan er stórt skref í þá átt. Við blasir að stofnaður verði Hofsjökulsþjóðgarður með Þjórsárver í suðri (Norðlingaölduveita hefur loks verið slegin af), Kerlingarfjöll í vestri. Guðlaugstungur norðan Hofsjökuls hafa þegar verið friðlýstar. Samkvæmt tillögunni verða öll þessi svæði vernduð. Næsta skref er að bæta við Jökulsám Skagafjarðar og Hveravallasvæði, sem sett voru í biðflokk.“

Önnur mikilvæg svæði eru Jökulsá á Fjöllum, Vonarskarð, Ölkelduháls og Gjástykki.

Náttúruverndarsamtökin lýsa hins vegar óánægju sinni með það að virkjanir í Skjálfandafljóti skuli ekki hafa verið slegnar af fyrir fullt og allt og settar í verndarflokk.

### Vannýttir virkjanakostir

Á hinn bóginn eru þeir sem helst hafa talað fyrir virkjunum varla sáttir við tillöguna heldur. Áður var minnst á Ölkelduháls, sem verður verndaður. Það þýðir að ekkert verður af Bitruvirkjun. Einnig hefur verið horft til Gjástykkis sem virkjanakosts, en það er einnig í verndarflokki.

Hið sama má segja um Brennisteinsfjöll og Grændal, en Orkustofnun hefur nýverið gefið út leyfi fyrir tilraunaborunum í Grændal.

Þá fagna náttúruverndarsinnar því að Norðlingaölduveita sé slegin út af borðinu, en virkjanasinnar eru að sama skapi óánægðir með það. Umhverfisráðherra hefur lýst því yfir að Þjórsárver verði friðuð að fullu og nú er ekkert því til fyrirstöðu.

Einnig má tína til Hágöngur, en Hágöngulón er slegið út af borðinu í tillögunni, og Búlandsvirkjun sett á bið, en undirbúningur hennar var komin á nokkuð skrið.

Norðlingaalda og Gjástykki voru vænlegir virkjanakostir út frá nýtingarsjónarmiðum, en verndargildið hefur orðið ofan á.

### Erfiðar umræður

Þrátt fyrir að náttúruverndarsinnar fagni hlutum tillögunnar er ljóst að ekki ríkir full sátt um hana. Hún fer nú í opið tólf vikna ferli og gefst almenningi færi á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Að því búnu fer hún til þinglegrar meðferðar. Umhverfisráðherra ætlar ekki að tjá sig um einstaka virkjanakosti á meðan umsagnarferlið er í gangi.

Ljóst er að virkjanirnar þrjár í neðri hluta Þjórsár munu standa í mörgum. Fjölmargir hafa gagnrýnt þær framkvæmdir og þar með talið margir þingmenn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Nægir í því samhengi að vitna til orða Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur sem hún lét falla á Alþingi 13. apríl, í umræðum um vantraust á ríkisstjórnina. Guðfríður greiddi atkvæði gegn vantrausti meðal annars með þessum orðum:

„Vonin um að Þjórsárver og Þjórsá lifi um ókomin ár mun aldrei rætast undir forustu stóriðjuaflanna. Vonin um að auðlindum þjóðarinnar verði forðað frá braskinu mun aldrei rætast undir forustu einkavinavæðingarinnar.“ Verði tillagan eins og hún lítur nú út er sú von um Þjórsá, sem var ein forsenda atkvæðis Guðfríðar Lilju, brostin.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að fleiri þingmenn flokksins séu sama sinnis. Það er því ljóst að erfiðar samningaviðræður eru í gangi um þessar tillögur sérfræðinganna.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



## Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða






**TILLAGAN KYNNT** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra kynntu þingsályktunartillöguna í Öskju í gær. Með þeim á myndinni er Svanfríður Jónasdóttir, formaður verkefnastjórnar um rammaáætlun.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þáttaskil í áralangri sögu



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir tillöguna marka þáttaskil í vinnu sem eigi sér áralanga sögu. Hún vonast til að vinnan skili nýjum grundvelli í virkjana- og umhverfismálum, sem sé mikilvægur þáttur í íslenskri stjórnmálasögu.

„Okkar færustu vísindamenn og bestu sérfræðingar á þessum sviðum hafa lagt hönd á plóginn og skilað þessari tillögu til okkar. Nú gefst almenningi færi á að koma sínum athugasemdum á framfæri. Þegar þingið er búið að afgreiða málið erum við komin með nýjan grunn, ef okkur lánast að afgreiða þetta í sátt.“

Svandís segir ljóst að núningsfletir séu enn á málinu. „Ég vona bara að menn nálgist þetta þannig að skoða þann ávinning sem það er að komast út úr átakahefðinni sem einkennt hefur þessa hlið íslenskrar pólitíkur og yfir í það að skapa nýjan grundvöll um málið.“

Svandís tekur ekki afstöðu til einstakra kosta á þessu stigi málsins, en mun gera það þegar málið fer fyrir Alþingi.

TÓNMENNTASKÓLI REYKJAVÍKUR

**Tónmenntaskóli Reykjavíkur**

**Innritun nýrra nemenda fyrir skólaárið 2011-2012 stendur yfir frá 22.-26. ágúst.**

**Athugið að skólinn er að mestu fullskipaður veturinn 2011-2012.**
**Þó er enn hægt að innritast í eftirfarandi deildir:**
1. Nokkrir nemendur fæddir 2005 ( 6 ára) í Forskóla I
2. Örfáir nemendur fæddir 2004 ( 7 ára) í Forskóla II
3. Hægt er að innrita nemendur á aldrinum 8-10 ára á BIÐLISTA á eftirfarandi hljóðfæri:

Strengjahljóðfæri, þ.e. fiðlu, víólu, selló og gítar.
Blásturshljóðfæri, þ.e. þverflauta, klarinett og saxófón.
Hljómborðshljóðfæri, þ.e. píanó og harmóníku.
Einnig á ásláttarhljóðfæri og í Fiðluforskóla ( 5-6 ára börn ).

**ATHUGIÐ AÐ FRAMBOÐ Á SKÓLAVIST ER MJÖG TAKMARKAÐ.**
Skrifstofa skólans á Lindargötu 51 er opin frá klukkan 13:00-16:00 virka daga. Síminn er 562-8477. Það skal tekið fram að nauðsynlegt er fyrst að skrá nemendur í skólann með því að hafa samband við skrifstofuna.
**Til að tryggja endanlega að innritunin sé frágengin er nauðsynlegt að innrita nemandann einnig í Rafræna Reykjavík á heimasíðum www.reykjavik.is eða www.grunnskolar.is á sama tíma í ágúst.**
Skólastjóri


Menningarupplifun
í boði Vodafone
Við erum stolt af því að færa ykkur
Tónaflóð og kraftmikla flugeldasýningu
á Menningarnótt í Reykjavík.
Hittumst við Arnarhól á
hápunkti hátíðarhaldanna!
power to you
vodafone.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju þarf að vera verðtrygging á Íslandi?

## Byrjað á öfugum enda

Tuttugu þúsund hafa skrifað undir áskorun Hagsmunasamtaka heimilanna um afnám verðtryggingarinnar. Skiljanlega er fólki í nöp við hana; eftir hrun hafa skuldir hækkað um tugi prósenta, greiðslubyrðin þyngzt að sama skapi og lífskjörin versnað sem því nemur.

Þó er í raun byrjað á öfugum enda með því að krefjast afnáms verðtryggingarinnar. Undirrót hennar og hið raunverulega vandamál sem við er að etja er ónýtur gjaldmiðill.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



„Sveigjanleiki“ krónunnar er aðallega niður á við. Það má sjá með einföldu dæmi. Þegar myntbreytingin var gerð 1980 og tvö núll skorin aftan af krónunni eftir margra ára óðaverðbólgu var ein íslenzk króna jafngild einni danskri krónu. Nú, 31 ári síðar, þarf 22 íslenzkar krónur til að kaupa eina danska.

Sá sem lánar út peninga, sérstaklega til langs tíma eins og til að mynda lán til húsnæðiskaupa, vill auðvitað fá jafnverðmætar krónur til baka og hann lánaði upphaflega. Verðtryggingin hefur því reynzt ill nauðsyn vegna stöðugrar rýrnunar gjaldmiðilsins. Óvíst er að lántakendur væru betur settir án hennar ef ekkert annað breyttist. Lánveitendur myndu þá tryggja sig fyrir óvissunni með gífurlega háum vöxtum.

Verðtryggingin er í rauninni aðeins sjúkdómseinkenni í efnahagslífinu. Sjúkdómurinn sjálfur er ónýtur gjaldmiðill. Án nýs og stöðugri gjaldmiðils er vandamálið áfram til staðar.

Nærtækasta leiðin til að fá nýjan gjaldmiðil er að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og taka upp evru. Nóg er af úrtölumönnum þessa dagana sem segja að allt sé í kalda koli á evrusvæðinu og evran muni brátt heyra sögunni til. Engin ástæða er til að gera lítið úr þeim vanda sem við er að glíma í ýmsum ríkjum sem nota evruna. Það vill þó fara framhjá fólki að vandinn er ekki gjaldmiðlinum að kenna heldur hallarekstri ríkisins og skuldasöfnun í einstökum ríkjum. Í sumum evruríkjum er ástandið ágætt, til dæmis í Eistlandi þar sem ríkisfjármálin voru tekin föstum tökum og upptaka evrunnar um síðustu áramót hefur að mati Eista sjálfra eflt erlenda fjárfestingu, útflutning og atvinnu.

Hvað sem um vanda evrusvæðisins má segja hefur almenningur þar ekki lent í því sama og íbúar krónusvæðisins hér á Íslandi, að húsnæðisskuldir hafi hækkað um tugi prósenta og verðbólgan ætt af stað vegna hruns gjaldmiðilsins.

Sérkennilegt er að stjórnmálamenn sem hafa engar lausnir fram að færa í peningamálum vilji nú loka þeirri leið fyrir Íslendingum að eiga kost á nýjum gjaldmiðli í gegnum ESB-aðild. Hvað ef evruríkin leysa vanda sinn og verða komin á lygnan sjó eftir eitt til tvö ár? Viljum við þá vera búin að skella dyrunum í lás?

Nær væri fyrir þá sem vilja losna við verðtrygginguna að efna til undirskriftasöfnunar og fara fram á að viðræður við ESB verði kláraðar, þannig að við eigum áfram kost á nýjum gjaldmiðli.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Dýr orð

Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur lýst þeirri eindröðu afstöðu að slíta eigi aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið tafarlaust. Morgunblaðið hefur skýrt ummælin svo að Sjálfstæðisflokkurinn hafi með þessu útilokað hvers kyns samstarf við aðra flokka sem ekki eru sama sinnis. Sé það rétt hafa ummælin afgerandi pólitísk áhrif.

Í fyrsta lagi þrengir þetta stöðu Sjálfstæðisflokksins til stjórnarmyndunar. Að því gefnu að Samfylkingin breyti ekki um afstöðu í Evrópumálum á Sjálfstæðisflokkurinn út frá málefnalegum sjónarmiðum aðeins raunhæfan möguleika á að mynda stjórn með VG. Endurtekning á tveggja flokka



ÞORSTEINN PÁLSSON

stjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er afar fjarlægur möguleiki við ríkjandi aðstæður.

Í öðru lagi opnar þetta þá lykilstöðu fyrir VG að ríkisstjórn verður ekki mynduð án þátttöku þess. Það styrkir málefnaleg tök VG í núverandi samstarfi og gæfi því viðspyrnu til að ná málefnalegum undirtökum í hugsanlegum samningum við Sjálfstæðisflokkinn eftir að hann hefur útilokað aðra möguleika.

Í þriðja lagi léttir þetta róðurinn fyrir Samfylkinguna fram að kosningum. Frjálslyndir kjósendur hennar eru afar óánægðir með samstarfið við VG og eigin flokk. Þeir hafa nú minni hvata en áður til að yfirgefa Samfylkinguna og kjósa Sjálfstæðisflokkinn þegar það getur ekki leitt til annars en framlengingar á stjórnarsetu VG.

Virðingarvert er og ærlegt að formaður Sjálfstæðisflokksins skuli með þessum hætti segja hug sinn allan. Hin hliðin á því máli er sú að Sjálfstæðisflokkurinn á minni möguleika en áður til að ná pólitískri samstöðu um önnur stefnumál sín. Að því leyti eru orðin dýr.

## Rökin

Einstaklingar standa ekki upp frá samningum án tilefnis eða gildra raka, hvað þá þjóðríki. Óumdeilt er að tilefni væri fyrir hendi ef Evrópusambandið hefði þegar á þessu stigi sett fram skilyrði sem útilokuðu frekari leit að lausnum á sérstöðu Íslands. Ekkert slíkt hefur hins vegar gerst.

Formaður Sjálfstæðisflokksins segir að forsendur hafi breyst fyrir því þá sök að nokkur ríki Evrópusambandsins hafa lent í skuldavanda rétt eins og Ísland. Eru það gild rök? Vissulega er það svo að skuldavandi nokkurra Evrópusambandsríkja getur leitt til breytinga, rétt eins og staða Íslands er ekki söm eftir hrun krónunnar í kjölfar misheppnaðrar peningastefnu. Við höfum til dæmis þurft að lúta ýmsum skilyrðum AGS í peninga- og ríkisfjármálum.

Ekki er unnt að útiloka að Evrópusambandið veikist. Hitt er líka mögulegt að það styrkist og myntbandalagið verði þegar upp er staðið öflugri bakhjarl viðskipta en áður. Er þessi óvissa efni til að slíta viðræðum? Standa ekki skynsamleg rök til að halda áfram og sjá hvernig mál skipast þegar fram vindur?

Vaxtahækkunin í vikunni er vísbending um að krónan sé fallvaltari en evran. Er skynsamlegt að útiloka evrópska myntbandalagið áður en ljóst er hvort endurreisn með krónu tekst eða einhver kemur fram með raunhæfar tillögur um aðra kosti sem geta tryggt atvinnulífinu eðlileg samkeppnisskilyrði og launafólki meira öryggi? Það hefur enginn gert. Hvers vegna að brjóta allar brýr að baki sér áður en þetta skýrist? Horfurnar eru ekki bjartar þar að lútandi, eða er það?

## Yfirvegaðri leið

Sundurlyndi stjórnarflokkanna hefur veikt og tafið viðræðuferlið. Þar hefur stjórnarandstaðan gild rök til gagnrýni. Aðstæður í Evrópu gætu líka leitt til tafa. Þó að í besta falli megi ljúka samningum á einu ári er fullkomlega eðlilegt og raunhæfara að reikna með tveimur árum. Þar til viðbótar tekur staðfestingarferlið að minnsta kosti ár. Síðan kemur aðlögunartími áður en unnt er að taka upp evruna.

Að þessu virtu hníga öll rök í þá veru að láta á það reyna hvort finna má lausnir í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum. Það tekur sinn tíma. Síðan verður smám saman ljósara hver staða myntbandalagsins verður til frambúðar. Það gefur svigrúm til að meta stöðuna og ráða þeim málum til lykta í viðræðunum án þess að byggja á getsökum einum. Þá fyrst er lokaafstaða tekin á Alþingi og í þjóðaratkvæði.

Aðildarviðræðurnar eru ekki hluti af valdaátökum líðandi stundar. Þær hafa heldur ekkert að gera með þá hagsmuni að verja pólitíska arfleifð liðins tíma. Þær snúast um framtíðarhagsmuni Íslands.

Að halda viðræðunum áfram heldur fleiri dyrum opnum um skipan peningamála og pólitíska stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Það gefur kjósendum kost á að velja frjálslyndari ríkisstjórn en kostur er á með VG. Það er því yfirvegaðri og skynsamlegri leið en viðræðuslit án tilefnis frá gagnaðilanum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Á Menningarnóttu mannlífið glæðist.
Þá marglitum skrautfjöðrum Reykjavík klæðist.
Borgina ýmis undur byggja
– einkum þegar fer að skyggja.
Okkar hlutverk er að tryggja.
Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is




28 ÁRA REYKJAVÍKURMARAÞON ÍSLANDSBANKA
20. ÁGÚST 2011

## Íslandsbanki óskar öllum hlaupurum góðs gengis

Íslandsbanki óskar hlaupurum góðs gengis og hvetur alla til að kynna sér vel upplýsingar um hlaupið á marathon.is. Við bendum hlaupurum á að vera tímanlega á ferðinni í Lækjargötuna. Umferð verður þétt og margar götur lokaðar.

**Við hvetjum alla til að láta gott af sér leiða og heita á þátttakendur á hlaupastyrkur.is.**

## Tímasetning hlaups í Lækjargötu

- 08.40 Maraþon, hálfmaraþon og boðhlaup
- 09.30 10 km hlaup
- 11.45 Upphitun fyrir skemmtiskokk
- 12.00 Skemmtiskokk 3 km
- 14.40 Tímatöku hætt

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-0733






## Latabæjarhlaup – dagskrá

***Íþróttaálfurinn og Solla stirða stjórna upphitun við rásmark í Sóleyjargötu.***

- 13.30 Blá leið – 1,5 kílómetrar, 6 til 8 ára
- 13.45 Gul leið – 700 metrar, 4 og 5 ára
- 14.00 Græn leið – 700 metrar, 3 ára og yngri

Í ár má vera með kerrur aftast í tveimur seinni ráshópunum.

***Að loknu hlaupi verður skemmtidagskrá á sviði í suðurenda Hljómskálagarðs.***

Íslandsbanki

*- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997*

# Kolbeinn Proppé og Landspítalinn

Heilbrigðismál

Guðlaugur Þór Þórðarson
Alþingismaður



Kolbeinn Óttarsson Proppé, núverandi blaðamaður og fyrrverandi varaborgarfulltrúi R-listans og oddviti VG í Suðurkjördæmi, skrifar um mig í Fréttablaðinu sl. fimmtudag. Ég kemst ekki hjá því að leiðrétta rangfærslur í grein hans.

Kolbeinn segir: „Í þriggja ára ráðherratíð Guðlaugs fór spítalinn 5,1 milljarð fram úr fjárlögum.“ Nú er skemmst frá því að segja að ég var ráðherra frá 24. maí 2007 til 1. febrúar 2009. Það gerir 20 mánuði. Hvernig hann kemst að þeirri niðurstöðu að hallinn hafi verið 5,1 milljarður er mér hulin ráðgata. Því síður skil ég af hverju hann er að skamma mig fyrir rekstur Landspítalans. Kolbeinn veit að ég tók á rekstri Landspítalans þegar ég var ráðherra. Þá hafði verið gríðarlegur halli á spítalanum í mörg ár. Ég greip til aðgerða og setti m.a. af stað nefnd sem þáverandi forstjóri kallaði tilsjónarnefnd. Í framhaldinu kom ég á faglegri stjórn á spítalanum og nýr forstjóri var ráðinn eftir auglýsingu, en það hafði ekki verið gert áður.

Árangurinn skilaði sér ekki eingöngu í betri rekstri heldur einnig í meiri afköstum á spítalanum. Styttri biðlistum, meiri þjónustu o.s.frv.

Á forsíðu Fréttablaðsins hinn 29. ágúst 2008 er frétt um bættan rekstur spítalans og þar kemur fram að hallinn eftir sex mánuði var 0,8% miðað við 5,5% á sama tíma árið á undan. Niðurstaðan var 0,6% halli á rekstri en vegna falls krónunnar var heildarhallinn meiri. Landspítalinn hefur þá sérstöðu á meðal ríkisstofnana að rekstur hans er að nokkrum hluta háður gengi krónunnar, aðallega vegna lyfjakaupa. Það hefur enginn mér vitanlega haldið því fram að stjórnendur spítalans eða ráðherra heilbrigðismála geti haft stjórn á gengi krónunnar.

> Það að taka á rekstrarvanda opinberra stofnana fyrir hrun var vanþakklátt og einmanalegt starf.

Það má nefna fleiri dæmi um það hvernig ég tók á rekstrarvanda stofnana og hvernig ég vann að sparnaði og bættri þjónustu. Ég fór óhræddur í þau verk og ég fagna því ef fjölmiðlar sýna því áhuga og skoða verk mín og árangur.

Það að taka á rekstrarvanda opinberra stofnana fyrir hrun var vanþakklátt og einmanalegt starf. Ég var gagnrýndur harðlega og þá sérstaklega af félögum Kolbeins í VG. Gagnrýnin var oft á tíðum persónuleg og rætin.

Það sem mér finnst verst við skrif Kolbeins er að hann veit betur. Ég gaf honum líka tækifæri til að leiðrétta rangfærslurnar en hann kaus að gera það ekki.

# Svar við athugasemd um mannréttindi

Mannréttindi

Júlíus Vífill Ingvarsson
Borgarfulltrúi



Tillögur mannréttindaráðs um samstarf skóla, trúfélaga og lífsskoðunarfélaga voru umfjöllunarefni í blaðagrein sem ég skrifaði og birtist í Fréttablaðinu 17. ágúst sl. Kjarni þeirrar greinar var að minna á að sveitarfélög hafa ótal tækifæri til að þróa íbúalýðræði og virkja betur áhuga fólks á að taka þátt í að móta stefnu sveitarstjórna og koma með beinum hætti að ákvörðunum. Tillögur mannréttindaráðs eru dæmi um hið gagnstæða þar sem þær hafa verið unnar án samráðs við þann breiða hóp fólks sem boðið hefur fram krafta sína til að vinna að sátt í þessu viðkvæma máli. Borgarráð hefur nú málið til umfjöllunar.

Grein minni svaraði Svanur Sigurbjörnsson. Mér þykir miður að hann skautar fram hjá aðalatriði greinarinnar og snýr út úr orðum mínum. Það gerir hann með þeim hætti að ég mun ekki hirða um að leiðrétta slíkt.

Einu atriði ætla ég þó að svara. Svanur telur reglurnar „ákaflega vandaðar“ og vitnar í orð mín um að tillögur mannréttindaráðs hafi verið settar fram án faglegs undirbúnings. Fyrr á þessu ári fékk borgarráð borgarlögmanni það verkefni að fjalla um vinnubrögð mannréttindaráðs en borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks lögðu til að borgarlögmaður fjallaði um málið og svaraði nokkrum spurningum varðandi það. Svarið barst í vikunni. Innihald þess ætti að taka af allan vafa um það hvernig staðið var að verki.

Í svari borgarlögmanns kemur fram að mannréttindaráð gegni stefnumarkandi hlutverki á sviði mannréttinda og hafi eftirlit með framkvæmd mannréttindastefnunnar. Í svari hans stendur m.a. : „Hins vegar verði ekki talið að innan þess eftirlitshlutverks falli almennt að mannréttindaráð setji einstökum sviðum og stofnunum Reykjavíkurborgar bindandi reglur um framkvæmd einstakra verkefna eða gera tillögur til borgarráðs þar um. Með því móti væri almennt gengið gegn því frumkvæðishlutverki sem fagráð borgarinnar hafa samkvæmt samþykktum borgarinnar“. Borgarlögmaður bendir á að hlutverk mannréttindaráðs sé að vekja athygli á því ef það telur að fyrirkomulag og skipulag kennslu og skólastarfs sé ekki í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar. Hann segir síðan í svari sínu: „Heildstæð reglusetning um fyrirkomulag kennslu og samskipti skóla, trúfélaga og lífsskoðunarhópa féll hins vegar utan umboðs mannréttindaráðs. Breytir þar engu þótt mannréttindaráð hafi sent drög að slíkum reglum til umsagnar menntaráðs og íþróttaráðs“. Mannréttindaráð fór sem sagt út fyrir valdsvið sitt. Með tilliti til þessara niðurstaðna borgarlögmanns er erfitt að sjá hvernig borgarráð getur afgreitt umræddar tillögur enda lögfræðilegt mat borgarlögmanns að þær fara í bága við samþykktir Reykjavíkurborgar.

> Umfram allt má slík vinna ekki mótast af andúð og fordómum í garð trúfélaga, hver sem þau eru.

Ég hef hvatt til að fjallað sé um samskipti skóla og trúar og lífsskoðunarhópa. Það var gert í formannstíð minni í menntaráði. Slík vinna getur leitt til þess að settar verði reglur um þau samskipti en reglur verða að taka mið af því hversu fjölbreytilegir skólar borgarinnar eru og samsetning nemenda ólík. Umfram allt má slík vinna ekki mótast af andúð og fordómum í garð trúfélaga, hver sem þau eru. Hún þarf að mótast af umburðarlyndi og virðingu. Svani ætti auðvitað að vera velkomið að taka þátt í þeirri vinnu.

Reynslutímanum lokið!





Síðan Harpa opnaði í maí hafa allir lagst á eitt við að prófa, æfa, laga, pússa, skúra, skrúbba, skipuleggja og gera allt fínt.

Í dag verður húsið okkar vígt og við hlökkum til framhaldsins.

Til hamingju Ísland

Munnharpan, á fyrstu hæð Hörpu.

STEFNA HUGBÚNAÐARHÚS · BAKO ÍSBERG · Globus · Ekran

munnharpan brasserie




**Hver er uppáhaldsborgin þín?**
Komdu á www.icelandair.is/uppahaldsborg og segðu okkur hver er uppáhaldsborgin þín og hvers vegna. Þú gætir verið á leiðinni til hennar í boði Icelandair.

ICELANDAIR

Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallar skattar. Þessi ferð gefur frá 2.400 til 7.200 Vildarpunkta aðra leiðina.

# Ný aðalnámskrá grunnskóla

Menntamál

Ketill B. Magnússon
formaður Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra



Guðrún Jónsdóttir
verkefnisstjóri Heimilis og skóla



Ný aðalnámskrá fyrir grunnskóla tekur gildi nú í haust á tímum niðurskurðar í skólamálum. Hún gefur skólum meira svigrúm um skipulag námsins en áður var. Kveðið er skýrt á um kennsluskyldu og hlutfall ólíkra greina á hverju aldursstigi innan skólakerfisins. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá og beri hana saman við stundaskrá og skólanámskrá í skóla barnsins. Komist foreldrar að því að kröfur sem gerðar eru er þá að meðaltal verk- og listgreina sé um 17,9% yfir þetta fjögurra ára tímabil. Listavika eða aðrir skipulagðir dagar inni í skólaárinu geta jafnframt komið í staðinn fyrir jafna og hefðbundna stundaskrá yfir allt árið. Næstu tvö tímabil grunnskólans eru 5.-7. og 8.-10. bekkur og reiknast meðaltalið þá yfir þrjú ár.

Ef skólastjórnendur vilja breyta skólanámskrá er það á ábyrgð skólans að kynna breytingarnar vel fyrir foreldrum. Skólaráðsfulltrúar foreldra ættu að hafa tækifæri til að kynna breytingarnar fyrir foreldrahópnum áður en tekin er ákvörðun um að framfylgja henni. Þess konar samráð er hornsteinn lýðræðis í skólastarfinu og kemur skýrt fram í menntalögunum. Skólaráð er samráðsvettvangur skólasamfélagsins og þar eiga foreldrar tvo fulltrúa sem bera ábyrgð á að vera vel tengdir foreldrum við skólann, til dæmis í gegnum foreldrafélagið.

Ef foreldrar komast að því við samanburð á viðmiðunarstundaskrá séu ekki uppfylltar þurfa þeir að fara fram á úrbætur.

> Náist ekki viðunandi niðurstaða innan sveitarfélagsins er næsta skref að hafa samband við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem mun fara fram á umbætur.

í viðmiðunarstundaskrá séu ekki uppfylltar þurfa þeir að fara fram á úrbætur.

Fyrst er mikilvægt að skoða skólanámskrá skólans vel og athuga hvort þar sé gert ráð fyrir hagræðingu yfir hvert tímabil fyrir sig. Til að mynda eru kröfur um að hlutfall list- og verkgreinakennslu í 1.-4. bekk sé 17,9% að meðaltali. Kennslufyrirkomulagið getur verið breytilegt og getur hver skóli hagrætt þessu milli þeirra fjögurra ára sem um ræðir. Þannig getur kennsla í smíði til dæmis farið fram á einu vikulöngu námskeiði í staðinn fyrir að kennt sé jafnt og þétt yfir skólaárið. Þá væri ef til vill tímabil á næstu þremur árum á eftir þar sem bætt væri upp fyrir þetta minna hlutfall fyrsta árið. Aðalatriðið stundaskrá og skólanámskrá að brotið er á lögbundnum rétti barna við skólann þarf að reka málið áfram rétta leið. Fyrst er reynt að tala við stjórn skólans og ef það ber ekki árangur þarf að leita til skólanefndar og þaðan upp kerfið innan sveitarfélagsins þar sem sveitar-/bæjarstjóri er yfirmaður skólastjóra. Náist ekki viðunandi niðurstaða innan sveitarfélagsins er næsta skref að hafa samband við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem mun fara fram á umbætur.

Það er ljóst að það er ekki óskastaða fyrir neinn að skera niður menntun barnanna okkar. Það er hins vegar staðreynd og því þurfa foreldrar að standa vörð um réttindi barna sinna eins og núgildandi menntalög gefa þeim svigrúm til.

## Hópþjálfun Gigtarfélgas Íslands byrjar 5. september

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

Skáning hefst mánudaginn 22. ágúst

Sjúkraþjálfarar og hjúkrunarfræðingur sjá um þjálfun. Fagfólk með áralanga reynslu. Þægilegt og rólegt umhverfi

**Stott–Pilates:** Góð aðferð til að styrkja og auka stöðugleika liða og bæta líkamsstöðu. Vinsælir tímar. Byrjenda-og framhaldshópar, einnig einstaklingstímar.

**Jóga:** Aðlagað einstaklingum með gigt og þeim sem þurfa að fara varlega í þjálfu. Áhersla lögð á öndun og slökun

**Alhliða leikfimi:** Tímar sem henta vel fyrir þá sem eru að hefja þjálfun eða þurfa góða leiðsögn. Frábærir tímar fyrir gigtarfólk sem og aðra einstaklinga með stoðkerfisverki

**Leikfimi fyrir karlmenn:** Hressileg liðkandi og styrkjandi þjálfun. Hentar jafnt byrjendum sem lengra komnum

**Vatnsleikfimi:** Góð alhliða þjálfun í vatni. Þyngdarleysi í vatninu gerir það að verkum að auðveldara er að gera æfingar þar heldur en á þurru landi.

Nánari upplýsingar undir hópþjálfun á heimasíðunni www.gigt.is
Upplýsingar og skráning á skrifstofu G.Í.
Ármúla 5, sími 5303600

# Áttu heima heima hjá þér að mati skattyfirvalda?

Vaxtabætur

Teitur Björn Einarsson
lögmaður



Þeir skattgreiðendur sem greitt hafa vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, hafa vafalaust í einhverjum mæli fengið endurgreiðslu frá ríkisvaldinu í formi vaxtabóta. Vaxtabætur til einstaklinga eru misháar, enda taka þær mið af efnahag og fjölskyldustöðu hvers framteljanda fyrir sig. Í ljósi þess hefur einhver hluti íbúðareigenda með tekjur yfir viðmiðunarmörkum réttilega ekki fengið vaxtabætur.

Þeir skattgreiðendur sem greitt hafa vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, hafa vafalaust í einhverjum mæli fengið endurgreiðslu frá ríkisvaldinu í formi vaxtabóta. Vaxtabætur til einstaklinga eru misháar, enda taka þær mið af efnahag og fjölskyldustöðu hvers framteljanda fyrir sig. Í ljósi þess hefur einhver hluti íbúðareigenda með tekjur yfir viðmiðunarmörkum réttilega ekki fengið vaxtabætur.

Eitt af skilyrðum þess að fá greiddar vaxtabætur er að vaxtagjöldin af lánunum séu vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Það skilyrði virðist einfalt, og er svo í flestum tilvikum, en getur stundum verið matskennt og óljóst. Í reglugerð um greiðslu vaxtabóta, nr. 990/2001, eru eigin not íbúðar skilgreind sem svo að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum. Svo segir að sérstakar tímabundnar aðstæður, sem valdi því að eigandi íbúðarhúsnæðis geti ekki sjálfur nýtt það til íbúðar, leiði þó ekki til þess að hann missi rétt til vaxtabóta, ef líklegt sé að hann muni innan ákveðins tíma taka húsnæðið aftur til eign nota.

Þetta krefst frekari skýringar. Einfalt dæmi væri að eigandi íbúðar, sem ákveður að leigja hana út og leigja sjálfur aðra íbúð, ætti ekki rétt á vaxtabótum vegna afborgana lána af íbúðinni þar sem hún er þá ekki nýtt til eigin nota. En eigandi íbúðar sem sökum náms, veikinda eða atvinnuþarfa þarf að búa annars staðar um nokkurt skeið á rétt á vaxtabótum ef um er að ræða tímabundnar aðstæður og líklegt er að hann taki húsnæðið sitt aftur til eigin nota innan ákveðins tíma. Þannig á eigandi íbúðar í Búðardal sem stundar nám á Akureyri rétt á vaxtabótum meðan á náminu stendur ef honum tekst að sannfæra skattyfirvöld um að líklegt sé að hann komi heim að námi loknu.

> Við svo búið er full ástæða fyrir skattgreiðendur að aðgæta álagningarseðlana og ganga úr skugga um að réttri skattfjárhæð hafi verið goldið til ríkisins.

Ef maður á tvær íbúðir er meginreglan sú að vaxtabætur eru einungis greiddar út með annarri íbúðinni, þeirri sem telst vera nýtt til eigin nota. Í úrskurði yfirskattanefndar, nr. 8/2010, kom fram að hjón sem sögðust halda tvö heimili, annað á landsbyggðinni og hitt í Reykjavík vegna náms og atvinnuþarfa, ættu ekki rétt á vaxtabótum vegna húsnæðisins í Reykjavík þar sem það gæti ekki talist vera eigin not íbúðar. Svipað var uppi á teningnum í öðrum nýlegum úrskurði yfirskattanefndar, nr. 304/2010. Þar kom fram að skráning lögheimilis hefði verulega þýðingu þegar meta þyrfti hvar eigandi tveggja íbúða teldist hafa aðaldvalarstað eða fasta búsetu. Í tilvikum sem þessum þurfa skattgreiðendur að athuga hvort undanþágureglan frá vaxtabótum af einungis einni íbúð eigi við.

Árið 2009 var 5. gr. reglugerðar um greiðslu vaxtabóta breytt á þann veg að maður getur átt rétt á vaxtabótum vegna húsnæðis í byggingu eða kaupa á eldra húsnæði sem þarfnast endurbóta í beinu framhaldi af kaupunum þrátt fyrir að eiga aðra íbúð til eigin nota. Þá segir að maður geti átt rétt á vaxtabótum vegna tímabundins eignarhalds á tveimur íbúðum þar sem sala annarrar þeirra reynist ómögleg vegna óvenjulegra aðstæðna á fasteignamarkaði. Þessi undanþáguheimild mun gilda í allt að þrjú ár og heimilt er að leigja út aðra íbúðina án þess að réttur til vaxtabóta skerðist.

Matskenndar reglur vaxtabóta í tekjuskattslögum valda því að einhverjir skattgreiðendur eru í vafa um hvort skattyfirvöld hafi lagt á réttan skatt með hliðsjón af rétti til vaxtabóta. Við svo búið er full ástæða fyrir skattgreiðendur að aðgæta álagningarseðlana og ganga úr skugga um að réttri skattfjárhæð hafi verið goldið til ríkisins. Kærufrestur rennur út 24. ágúst næstkomandi.

# Skriplað á skötu

Vatnsvernd

Guðmundur Páll Ólafsson
náttúrufræðingur og rithöfundur



Alveg er deginum ljósara að iðnaðarráðherra hefur klúðrað framgangi vandaðrar lagasetningar um vatn sem þó er til í frumvarpsformi (Vatnalaganefndar) falin í skúffu ráðherra. Mikið er í húfi því eðli málsins samkvæmt varða vatnalög hvert einasta mannsbarn á Íslandi um ókomin ár og fátt getur fremur ógnað fullveldi þjóðar en vond vatnalög.

Mörður er fimur karpari og í Eyjupistli sínum skautar hann ákaft til að dreifa athygli frá klúðri Katrínar. Ég met málefnalega orðræðu og einlægan vilja Marðar í umhverfismálum ólíkt meira. Hann er einn af fáum náttúruverndurum á Alþingi Íslendinga og jafnvel innan þingmanna eigin flokks.

Klúður Katrínar er það að hafa hætt við ákaflega efnilegt frumvarp sem Vatnalaganefnd vann að í nokkur ár og hefur að geyma flest ef ekki öll verndarákvæði um vatn sem nauðsynlegt er að hafa í lögum. Þar var líka hugað að almannarétti og almannahag. Gallinn við frumvarpssmíð Vatnalaganefndarinnar var möguleikinn á að framselja vatnsrétt, sem er álíka og að framselja fiskveiðikvóta nema margfalt hættulegra. Frumvarp nefndarinnar var samið af fólki úr mörgum áttum samfélagsins, fagfólki á ýmsum sviðum – og lofaði góðu. En augljóst má vera að orkugeirinn, og þá sérstaklega Orkustofnun sem nú valsar um orkulindir og náttúruperlur og gefur úr rannsóknaleyfi á færibandi með fullum stuðningi iðnaðarráðherra, hefur óttast ákvæði um náttúruvernd og almannarétt. Þessi óábyrga framganga forstjóra Orkustofnunar og iðnaðarráðherra er ríkisstjórn sem heitið hefur að efla náttúruvernd til vansa.

Mér leiðist karp en Mörður fer með rangt mál þegar hann segir að ég finni vatnsfrumvarpi iðnaðarráðherra fyrst og fremst til foráttu að þar sé fátt um vatnsvernd.

> Augljóst er að ekki hefur tekist pólitísk sátt um vatnalagafrumvarpið.

Ojæja – lesendur geta kannski dæmt sjálfir að fleira er áhyggjuefni.

En hafi einhver skriplað á skötunni þá er það formaður umhverfisnefndar Alþingis þegar hann vill leiðrétta misskilning minn með því að segja að í vor hafi Alþingi samþykkt sérstök vatnsverndarlög og því séu áhyggjur mínar af frumvarpinu ástæðulausar. En formanninum til upplýsingar þá eru Lög um stjórn vatnsmála (36/2011) EKKI vatnsverndarlög. Í þeim eru engar efnisreglur um vatnsvernd. Þau eru einskonar leikreglur um söfnun upplýsinga og áætlanir um vernd vatns. Afar mikilvægt er að formaður umhverfisnefndar Alþingis átti sig á því að vatnastjórn (aðferðafræðin) er ekki sú sama og vatnsvernd (aðhaldið) – a.m.k. áður en hann skrifar aðra grein.

Merði láðist einnig að upplýsa almenning um að vatnastjórnunaráætlunin (aðferðafræðin) mun ekki verða tilbúin fyrr en eftir nokkur ár en í síðasta lagi 1. janúar 2018 eins og stendur aftast í lögunum. Umhverfisstofnun hefur að vísu áform um að ljúka verkinu árið 2015 þannig að áfram verða rúmar heimildir fyrir óábyrga meðferð vatnsmála – einmitt það sem Orkustofnun vill hafa.

Mörður fullyrðir að vatnalagafrumvarp lögfræðinganna sé hið ágætasta þrátt fyrir að þar vanti öll ákvæði um verndun vatns og gefur í skyn að þeir sem hafi gefið umsagnir hafi verið jákvæðir og lagt ýmislegt gott til. Fyrir framan mig er heill bunki umsagna um frumvarpið sem allar eru á einn veg og óhætt að gefa því falleinkunn samkvæmt þeim. Eflaust hefur frumvarpið skánað í meðferð iðnaðarnefndar Alþingis, skárra væri það nú, en ef vanda hefði átt til verka hefði Mörður átt að seilast ofan í djúpu skúffu iðnaðarráðherra og bursta nýfallið ryk af vandaðri vinnu Vatnalaganefndar. Í markmiðslýsingunni stendur:

„Markmið laga þessara er að kveða á um verndun og nýtingu vatns, rétt almennings til vatns og vatnsréttindi landeigenda. Lögunum er ætlað að stuðla að verndun vatnsgæða, lífríkis vatns og votlendis, tryggja greiðan aðgang landsmanna að nægu og hreinu vatni og stuðla að skynsamlegri nýtingu vatnsauðlindarinnar á grundvelli sjálfbærrar þróunar.“

Augljóst er að ekki hefur tekist pólitísk sátt um vatnalagafrumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi. Sorglega staðreyndin er samt sú að iðnaðarráðherra kaus að styðja yfirgang Orkustofnunar og iðnaðar á kostnað náttúru Íslands og almannaheilla og því siglum við áfram sofandi að ósi og smíðum lög sem vernda ekki viðkvæmustu og mestu auðæfi landsins.

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu bjóða

# FRÍTT Í STRÆTÓ Á MENNINGARNÓTT



## Maður tekur strætó laugardaginn 20. ágúst

**Allir vagnar sem vanalega aka frá Lækjartorgi aka frá Ráðhúsinu við Vonarstræti eftir kl. 16.00. Ekið er frá Hlemmi allan daginn og fram eftir kvöldi.**

### Fleiri strætóferðir og aukin þjónusta á Menningarnótt

Akstur hefst eins og venjulega á laugardögum kl. 9:00 og munu allar miðbæjarleiðir aka samkvæmt tímatöflu á virkum degi.

Um kvöldið aka vagnarnir áfram á hálftíma fresti til u.þ.b. kl. 1 eftir miðnætti.

### Lokaðar götur og breyttar akstursleiðir

Vegna maraþonhlaups verður Sæbraut lokuð milli Lækjargötu og Dalbrautar en auk þess verða Geirsgata, Mýrargata, Hverfisgata og Lækjargata lokaðar allan daginn. Umferð um aðrar götur í og kringum miðbæinn breytist einnig vegna viðburða dagsins.

**Nánari upplýsingar um breytingar á ferðum vegna Menningarnætur færðu á strætó.is**

strætó.is

ÍSLENSKA SIA.IS STR 55973 08.2011

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**www.rumfatalagerinn.is**

**TILBOÐIN GILDA 20.08-21.08**

# ÚTSALA



VERÐ FRÁ ÁÐUR: 895
**537**

**40%** AFSLÁTTUR

**EVA kappar**
Fallegir kappar á frábæru verði!
Stærð: 40 sm. Verð áður: **895** nú: **537**
Stærð: 55 sm. Verð áður: **995** nú: **597**

---

**Strigaskór**
Léttir og þægilegir barnastrigaskór á frábæru verði! Þrír mismunandi litir fáanlegir. Nokkrar mismunandi stærðir fáanlegar.



VERÐ ÁÐUR: 2.695
**1.500**

**44%** AFSLÁTTUR

---

**Blúndusokkar**
Sætir sokkar á litlar dömur. Stærðir: 16-30. 1 par í pakka.



VERÐ ÁÐUR: 399
**99**

**75%** AFSLÁTTUR

**50%** AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR: 995
**497**

**COOL MAX veiðisokkar**
Sérstaklega styrktir sokkar fyrir veiðitúrinn. Stærðir: 37-47. Fást í grænu og svörtu.

---



10 PÖR

VERÐ ÁÐUR: 1.695
**995**

**41%** AFSLÁTTUR

**Tennissokkar 10 pör**
10 pör í pakka á frábæru tilboði! Fást í hvítu, gráu og svörtu. Stærðir: 27-45.



**33%** AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 5.995
**3.995**

FULLT VERÐ: 5.995
**3.995**

**33%** AFSLÁTTUR

**THOMPSON og DAWSON stólar**
Flottir stólar með hvítu eða svörtu PVC áklæði. Krómaðir fætur.



FULLT VERÐ: 19.950
**12.950**

**35%** AFSLÁTTUR

**NYKOBING baðinnrétting**
Flott og stílhrein baðinnrétting á frábæru verði! Spegill fylgir innréttingunni. Ath. verð án blöndunartækja.



**SPARIÐ 10.000**

FULLT VERÐ: 39.950
**29.950**

**COLORADO hægindastóll**
Flottur hægindastóll með innbyggðum fótskemli. Litur: Svartur. Áklæði: Leður á slitflötum.

# - ÚTSALA

ALLAR RÚMGRINDUR 40% AFSLÁTTUR



45% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 12.950

6.995

**GAMMA stóll**
Glæsilegur eikarstóll á frábæru verði!



FULLT VERÐ: 109.950

59.950

SPARIÐ 50.000

**NAPOLI 3ja sæta sófi**
Þægilegur og fallegur sófi með leðri á slitflötum. Stærð: B190 x H91 x D87 sm.

**SERTA BLU ANGEL amerísk dýna**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Stærð: 153 x 203 sm. Í efra lagi er áföst þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru 504 gormar.




FULLT VERÐ: 149.950

109.950

153 X 203 SM.

SPARIÐ 40.000



50% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.995

995

**Hjólabretti**
Lítið hjólabretti. Stærð: B13 x L43 sm.

**Stórt bollakökumót**
Sniðugt, stórt bollakökumót úr sílikoni. Nú verður leikur einn að baka fyrir afmælið, brúðkaupið, jólaboðið eða fermingarveisluna. Þrír hlutir saman í pakka ásamt leiðbeiningum á ensku.



33% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.495

995




FULLT VERÐ: 299

200

33% AFSLÁTTUR

**Skiptiblöð og klemmumöppur**
Á frábæru verði! Komdu og skoðaðu úrvalið hjá okkur!



FULLT VERÐ: 3.995

2.995

SPARIÐ 1.000

**Lampi með stækkunargleri**
Frábært hjálpartæki! Flott fyrir þá sem stunda fluguhnýtingar, útsaum eða fyrir safnarana. Nýtist einnig vel fyrir eldri lesendur sem þurfa góða birtu og stækkunargler við lestur.



70% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.695

500

**FUN veggklukkur**
Flottar klukkur á frábæru verði! Stærð Ø 30 sm. Nokkrir mismunandi litir fáanlegir.

FULLT VERÐ: 2.495

1.995

20% AFSLÁTTUR



**TOP ROLLER plastkassi**
Stór og rúmgóður plastkassi á hjólum og með smelltu loki. Langt og gott handfang. Stærð: 59,3 x 39,3 x 34,2 sm.

# Frægð og frami

Menning



Hannes Pétursson
rithöfundur

Nú eru framundan miklir dagar til handa íslenzkum útgefendum og rithöfundum: bókakaupstefnan stóra í Frankfurt am Main. Þar skipar Ísland heiðurssess þetta árið. Þann heiðurssess eigum við sér í lagi að þakka íslenzkum fornbókmenntum eins og fleira gott fyrr og síðar. Þær ásamt helztu skáldsögum Halldórs Laxness eru einu heimsbókmenntirnar í fyllsta skilningi sem við getum státað af og því er fagnaðarefni að nú skuli koma út nýjar þýðingar þessara gersema á þýzku.

Óskandi er að vel hafi til tekizt. Í því sambandi get ég ekki stillt mig um að rifja upp lítilræði:

Síðla hausts 1952 fór ég námsmaður til Kölnar við Rín, nýbakaður stúdent. Ég sté þar út úr næturlest frá Hamborg árla morguns. Þegar ég kom út á torgið framan við járnbrautarstöðina varð mér litið í glugga bókabúðar stutt frá aðalútgöngunni og hvað rek ég augun í annað en Íslandsklukkuna! Þýzkri þýðingu sögunnar hafði verið stillt upp í sýningarglugga þannig að hún var auðsæilega ný af nálinni. Ég var einn á ferð, kominn til stórborgar sem hafði að mestu hrunið til grunna í styrjöldinni og þessi sjón, Íslandsklukkan á fínum stað í glugganum, yljaði mér samstundis um hjartarætur. Samt sem áður kynnti ég mér aldrei þýðinguna, en glöggur maður tjáði mér veturinn eftir að hún væri víst síður en svo gallalaus, til dæmis hefði þýðandinn ekki skilið orðið Ólafsvíkingar (á Snæfellsnesi) og snúið því þannig að Ólsararnir urðu að víkingum Ólafs helga Noregskonungs. Slíkt og þvílíkt hendir á beztu bæjum í þýðingabransanum og skyldi enginn gera sig digran.

Ekki mun skekkjan sú, né ef til vill aðrar sem ég kann ekki skil á, hafa truflað Nóbelshöfundinn Hermann Hesse. Hann las Íslandsklukkuna í þessari þýðingu og birti lofsamlegan dóm um söguna í blaði eða tímariti, man ekki hvort heldur var, rakst á grein hans fyrir tilviljun. Hesse var lengi einhver virtasti umsagnarmaður í bókmenntaheiminum þýzka.

Nú heyrist í fréttum að þýdd hafi verið á þýzku gomma af íslenzkum bókmenntum í tilefni kaupstefnunnar í Frankfurt. Þar má búast við ýmiss konar „Ólafsvíkingum”, en ekki er til neins að gera sér rellu út af því. Þetta fer allt saman vel að lokum.

Mig rámar í að Knut Hamsun héldi því fram að norrænir höfundar mættu einungis þakka það þýzka bókamarkaðinum hafi þeir náð alþjóðlegri frægð. Sennilega er talsvert til í þessu. Þýzki bókamarkaðurinn, þar sem prentlistin hófst, hefur löngum verið öflugur og þó aldrei sem nú. Ég las fyrir skemmstu í „Frankfurter Allgemeine Zeitung“ að síðastliðinn áratug hefði viðskiptaveltan hjá þýzkum útgefendum og bóksölum numið 9-10 milljörðum evra ár hvert og skarað fram úr veltunni á öðrum sviðum menningar og mennta, svo sem kvikmynda, tónlistar og leikjaframleiðslu. Næstliðið ár var sérstaklega hagstætt bókamarkaðinum í Þýzkalandi, þá voru bækur og fagtímarit seld þar fyrir samtals 9,7 milljarða evra og nýir titlar fleiri en áður, urðu 84.351 stóð í blaðinu.

Inn á þennan risamarkað göngum við Íslendingar nú í halarófu, tökum ofan lambhúshetturnar og segjum „guten Tag“. En ég er þess fullviss þrátt fyrir allt og allt að Halldór Guðmundsson, ritstjóri íslenzkra bókmennta í heild að fornu og nýju, muni vel fyrir sjá. Og vitaskuld gerir maður sér vonir um að skoðun Hamsuns, sú sem vísað var til, sanni gildi sitt og einhverjir höfundar ríði feitum hesti frá kaupstefnunni.

Það hlýtur að teljast sjálfsagður hlutur að forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, sá kunni Evrópusinni og ágæti náttúruvísindamaður, einkum á sviði jöklafræði, eldfjallafræði og loftslagsfræði, mæli nokkur orð þarna í Frankfurt, í fæðingarborg Goethes og höfuðstöðvum evrunnar. Glamuryrði forsetans um okkur Íslendinga eru jafnan vel þegin bæði hér heima og utanlands. Þau laga sig að vísu hverju sinni eftir aðstæðum, jafnt fyrirhrunsglamrið sem eftirhrunsglamrið, enda er forseti lýðveldisins búinn einum af mörgum merkilegum kostum Óðins. Í Ynglingasögu segir Snorri um Óðin „að hann kunni þær íþróttir, að hann skipti litum og líkjum á hverja lund, er hann vildi“.

Það ætti einkar vel við að forseti lýðveldisins talaði í Frankfurt um heimsbókmenntirnar. Í fyrsta lagi vegna þess að á umliðnum árum hefur hann sérhæft sig í að setja alla atburði og öll atvik, sama hversu smá þau voru, í heimssögulegt ljós; í annan stað fyrir þá sök að Goethe, nafnkenndasti sonur Frankfurtborgar, bjó til hugtakið heimsbókmenntir („Weltliteratur”). Ég segi fyrir mína parta að ég treysti engum manni betur en forseta lýðveldisins til að gera sér mat úr hugtaki Goethes, okkur öllum til frægðar og frama.

> Ég segi fyrir mína parta að é treysti engum manni betur en forseta lýðveldisins til að gera sér mat úr hugtaki Goethes, okkur öllum til frægðar og frama.

# Hæpinn gjaldeyrisávinningur

Landbúnaður



Þórólfur Matthíasson
prófessor í hagfræði

Í grein hér í blaðinu 3ja ágúst síðastliðinn gerði ég tilraun til að meta gjaldeyriskostnað tengdan útflutningi lambakjöts að verðmæti 2,75 milljarða króna á árinu 2010. Í samhljóma aðsendum greinum í Fréttablaðinu og Bændablaðinu gerir forstöðumaður félagssviðs Bændasamtaka Íslands tilraun til að bæta ágiskanir mínar í þessum efnum.

Forstöðumaður félagssviðs Bændasamtaka Íslands hefur aðgang að betri og fyllri upplýsingum um framleiðslukostnað lambakjöts en ég hef sem aðeins hef prentuð gögn frá Bændasamtökunum að styðjast við. Það ætti því að vera hægur vandi að laga og bæta grófa útreikninga mína. Það gerir forstöðumaðurinn ekki. Forstöðumaðurinn gefur sér að kindakjöt sé flutt út í grisjupokum í heilum skrokkum og kílóverð útflutnings þannig sambærilegt við kílóverð til bænda. Þetta er ekki rétt. Það eru betri bitar sem eru fluttir út. Þess vegna er kílóverð sem Hagstofan gefur upp í útflutningsskýrslum hærra en kílóverð þegar bændur selja í heilum skrokkum til afurðastöðva.

Tilkostnaður við að framleiða kindakjöt sem gefur af sér 2,75 milljarða króna í útflutningstekjur er umtalsverður. Sé stuðst við tölur úr búreikningum Bændasamtakanna er kostnaður vegna aðfanga (olía, áburður, rúlluplast, þjónusta dýralækna o.s.frv.) um 2,7 milljarðar króna. Reiknuð laun bónda, vaxtagjöld og afskriftir tækja og bygginga nemur samkvæmt sömu heimild um 2,6 milljörðum króna. Beingreiðslur eru á bilinu 0,4 til 1,1 milljarður króna. Þessi útflutningsstarfsemi er rekin með 1,5 til 2ja milljarða tapi þrátt fyrir stuðning skattgreiðenda. Tapið er fjármagnað af afskriftasjóði bænda og af fjármálastofnunum. Ekki er í þessum útreikningum tekið tillit til kostnaðar vegna grasnytja utan heimalanda. Kostnaður vegna uppgræðslu og landabóta á afréttum lendir að mestu leyti á skattgreiðendum og er umtalsverður.

Í grein minni giskaði ég á að ríflega 40% aðfanga væri erlendur að uppruna. Sumir kollegar mínir hafa gagnrýnt þá ágiskun og telja að um vanmat sé að ræða. En 40% af 2,7 milljörðum er 1,1 milljarður. Forstöðumaður félagssviðs BÍ reiknar erlendan tilkostnað með hliðsjón af söluverðmæti afurðanna. Söluverðmætið er um helmingur framleiðslukostnaðarins. Það ætti að vera vel þekkt á 3ju hæðinni á Hótel Sögu. Benda má forstöðumanninum á grein eftir Jónas Bjarnason hjá Hagþjónustu landbúnaðarins frá 2008 sem ber heitið: „Stuðningur við sauðfjárrækt nam 61% af verðmætasköpun í greininni 2006“, sjá http://www.hag.is/pdf/annad_utgefid/Studn_vid_saudfjarr2006.pdf. Aðferðafræði forstöðumannsins felur því í sér um helmings vanmat á erlendum tilkostnaði við framleiðslu útflutts kindakjöts.

> Söluverðmætið er um helmingur framleiðslukostnaðarins. Það ætti að vera vel þekkt á 3ju hæðinni á Hótel Sögu.

# Áfram leikskólakennarar!

Kjaramál



Guðný Hrund Rúnarsdóttir
þroskaþjálfanemi

Börn eru blessun heimsins. Allt sem lýtur að velferð þeirra og lífshamingju hlýtur að koma okkur við.“ (Vigdís Finnbogadóttir). Börnin okkar eru það dýrmætasta sem við eigum og við viljum aðeins það besta fyrir þau. Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn innan leikskólanna vinna mikið ábyrgðarstarf, það vitum við öll sem eigum börn. Leikskólar eru ekki geymslukassar fyrir börnin okkar þar sem markmiðið er að „geyma“ börnin meðan við foreldrar sinnum vinnu okkar. Leikskólar eru ákveðið samfélag þar sem litlir einstaklingar ráða ríkjum en leikskólakennarar hafa ákveðna sérþekkingu á því hvernig byggja megi upp leikskólasamfélag þar sem þarfir barnanna eru hafðar í fyrirrúmi. Á leikskólum er unnið út frá hugmyndafræðilegum bakgrunni sem hver leikskóli vinnur út frá en börnin okkar fá að þroskast og dafna út frá leiknum.

Störf leikskólakennara eru mikilvæg, mjög mikilvæg. Við leggjum traust okkar á starfsmenn leikskólanna, við treystum þeim fyrir sólargeislunum í lífi okkar. Við vitum að það er unnið metnaðarfullt starf á leikskólunum en leikskólakennarar hafa menntað sig til þess að byggja upp kærleiksríkt leikskólasamfélag þar sem börnin okkar fá að þroskast og dafna í. Verðmætin sem leikskólakennarar hafa í höndunum eru börnin okkar og því er þetta starf afskaplega dýrmætt. Verðmiðinn á starfinu er því miður ekki í samræmi við þá menntun sem starfið krefst og þá ábyrgð sem lögð er á herðar leikskólakennara og annarra starfsmanna innan leikskólanna. Ef starf snýst um peninga hækkar verðmiðinn á starfinu en ef ég hef barn í höndunum lækkar verðmiðinn.

Laun leikskólakennara eru til skammar, það er alveg ljóst. Þeir eiga langt í land með að fá þau laun sem samræmast menntun þeirra og ábyrgð. Núna eru þeir að berjast fyrir litlu skrefi í átt að því sem þeir eiga skilið að fá fyrir starf sitt. Ég styð leikskólakennara í baráttu sinni og ég vona að aðrir foreldrar geri slíkt hið sama því við vitum öll hvar verðmætin í samfélaginu er að finna.

> Ég styð leikskólakennara í baráttu sinni og ég vona að aðrir foreldrar geri slíkt hið sama því við vitum öll hvar verðmætin í samfélaginu er að finna.





Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að **lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið.** Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.







Allt sem þú þarft...

*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.

# Ég hef ekki efni á því að vinna með gleði í hjarta!

Kjaramál
Helga C. Reynisdóttir
leikskólakennari



Að vera leikskólakennari er áskemmtilegasta starf sem ég hef unnið við enda starfaði ég sem leikskólaliði í níu ár áður en ég hóf nám í Kennaraháskólanum árið 2003. Ég hef þar af leiðandi mikla reynslu af öllu því metnaðarfulla starfi sem unnið er í leikskólanum. Þetta starf er svo fjölbreytt og gefandi að mér finnst heiður að hafa fengið að starfa með öllu þessu flotta samstarfsfólki og nemendum sem hafa farið í gegnum leikskólann minn í öll þessi ár.

Hlutverk mitt sem leikskólakennari felst m.a. í þeirri gefandi vinnu að taka á móti og aðlaga í leikskólann það mikilvægasta sem foreldrar eiga, sem eru börnin þeirra: Ég er sáluhjálpari á erfiðum tímum í lífi barnanna, er fyrsta hjálp þegar þau skrapa á sér hnén eftir eltingaleik, traustur vinur þegar einhvað bjátar á og þeirra helsti stuðningsaðili þegar yfirstíga þarf hindranir. Í staðinn fæ ég faðmlög, ómælda gleði í hjartað og fullkomið traust nemenda minna. Þetta er einungis brot af vinnu leikskólakennara, því okkar hlutverk er að standa vörð um nám og velferð okkar nemenda.

> Fyrir það fæ ég 209.409 kr. í vasann eftir skatta og launatengd gjöld. Ég hef ekki lengur efni á að vinna með gleði í hjarta.

Með námi á ég við fjölþætta aðalnámskrá leikskóla sem við vinnum eftir og kemur inn á fjölmörg svið s.s. náttúru og umhverfismennt, heilbrigði og velferð, málrækt, lýðræði og svona mætti lengi telja. Þetta vinnum við með í gegnum leik og starf allt árið um kring, þrátt fyrir niðurskurð og góðærið sem aldrei kom inn í leikskólann. Í góðærinu átti leikskólinn erfitt uppdráttar því launin voru svo lág að fólk sótti ekki um þau störf sem voru laus. Í kreppunni er þetta ekkert betra, við vinnum undir miklu álagi þar sem flest sveitarfélög hafa skorið niður afleysingar og velta álaginu yfir á starfsfólk og kennara sem standa þó alltaf sína plikt sama hvað sem á bjátar. Sem 35 ára leikskólakennari með deildarstjórn ber ég ábyrgð á 23 tveggja ára nemendum og fjórum starfsmönnum. Fyrir það fæ ég 209.409 kr. í vasann eftir skatta og launatengd gjöld. Ég hef ekki lengur efni á að vinna með gleði í hjarta.

# Viðhaldssaga og virðisauki

Viðhald fasteigna
Þóra Jónsdóttir
fasteignaeigandi



Á vef Ríkisskattstjóra má senda inn beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyptrar vinnu við íbúðar- eða frístundahúsnæði. Húseigandi skráir sig inn á vefinn með kennitölu sinni og veflykli og fyllir út umsókn um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Kvittanir þarf svo að senda í pósti. Á umsókninni er fyllt út hvort um endurbætur eða viðhald sé að ræða eða vinnu vegna nýbyggingar svo og tegund húsnæðisins. Næst eru fylltar inn upplýsingar um aðkeypta vinnu, tegund hennar og útlagðan kostnað með og án VSK. Að því loknu eru skráðar upplýsingar um verktaka/fyrirtæki sem vann vinnuna og upplýsingar um skiptingu kostnaðar.

Frumrit greiddra sölureikninga þarf síðan að senda skattinum til að umsókn sé afgreidd. Senda má frumrit í pósti eða skila til skattsins en ekki virðist vera boðið upp á að skanna frumritið og senda á rafrænu formi.

> Væri ekki dýrmætt að hafna svartri vinnu og geta í staðinn gengið að skjalfestum gögnum um viðhaldsverk á eign okkar þegar okkur hentar?

Umsóknarferli þetta er til fyrirmyndar og einfaldar beiðni húseigandans um endurgreiðslu VSK vegna vinnu við húsnæði hans. En, má nýta þetta ferli til að hvetja fólk til að hafna svartri vinnu? Ef svo er, hvernig má gera það?

Tillaga mín er eftirfarandi: Fasteignaeigendur skili inn umsókn um endurgreiðslu VSK. RSK afgreiðir málið og varðveitir síðan upplýsingarnar um viðhaldsverkið um ókomna tíð. Þessar upplýsingar geti fasteignaeigandi nálgast æ síðan er hann eða seinni eigendur fasteignarinnar vilja skoða viðhaldssögu hennar.

Í beiðnina um endurgreiðslu á VSK væri hægt að setja inn nokkrar viðbótarupplýsingar sem væru gagnlegar fyrir umsækjandann. Svo dæmi sé tekið, að hægt væri að setja inn mynd af kvittunum bæði fyrir efni og vinnu og inn kæmu nokkrir textareitir (staðlaðir eða opnir) til að skrá frekari upplýsingar um verkið og þann sem vann það. Nefna má símanúmer verktakans eða hversu ánægður húseigandi var með verkið.

Kæru fasteignaeigendur, er þetta ekki mikilvægt mál fyrir okkur? Væri ekki dýrmætt að hafna svartri vinnu og geta í staðinn gengið að skjalfestum gögnum um viðhaldsverk á eign okkar þegar okkur hentar?



ASKJA
ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

# Langaði mest til að flýja land

**Tobba Marinós** ætlaði varla að þora að vera viðstödd þegar fyrsta bók hennar, Makalaus, kom út. Hún sló í gegn og dyggir aðdáendur hafa innt Tobbu reglulega eftir framhaldinu. Hún bíður nú spennt eftir því að Lýtalaus komi úr prentun og vonar að lesendur taki bókinni vel, sagði hún *Sigríði Björgu Tómasdóttur* í spjalli þar sem frægðina, femínisma og fordóma bar einnig á góma.

Bókin er loksins á leiðinni, útgáfupartíið verður 25. ágúst,“ segir Tobba Marinós og á þá að sjálfsögðu við framhald metsölubókarinnar Makalaus, sem fengið hefur nafnið Lýtalaus. Blaðamanni þykir orðinu loksins eiginlega ofaukið, því aðeins er rétt rúmt ár síðan Makalaus kom út og í millitíðinni gaf Tobba út bókina Dömusiði. „Lýtalaus átti að koma út síðasta vor en svo datt ég í vinnuna við sjónvarpsþættina Makalaus þannig að hún frestaðist aðeins. Svo er ég auðvitað að vinna fulla vinnu,“ segir Tobba og viðurkennir að hún sé dugnaðarforkur.

„Foreldrar mínir eru ótrúlega dugleg bæði, þau hafa alið þennan metnað upp í mér þótt þau séu reyndar núna stundum að segja mér að slaka á,“ segir Tobba, sem er alin upp í Kópavoginum af þeim Marinó Björnssyni, sölustjóra hjá Heklu, og Guðbjörgu Birkis Jónsdóttur sem er heimavinnandi sem stendur.

**Mamma er fyrirmyndin**

„Mamma er ein helsta fyrirmynd mín, hún fer fyrst á fætur og síðust að sofa og er alltaf að. Ég á þrjú systkini, eldri bróður og tvær yngri systur. Sú næstyngsta er langveik þannig að það er nóg að gera en mamma hefur ekkert verið að vorkenna sér. Svo segi ég stundum að það sé pabba og mömmu að kenna hvað ég er klikkuð. Til dæmis læsti mamma pabba einu sinni úti þegar hann hafði beitt háþrýstidælu á blómin í garðinum, hann átti nefnilega að vökva þau. Þá sprautaði hann á hana inn um gluggann. Hún var ekki ánægð,“ segir Tobba og hlær.

Tobba ætlaði sér að verða fræg þegar hún var lítil. „Ég ætlaði að verða leikkona en svo snerist mér hugur. Í staðinn ákvað ég að fara til Bretlands í fjölmiðlafræði. Ég lærði í Háskólanum í Derby þar sem fjölmiðlafræðin var mjög praktísk, mikið af verkefnum af ýmsu tagi,“ segir Tobba, sem hefur haldið því áfram eftir námið að fást við fjölbreytileg verkefni. „Núna er ég kynningarstjóri Skjás eins, var að ljúka bókinni og er að undirbúa sjónvarpsþáttinn sem ég og Ellý Ármanns verðum með í vetur.“

**Óréttmæt gagnrýni**

Sjónvarpsþátturinn hefur þegar verið gagnrýndur vegna þess sem haft var eftir stallsystrunum í Fréttatímanum að hann fjallaði um allt sem konur hafa áhuga á, kynlíf, heilsu og börn. „Já við fengum mjög hörð viðbrögð. Sem mér finnst svolítið skrítið vegna þess að þátturinn er ekki byrjaður og við enn að undirbúa hann. Það getur vel verið að við fjöllum líka um pólitík og ofbeldi. En okkur langar líka til þess að fjalla um það sem er jákvætt og skemmtilegt. Það er bara svo vanmetið að skemmta sér. Auðvitað þurfum við allar að díla við vandamál en við verðum að fá tíma til að kúpla okkur frá þeim.

Ég hef verið skömmuð fyrir að segjast vera femínisti en ég hef komist langt í því sem ég er að gera, búið til mína peninga sjálf og staðið mig vel, er það ekki bara góð barátta? Mér finnst fínt að sumar konur vilja bródera og aðrar mótmæla, en ég vil bara fá að vera ég sjálf,“ segir Tobba.

**Sjóuð í að taka gagnrýni**

„Svo vorum við Ellý að auglýsa eftir konum til að taka þátt í heilsuátaki í þáttunum. Vildum fá konur sem eiga við vandamál en stríða og strax fyrsta sólarhringinn höfðu um 40 konur haft samband. Mér finnst frábært ef við getum bæði hjálpað þremur konum til að breyta lífi sínu til batnaðar og kannski hvatt konur sem sitja heima og fylgjast með til þess að gera það líka. En við erum líka búnar undir gagnrýni á þennan dagskrárlið og ásakanir um að við séum að ýta undir staðalímyndir,“ segir Tobba.

Tekurðu gagnrýnina nærri þér? „Ég er nú orðin nokkuð sjóuð. Ég held að maðurinn minn [Karl Sigurðsson] og mamma mín taki allt þetta umtal miklu nær sér en ég geri. Mamma getur orðið alveg brjáluð, það þarf að taka netið úr sambandi hjá henni svo hún fari ekki að verja mig úti um allt,“ segir Tobba, sem hefur verið umtöluð síðan hún hóf bloggskrif þar sem meðal annars var fjallað á opinskáan hátt um samskipti kynjanna.

**Vantaði íslenskar stelpubækur**

Þau skrif voru aðdragandi að bókinni Makalaus en Tobba fór á fund Egils Jóhannssonar hjá Forlaginu og sýndi honum hvað bloggið var mikið lesið. „Ég las mjög mikið af svona chick-lit eða stelpubókum þegar ég var í náminu í Bretlandi. Og mig langaði til þess að færa þær yfir til Íslands, að söguhetjurnar væru að hittast á Kaffitári í staðinn fyrir Starbucks. Setja smá íslenska lúðastemningu yfir í þessar bækur,“ segir Tobba. Hugmyndinni var tekið vel á Forlaginu og Tobba settist við skriftir. „Það var mjög erfitt. Ég er lesblind eins og oft hefur komið fram og svo er eitt að skrifa smá blogg en annað að búa til bók. En ég fékk aðstoð hjá vönu fólki á Forlaginu og svo þegar ég var komin með samning og „deadline“ þá var ekkert annað að gera að setjast niður og skrifa.“

**Vinkonurnar uppspretta sagna**

Líf Tobbu og vinkvenna hennar er innblástur margra sagna sem sagðar eru af söguhetju bókarinnar Makalaus, Lilju Sigurðardóttur og vinkvenna hennar. „Þessar sögur eru allar meira og minna sannar, enda of fáránlegar stundum til þess að hægt væri að finna þær upp. Vinkonur mínar eru líka farnar að segja við mig stundum, ekki setja þetta í bókina, þegar við erum að spjalla,“ segir Tobba og skellir upp úr.

Makalaus seldist í fimm þúsund eintökum og því óhætt að segja að lesendur hafi tekið henni opnum örmum. „Ég var dauðstressuð þegar hún var væntanleg, pantaði mér far til New York og ætlaði að láta mig hverfa. Þau hjá Forlaginu sannfærðu mig um að ég yrði að vera á staðnum. Og bókin gekk vel, það kom aldrei neitt voðalegt diss eins og ég bjóst jafnvel við,“ segir Tobba, sem hefur fengið mörg bréf frá aðdáendum sem þakka henni fyrir bókina og bíða spenntir eftir framhaldinu.

**Margir með minnimáttarkennd**

„Bókin hefur líka leitt mig víða, ég var til dæmis fengin til að koma í tíma í bókmenntafræðinni í Háskólanum til að ræða um bókina á námskeiði Dagnýjar Kristjánsdóttur um ástarsögur. Þar fékk ég harða gagnrýni fyrir það hversu mikið Lilja hugsar um kílóin og makaleitina. En svo stóð önnur stelpa í kúrsinum upp og spurði þessa gagnrýnu hvort hún ætti mann og þegar sú játaði þá sagði þessi sem stóð upp að hún ætti ekki mann og vildi líka gjarnan vera 10 kílóum léttari. Hún hugsaði mjög mikið um þessi mál, ef ekki öllum stundum og spurði hvort hún væri þar með kjánaleg,“ segir Tobba og bætir við að enginn vilji vera með komplexa en veruleikinn sé sá að margir séu haldnir minnimáttarkennd.

Sjálf er hún nokkuð sátt við sína galla. „Ég hef alltaf verið þessi þykka týpa en er sátt við það í dag hvernig ég lít út. Svo veit ég að það eru stundum villur í textanum mínum og það veður á mér. Ég hef fengið póst þar sem fólk er að leiðrétta textann minn og póst þar sem kom fram að ég væri óalandi og óferjandi en yrði eflaust ágæt ef ég tæki smá tilsögn. Ég svaraði því nú þannig að gallarnir mínir væru það persónulegasta sem ég ætti,“ segir Tobba.

Við víkjum talinu aftur að endurkomu Lilju Sigurðardóttur og nýju bókinni Lýtalaus. Tobba viðurkennir að það sé stressandi að bíða viðbragða við nýju bókinni en hún vonar að aðdáendur verði ekki fyrir vonbrigðum. „Það eru meiri væntingar núna og margir sem þekkja söguhetjuna og vini hennar. Ég var ekki einu sinni viss um að ég gæti skrifað framhald af Makalaus, en svo þegar ég var búin með Lýtalaus var ég strax komin með titil og hugmynd fyrir næstu bók.

Svo vonast ég til þess að fleiri stelpur fari að skrifa stelpubækur, ég hef engan áhuga á að eiga markaðinn ein,“ segir Tobba að lokum.



**METSÖLUHÖFUNDUR** Þriðja bókin hennar á rúmu ári er væntanleg í lok mánaðarins, þær fyrri seldust samanlagt í 10.000 eintökum og vonast Tobba Marinós til að lesendur taki þeirri nýju jafn vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Mér finnst fínt að sumar konur vilja bródera og aðrar mótmæla, en ég vil bara fá að vera ég sjálf.



## Oprah ótrúlega flott

„Ég hef alltaf haldið mikið upp á Opruh Winfrey,“ segir Tobba þegar hún er spurð um fyrirmyndir utan fjölskyldunnar. „Hún er ein af valdamestu konum í heimi, getur talað um allt og tekur sjálfa sig ekki allt of hátíðlega. Ég man alltaf eftir þætti þar sem hún birtist ómáluð til að sýna áhorfendum hvernig hún liti út fyrir og eftir förðun. Svo er hún ekki með staðlað útlit og er bara mjög flottur persónuleiki. Þar fyrir utan hefur hún starfað mikið í góðgerðarmálum, sem ég dáist að.“


VIÐ HLAUPUM
Í REYKJAVÍK.
nikerunning.com



**YOKO ÞÓRÐARSON OG EGILL ÞÓRÐARSON** Þau kynntust í London árið 1971, búa í Hafnarfirði en hafa jafnan haldið góðum tengslum við Japan.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fólk er enn í áfalli

Eyðileggingin á hamfarasvæðunum í Japan er gríðarleg, eins og hjónin **Yoko** og **Egill Þórðarson** kynntust af eigin raun þegar þau voru þar á ferð nýverið. *Guðsteinn Bjarnason* ræddi við þau.

Ástandið var svo skelfilegt að maður getur varla áttað sig á því,“ segir Egill Þórðarson, sem kom til bæjanna Miyako og Kesennuma ásamt eiginkonu sinni Yoko.

„Við gengum lengi um heilu hverfin og sáum hvergi neitt fólk. Það var allt farið, enda enga þjónustu að fá lengur. Hver einasta búð farin, skólar og stofnanir og allt. Svo er rafmagnskerfið ónýtt, símakerfið ónýtt, vatnslagnakerfið að miklu leyti ónýtt, holræsakerfið líka, það virkar ekkert. Sums staðar eru bæjarskrifstofur farnar með öllum skjölum, bankar farnir með öllum reikningum.Fólk getur ekkert verið þarna.“

### Einsdæmi í Japan

Jarðskjálftinn mikli 11. mars, sem átti upptök sín skammt úti af norðausturströnd Japans, hratt af stað flóðbylgju sem var stærri en Japanar hafa áður kynnst, og eru þeir þó ýmsu vanir úr þeirri átt. Víða varð flóðið um tíu metra hátt en dæmi eru þess að vatnshæðin hafi ná 38 metrum, sem er álíka hátt yfir sjó og flugturninn á Reykjavíkurflugvelli.

Á örskammri stund var nánast öll byggð á 600 kílómetra langri strandlengju lögð í rúst. Þarna voru tugir blómlegra útgerðarbæja. Sjómenn sigldu drekkhlöðnum skipum að landi á hverjum degi og fiskmarkaðir iðuðu af lífi.

„Þetta svæði í Japan minnir mjög á Ísland,“ segir Egill. „Við hittum þarna nokkra karla á bryggjunni og það var mjög þægilegt að spjalla við þá. Ofar í landinu eru líka hólar og hæðir sem svipar mjög til landslagsins hér á Íslandi. Það er engin stórborgarmenning þarna eins og sunnar í Japan þar sem malbikið þekur allt. Að koma þangað norður frá Tókíó var svolítið eins og að koma í annan heim.“

### Mikið verk fram undan

Þau Egill og Yoko voru í Japan í júní, komu til Miyako 15. júní þar sem þau fengu hvergi gistingu og létu sér nægja að skoða sig um, héldu síðan til Kesennuma 27. júní, dvöldu þar í þrjá daga og tóku þátt í sjálfboðaliðastörfum við hreinsun bæjarins.

Þau fengu það verkefni að hreinsa ljósmyndir. Heill salur í stóru íþróttahúsi hafði verið tekinn undir þetta afmarkaða verkefni, sem var að flokka, skrá og hreinsa eftir bestu getu þær ljósmyndir sem fundist höfðu í braki húsanna í Kesennuma, bæjarfélags þar sem 70 þúsund manns bjuggu fyrir aðeins hálfu ári.

„Af þessu er kannski hægt að gera sér örlitla mynd af umfangi þessa gríðarmikla verkefnis. Við vorum bara í því að hreinsa ljósmyndirnar. Svo voru alls konar skjöl annars staðar sem líka þurfti að hreinsa og flokka. Svona fara þeir í gegnum allt brakið skref fyrir skref. Allt sem þeir sjá að er persónulegt eða geti skipt máli, því halda þeir til haga. Það er einhver sem á þetta allt og þá er ekki hægt að sópa þessu bara upp og henda því. Fólk á sinn rétt.“

### Uppbygging varla hafin

Þau segja umfangið vera miklu meira en þau hefðu nokkurn tímann getað gert sér í hugarlund.

„Til dæmis eru ónýtir bílar út um allt. Þeir þurfa að finna út hverjir eiga bílana og vita hvað eigendurnir vilja gera við þá. Og lóðirnar, það tekur engin íbúðarlóð og lætur bara einhvern fá hana þó að húsið sé farið. Það er einhver sem á lóðina. Þetta er réttarríki og yfirvöld koma ekki bara með jarðýtur og moka öllu burt.“

Japanar hafa ætlað sér þrjú ár í þetta hreinsunarstarf en þá er öll uppbyggingin eftir og hún er varla farin af stað, enda taka Japanar sér góðan tíma til að skoða hvort óhætt sé að byggja á ný á þessum stöðum.

„Fyrst þarf að gera áhættumat og ákveða á hvaða forsendum þeir byggja aftur. Svo þarf að endurskipuleggja bæina. Það tekur allt rosalegan tíma,“ segir Helgi.

### Kýs frekar neyðarskýlin

Á meðan fást ekki byggingarleyfi til að byggja nokkurn skapaðan hlut, hvorki verslanir né skóla, jafnvel þótt fólk myndi vilja flytja aftur. Þangað til eru byggðirnar við strandlengjuna sannkölluð draugabyggð. Fólkið er flutt til ættingja eða kunningja eða farið að leita sér að vinnu annars staðar. Enn eru nærri 90 þúsund manns í neyðarskýlum, en það er helst eldra fólk sem hefur í engin önnur hús að venda.

„Til bráðabirgða átti að reisa 60 til 70 þúsund neyðaríbúðir fyrir utan sjálf hamfarasvæðin, en það eru hálfgerð gámahús og fólk hefur verið tregt til að flytja inn í þetta. Þetta er eignalaust fólk með litlar tekjur og á ekki bíla þannig að það myndi bara sitja í húsunum einangrað og atvinnulaust og allslaust. Margir vilja þá heldur þrauka í neyðarskýlunum þó erfitt sé því þar fær fólk þó að minnsta kosti að borða.“

### Þakklæti

Þau Yoko og Egill segja íbúana á hamfaraslóðunum afar þakkláta fyrir þann áhuga sem þeim er sýndur. „Fólk er ennþá í áfalli. Það fer ekki á milli mála,“ segir Egill.

„Mikilvægast er samt að fá að tala,“ segir Yoko. Þau hittu einstaklinga sem höfðu lent í ótrúlegum hremmingum og tóku því fegins hendi að fá að segja frá raunum sínum. Eina konu hittu þau í verslun skammt frá húsi sem þau gistu í, ræddu góða stund við hana og gáfu henni tátiljur sem móðir Egils hafði prjónað. „Hún ætlaði aldrei að hætta að hneigja sig,“ segir Yoko. „Hún var svo þakklát fyrir að fá að tala og heyra að fólki er ekki sama.“

### Orkuskortur

Annars staðar í Japan, þar sem þau Egill og Yoko komu, virðist hins vegar sem fólk forðist að ræða eyðilegginguna og tjónið á flóðasvæðunum.

„Stóra hitamálið er kjarnorkan og orkuskorturinn,“ segir Egill. „Um það eru allir að þrasa og þrasa, bæði í stjórnmálum og annars staðar. Annað kemst ekki að. Þá hverfur harmleikurinn fyrir norðan svolítið í skuggann.“

Eitt kjarnorkuver eyðilagðist í hamförunum og annað var tekið úr notkun. Um það munar í landi þar sem kjarnorka er meginorkugjafinn. Alls staðar í Japan finnur fólk fyrir því að rafmagnið er naumt skammtað og sífellt verið að hvetja fólk til að draga úr orkunotkun.

### Á sjö systkini í Kyoto

Þau Egill og Yoko stöldruðu lengst við í Kyoto, þar sem Yoko er fædd og þar á hún sjö systkini. „Ég þarf alltaf að heimsækja þau öll þegar ég kem,“ segir hún.

Hún kynntist Agli í London árið 1971 þar sem þau voru bæði í enskunámi. Árin 1977 til 1979 bjuggu þau í Kyoto en hafa síðan búið hér á landi. Þau halda góðum tengslum við Japan og reyna að fara þangað eins oft og þau geta.

## ULLARVÖRUR OG NÝ SÖFNUN

Ullarvörurnar sem söfnuðust á Íslandi, alls 260 kassar af sokkum, vettlingum, treflum, húfum og peysum sem munu koma sér vel í kuldanum næsta vetur, voru sendar til tveggja bæja á hamfarasvæðunum í Japan, Miyako í Iwate-héraði í og Kesennuma í Miyagi-héraði.

Það var til þessara tveggja staða sem Egill og Yoko ferðuðust í sumar til að kynnast ástandinu af eigin raun.

Í Miyako bjuggu tæplega 60 þúsund manns fyrir rúmu hálfu ári og rúmlega 70 þúsund í Kesennuma. Þeir sem ekki létu lífið eru flestir farnir á brott, þótt væntanlega snúi margir aftur þegar byggðin hefur verið endurreist.

Í Miyako reis flóðið einna hæst og fór upp í nærri 38 metra hæð yfir sjávarmáli en í Kesennuma varð tjónið meira og víðtækara en víðast hvar annars staðar.

Konurnar sem efndu til söfnunarinnar hér á landi, með Yoko Þórðarson og séra Miyako Þórðarson í fararbroddi, eru afar þakklátar þeim fjölda Íslendinga sem prjónuðu og gáfu ullarvörur til að senda út.

3. september næstkomandi verður aftur efnt til söfnunar, að þessu sinni meðal fyrirtækja og er ætlunin að nota afraksturinn í þágu barna á hamfarasvæðunum, sem enn eiga erfitt með að takast á við álagið.

Japanar á Íslandi og ýmis samtök ætla þennan dag að efna til japanskrar íþrótta- og menningarhátíðar í Háskóla Reykjavíkur við Nauthólsvík, bæði til að vekja athygli á söfnuninni og til að sýna Íslendingum þakklæti fyrir samhug og stuðning vegna hamfaranna.



**EGILL Í HÓPI SJÁLFBOÐALIÐA** Í borginni Kesennuma tóku þau Yoko og Egill þátt í sjálfboðastarfi við hreinsun ljósmynda. MYND/EGILL OG YOKO ÞÓRÐARSON

## HAMFARASVÆÐIN Í JAPAN

Jarðskjálfti sem mældist 9 stig varð tæplega 130 kílómetra út af norðausturströnd Honshu-eyjar, sem er stærsta eyja Japans. Skjálftinn hratt af stað flóðbylgju sem var nærri 10 metra há þar sem hæst var og komst upp í nærri 38 metra hæð yfir sjávarmáli þar sem hún fór hæst í borginni Miyaki.

**Látnir og slasaðir**

Staðfest dauðsföll:**15.709**
Enn saknað: **4.926**
Slasaðir: **5.717**

**Skemmdir á húsum**

Alhrunin: **113.812**
Hálfhrunin: **150.229**
Brunnin: **284**
Vatnsskemmdir: **24.949**
Aðrar skemmdir: **533.446**




AMY PALMIERO-WINTERS ER AFREKSÍÞRÓTTAKONA
SEM STUNDAR LANGHLAUP UM ALLAN HEIM.
HÚN MUN HLAUPA
TVÖFALT MARAÞON
TIL STYRKTAR
ÍÞRÓTTASAMBANDI FATLAÐRA
2X42 KM
Starfsfólk Össurar mun einnig leggja sitt af mörkum og hlaupa samanlagt um 1200 km til styrktar Íþróttasambandi fatlaðra.
www.ossur.com
ÖSSUR
Life Without Limitations

1


2



3


4


5


6


**Ljósmyndarar** **1.** Spessi, 1999. Úr myndaröðinni Bensín. **2.** Magnús Ólafsson, 1930. Bifreiðastöðin og bensínsalan Bifröst við Hverfisgötu í Reykjavík. Ljósmyndasafn Reykjavíkur. **3.** Anna Schiöth, 1878-1885. Við Pollinn á Akureyri. **4.** Ólöf Nordal, 2005. Íslenskt dýrasafn – Hrafn. Diasec prentun. **5.** Einar Falur Ingólfsson, 2009. Kirkjufell í Grundarfirði (27.06.2009). **6.** Guðmundur Ingólfsson, 1983. Myndir eru birtar með leyfi Crymogeu.

# *Hundrað andlit íslenskrar náttúru*

Íslenskum náttúruljósmyndum úr 140 ára sögu ljósmyndunar á Íslandi er safnað saman í væntanlegri bók sem ber heitið **Ný náttúra – myndir frá Íslandi**. Celina Lunsford sagði *Sigríði Björgu Tómasdóttur* frá því hvernig bókin varð til.

Það var of einfalt að velja bara hefðbundnar landslagsmyndir og of mikil klisja,“ segir bandaríski ljósmyndafræðingurinn Celina Lunsford, sem er myndritstjóri bókarinnar Ný náttúra – myndir frá Íslandi. Bókin er gefin út í tengslum við sýningu á verkum íslenskra samtímaljósmyndara og samtímalistamanna sem nota ljósmyndir í verkum sínum í Frankfurter Kunstverein í Frankfurt am Main í Þýskalandi. „Við sýnum einungis myndir samtímaljósmyndara þar en í bókinni er fjöldi eldri mynda sem sýna hvernig íslenskt landslag hefur verið myndað frá því að ljósmyndun hófst á Íslandi fyrir 140 árum. Í henni kemur glöggt fram hvernig borgarlandslag er orðið mikilvægur hluti af íslenskum landslagsmyndum.“



Celina kom til Íslands og valdi myndirnar í bókina úr fjölda mynda íslenskra ljósmyndara. Tveimur myndum er teflt saman á hverri opnu, hvorri eftir sinn ljósmyndarann og hvorri frá sínu tímabilinu, rétt eins og dæmin hér að ofan sýna. „Mig langaði ekki til þess að búa til enn eina bókina sem væri of hefðbundin, ég vildi búa til bók sem endurspeglaði Ísland eins og ég upplifði það; Forvitnilegt land þar sem býr áhugavert fólk með kaldhæðinn húmor, þar sem melankólía helst í hendur við sköpunargleði og hvatvísi.“

Í bókinni eru yfir 140 myndir eftir 50 íslenska ljósmyndara. Forlagið Crymogea gefur bókina út en ensk/þýska útgáfan er í samstarfi við Kehrer Verlag.

Í dag gefst tækifæri til að skoða hluta myndanna sem komið hefur verið fyrir í miðbænum í tengslum við Menningarnótt. Upplýsingar um sýninguna er að finna á vef Crymogeu www.crymogea.is. Bókin er til sýnis í bókaverslunum Eymundsson en kemur í sölu eftir helgi.



Pottaplöntu-
útsala
**25-50%**
**afsláttur**

# POTTAPLÖNTU-ÚTSALAN

er hafin í Blómavali

**NÝTT ÍSLENSKT GRÆNMETI**

## UPPSKERUHÁTÍÐ

Í SKÚTUVOGI UM HELGINA

Glænýjar ísl. kartöflur **249**kr/kg
(helgartilboð aðeins þessa helgi)

Tómatar, gúrkur, rófur, sveppir, blómkál, jarðarber, kínakál, spergilkál, hnúðkál, hvítkál og broddur 0,5L – beint frá býli





**ÁSTARELDUR**
**999**kr

Blómvendir á betra verði!
Aðeins
**1.190**kr
**Krýsi og liljur**



Blómaportið
laugardag og sunnudag

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

DYNAMO REYKJAVIK/200811

# ÖPP fyrir öll tækifæri

**Það sem greinir snjallsíma frá öðrum símum er að í þá er hægt að hlaða öppum. Í kringum þessar furðulegu vörur hafa skapast risastórir markaðir sem velta ótrúlegum upphæðum á ári.** *Birgir Þór Harðarson* **tók saman nytsamlegustu öppin.**

## Samskiptaöpp

**Facebook**
Facebook í símann er mikilvægur þáttur þegar kemur að því að fullnýta kosti snjallsímans. Hér getur þú gert allt sem þú getur gert í tölvunni þinni í fullkomnu appi frá Facebook.

**Twitter**
Tvítaðu á ferðinni. Manni dettur margt merkilegt í hug þegar maður er ekki fyrir framan tölvuna. Deildu staðsetningu þinni, myndum og hugsunum með vinum þínum úti um allt!

**Google+**
Um leið og Google+ opnaði fyrr á árinu voru komin forrit fyrir snjallsíma. Þetta er ómissandi app fyrir þá sem vilja vera með puttann á púlsinum alltaf, alls staðar.

**Foursquare**
Deildu staðsetningu þinni með vinum þínum og segðu frá á Facebook og Twitter! Vinsælt app fyrir þá sem vilja láta vita af sér. Gott fyrir börn sem eiga foreldra sem alltaf vilja vita hvar maður er.

**Skype**
Skype í símanum gerir allt sem Skype í tölvunni gerir og meira til. Með forritinu getur þú hringt venjuleg símtöl í venjuleg símanúmer. Svo er alltaf gott að geta tekið eitt gott myndsímtal.

## Vinnu- og hugmyndaöpp

**Evernote**
Bráðsnjallt app sem hjálpar þér að koma hugmyndum þínum á blað. Taktu mynd af einhverju sniðugu, bókmerktu vefsíður eða skrifaðu glósur. Deildu svo með félögum innan forritsins og fáðu þeirra álit.

**Dropbox**
Dropbox er frábært app sem býður upp á gagnahýsingu yfir internetið. Í Dropbox getur þú hlaðið niður hverskonar skjöl í símanum þínum og vistað þau yfir vefinn.

**Remember the milk**
Mundu eftir öllu! Þetta forrit hjálpar þér, eða þeim sem þú deilir færslunni með, að muna að kaupa mjólk eða sækja börnin úr pössun. Hægt er að nálgast færslurnar í forritinu á vefnum eða í póstforritinu á tölvunni.

## Myndaforrit

**Instagram/Lightbox Photos**
Instagram og Lightbox Photos eru myndavélar sem hlaða myndunum þínum á vefinn um leið og þú tekur þær. Þú getur sett alls konar filmur yfir myndina og deilt á Facebook og Twitter.

**Hipstamatic/FxCamera**
Hipstamatic og FxCamera eru svipaðar og Instagram nema hér þarftu að velja flass, filmur og annað áður en þú tekur myndina. Hægt er að ná mjög flottum myndum úr þessari vél og senda beint á vefinn.

**Flickr**
Flickr er frábært fyrir ljósmyndara sem þurfa að fá innblástur fyrir myndirnar sínar og vilja skoða hvað aðrir eru að gera. Hægt er að hlaða myndum beint af símanum inn á Flickr-síðuna þína.

**Photoshop**
Þarftu að vinna myndirnar þínar á ferðinni eða finnst þér bara gaman að leika þér í Photoshop? Þetta er snilld fyrir ljósmyndara, áhugamenn eða byrjendur.

## Fréttaöpp

**PressReader**
Fyrir fréttasjúka sem vilja skoða nýjustu erlendu og innlendu dagblöðin. Hér getur þú fengið nánast öll dagblöð í heimi frítt eða á kostnaðarverði. Hægt er að fá dagblöð sjálfvirkt í símann um leið og þau eru gefin út.

**Pulse**
Forrit sem safnar saman fréttaþráðum um allt alnetið. Þú velur svo hvaða þræði þú vilt helst skoða. Frábært fyrir þá sem vilja fá fjölbreyttar fréttir í einu forriti.

**Reeder**
Í þessu forriti getur þú safnað saman RSS þráðum sem þú vilt fylgjast með. Forritið lítur fáránlega vel út og uppfærir sig sjálfkrafa svo þú ert alltaf með ferskar fréttir í lófanum.

**BBC News**
Breska ríkisútvarpið er ein virtasta fréttastöð í heiminum og í forritinu má finna helstu fréttir hvaðan að úr heiminum. Í forritinu er svo hægt að hlusta á BBC World News útvarpsstöðina yfir netið.

**New York Times**
Lestu The New York Times í símanum þínum. Ítarlegar fréttir og greinar úr öllum heimshornum. Ef þú vilt ekki fréttir þá er hægt að velja sér lesefni um allt mögulegt með einu poti á skjáinn.

## Áhugamála- og íþróttaöpp

**LiveScore**
Fáðu stöðuna í fótboltaleiknum uppfærða beint í símann þinn. Forritið sýnir stöðuna, markaskorara og annað markvert úr öllum helstu leikjum í heimi. Íslenska deildin fær meira að segja að vera með.

**IMDB**
Mikilvægasta forritið í sófanum þegar þú veist ekki hvaða leikari er á skjánum eða þegar þú ert að reyna að velja þér bíómynd úti á leigu. IMDB í allri sinni dýrð í lófanum þínum.

**Golfshot**
Mikilvægt á golfvellinum þegar þú þarf að átta þig á hvernig flötin liggur. Forritið býður upp á íslenska velli ásamt 35.000 öðrum völlum um heim allan.

## HEIMSKULEG FORRIT

**Drunk Dialer**
Þetta er app sem passar að þú hringir ekki í fyrrverandi þegar þú er að skemmta þér. Tölurnar hoppa á skjánum og sértu ekki edrú getur verið erfitt að láta hlutina ganga upp. Alveg pirrandi!

**iFart**
Sértu í vafa þá er þetta app með fullt af prumphljóðum. Gæti verið skemmtilegt í kennslustund í skólanum en færir þér á endanum öruggan miða inn á teppið hjá skólastjóranum.

**Ultimate SoundBox**
Forrit með fullt af mjög ólíkum en tilgangslausum hljóðum. Ekkert merkilegra en það.

**Fake-an-Excuse**
Ef þú hittir einhvern sem þú nennir ekki að tala við rífur þú upp símann. Hér getur þú spilað alls konar hljóð sem gætu skotið stoðum undir annars valta afsökun.

**Hold the Button**
Tilgangslausasta og örugglega leiðinlegasta appið á markaðnum. Það gengur út á að halda rauðum takka inni eins lengi og þú nennir. Ekkert meira merkilegt en það.

**Talking Tom Cat**
Kötturinn Tommi er alveg pirrandi því hann hermir eftir þér með grínrödd. Þú getur samt kýlt hann í magann! Hver vill samt kýla sæta kisu ef maður getur bara strokið henni og heyrt hana mala?

**NBA Game Time**
Mikilvægt fyrir þá sem fylgjast með NBA. Hér getur þú séð stöðuna í leiknum, hvernig aðrir leikir fóru og hvaða leikir eru á dagskrá. Þetta er opinbert forrit frá NBA og kemur nýtt út fyrir næsta tímabil.




**RunKeeper**
Þetta forrit eltir þig með GPS-hnitum þegar þú hleypur, skráir hlaupalengdina og hversu lengi þú hljópst. Þú getur síðan skoðað ítarlegar upplýsingar um hlaupið á leiðarenda og deilt á vefnum.

## Google-öpp

**GoogleMaps**
Aðstæðurnar þar sem landakorts er þörf eru of margar til að telja upp hér. Þetta er algerlega ómissandi forrit í hvaða síma og spjaldtölvu sem er. Spurðu vegar, finndu staðsetningu eða, ef einhver vafi er á, athugaðu hvar þú ert staddur.

**Translate**
Þýddu allt mögulegt á öll helstu tungumál í heiminum. Frábært app ef þú þarft að gera þig skiljanlegan í útlöndum en kannt ekki tungumálið. Appið talar meira að segja flest tungumálin!

**Docs**
Alger snilld fyrir þá sem þurfa að vinna á ferðinni. Google Docs gerir þér kleift að vista Word-, Excel- eða Powerpoint-skjöl á Google-aðganginum og breyta og bæta á netinu. App sem allir verða að prófa.

**Youtube**
Það er ótrúlega margt skrítið og skemmtilegt á Youtube. Einhver mundi segja að Youtube-appið væri nauðsynlegt fyrir alla. Það getur allavega verið hentugt þegar maður þarf að drepa tímann …

## Hagnýtar upplýsingar og ferðalög

**AccuWeather**
Allir Íslendingar þekkja mikilvægi þess að vita hvernig veðurhorfurnar eru. Það er erfitt að fara á vedur.is í símanum og of langt að bíða eftir veðurfregnum í útvarpi en mikið betra að taka skeytin í fullkomnu veðurappi.

**Wikipedia**
Hafsjór fróðleiks í lófanum þínum. Það er hægt að villast langar leiðir inn í óendanlega vitneskju alnetsins um allt mögulegt. Lærðu meira á ferðinni með þessu nauðsynlega forriti.

**World Factbook**
Bandaríska leyniþjónustan er með upplýsingar um allt. Hún vill samt ekki deila öllu en deilir þó upplýsingum sínum um þjóðir heims. Allt frá flatarmáli landa til helstu atvinnugreina má finna hér.

**TripAdvisor**
Skipuleggðu ferðalagið þitt frá grunni með þessu appi. Pantaðu flugfar og hótel, leigðu bíl og finndu þér eitthvað að gera áður en þú finnur þér veitingastað í fjarlægum heimshornum.

**Expedia**
Bókaðu hótelgistinguna á ferðinni með Expedia-forritinu. Ótrúlega flott app sem leiðir þig alveg inn í anddyri með innbyggðu korti og leitarvél svo þú finnir herbergið sem hentar þér best.

## Afþreyingaröpp

**Kindle**
Kindle-appið fyrir Android-síma er gott fyrir þá sem vilja taka framtíðinni opnum örmum og lesa af snjallsímanum. Með forritinu fylgir aðgangur að risastóru Amazon-bókabúðinni.

**iBooks**
Í öllum spjaldtölvum og snjallsímum frá Apple er þetta app innbyggt og býður upp á aðgang að risastórri bókabúð á iTunes. Íslenskur aðgangur dugar þó ekki til að versla í bókabúð Apple.

**TuneIn Radio**
Gott netútvarp sem býður upp á yfir 50.000 útvarpsstöðvar. Meðal mögulegra stöðva eru allar þær íslensku. Þægilegt flokkunarkerfi gerir leit að áhugaverðu efni mjög einfalda.

## SKÝRINGAR Á TÁKNUM

- Við mælum sérstaklega með þessu
- App fyrir Android-síma
- App fyrir iPhone-síma

**Slacker Radio**
Í þessu appi kaupir þú þér aðgang að ótrúlegu magni af tónlist. Þú getur valið þér stöðvar til að hlusta á eða búið þér til lagalista sjálfur. Rúsínan í pylsuendanum er að þetta app býður þér upp á að hlusta þótt þú sért ekki í netsambandi!

## Íslensk öpp

**KR Reykjavík**
KR er eina knattspyrnuliðið á Íslandi sem er með app í iPhone. Hér er hægt að skoða stöðuna í KR-leiknum og deildinni. Svo ekki sé minnst á að hlusta á KR-útvarpið.

**Tónlist.is**
Fullnýttu aðgang þinn að Tónlist.is með þessu appi. Skráðu þig bara inn og hlustaðu á íslensku lagalistana þína í símanum. Styrkjum íslenska tónlist! Íslenskt, já takk!

## Leikir

**Angry Birds**
Einn vinsælasti leikur fyrir snjallsíma í heimi enda ótrúlega ávanabindandi. Skjóttu fuglum úr teygjubyssu til að drepa grænu svínin sem stálu eggjunum frá þér! Í þessum leik má týna sér hvar og hvenær sem er.

**The Heist**
Þrautir og heilabrot fyrir alla aldurshópa. Markmiðið er að opna harðlæsta stálhurð með gáfum og útsjónarsemi. Fjórar gerðir þrauta og endalaust af borðum.

**Doodle Jump**
Gamaldags en virkar. Þú þarft að hoppa á milli palla eins hátt og þú kemst og passa að detta ekki niður. Endalaust skemmtilegur og ávanabindandi leikur!

**Flight Control**
Stjórnaðu flugumferðinni á flugvellinum. Það er endalaust umferð um flugvöllinn hjá þér og þú þarft að stýra öllum flugvélunum á rétta flugbraut án þess að þær klessi hver á aðra. Þetta er erfiðara en það hljómar.

**Fruit Ninja**
Verkefnið í þessum leik er að skera eins mikið af ávöxtum í einni sveiflu og hægt er. Hver ávöxtur gefur þér stig. Mjög skemmtilegur og spennandi leikur fyrir alla.

## HVAÐ ER APP?

Forritin sem við hlöðum í símana okkar eru „öpp“. Í þessari upptalningu er aðallega talað um öpp frá þriðja aðila, það eru forrit sem ekki eru innbyggð í símana eða stýrikerfið.

Til eru mörg fyrirtæki sem framleiða öpp, selja eða gefa á app-mörkuðum á netinu. Í frían öppum þarf þó yfirleitt að borga fyrir notkun af, kaupa áskrift að þjónustu eða sætta sig við blikandi auglýsingaborða.

Öppin eru þó flest á frekar góðu verði og eru ekki dýr þó menn séu flókin séu. Photoshop er t.d. dýrasta appið á listanum hér.

Fyrir þá sem hafa góða hugmynd og aðstöðu til að búa til gott app þá eru að verða til ótrúleg sölutækifæri.


Hágæða kaffi og grill
við valdar Orku- og Shellstöðvar.
Panini mánaðarins
Tilboð
Panini mánaðarins
399 kr.
Tilboð
Allir kaffidrykkir
199 kr.
Caffe Latte, Espresso, Macchiato,
Sviss Mocca, Cappuccino.
Stöðin
Hamborgari, franskar og gos
949 kr.
Stöðin
Stöðin er ný veitingasala við valdar
bensínstöðvar Orkunnar og Shell.
Stöðin býður hágæða kaffi, panini,
hamborgara, samlokur, rúnstykki,
og fleira.
ORKAN
Orkulykill
Þú getur greitt með kortum og lyklum
Orkunnar og Skeljungs á Stöðinni.
Hvað býður þín stöð uppá?
Sími
Opið 24 tíma
Grill
Kaffi
Panini
Pylsa
Bílalúga
Birkimelur 551 4474
Bústaðavegur 552 7616
Garðabær 565 8743
Hagasmári 554 2280
Laugavegur 561 9926
Suðurfell 557 4060
Vesturlandsvegur 587 9730
Miklabraut norður 571 4404
Skagabraut Akranesi 431 2592
www.stodin.is
Stöðin

# Erum drengir í karlmannsfötum

**Ástralska leikskáldið og látbragðsleikarinn Glynn Nicholas var staddur hér á landi í vikunni í tengslum við uppsetningu verks hans Alvöru menn í Austurbæ. Hann sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá verkinu, gríninu og óuppgerðum málum karlmanna.**



**ALVÖRU MENN** Glynn Nicholas, höfundur verksins Alvöru menn sem frumsýnt verður í Austurbæ í september, lofar áhorfendum gríni, tárum og þó nokkrum typpabröndurum. Að baki honum er hópurinn sem stendur að sýningunni: Gunnar Helgason leikstjóri, Pálmi Sigurhjartarson tónlistarstjóri og leikararnir Jóhann G. Jóhannsson, Egill Ólafsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Kjartan Guðjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mér líður afskaplega vel hér á Íslandi. Ég hef ferðast töluvert um Skandinavíu en aldrei komið hingað fyrr og vissi í raun ekki við hverju ég ætti að búast. Landið er fallegt og ég hef lært smá íslensku, núna kann ég að segja „jæja“ og „förum að veiða“. Svo skilst mér að hér sæki fleiri leikhús en í Ástralíu miðað við höfðatölu, sem er hið besta mál,“ segir ástralska leikskáldið og látbragðsleiksþjálfarinn Glynn Nicholas, sem var staddur hér á landi í vikunni í tengslum við uppsetningu verksins Alvöru menn, sem verður frumsýnt í Austurbæ hinn 16. september næstkomandi.

Dvöl Nicholas á Íslandi byrjaði þó ekki vel. Þegar hópurinn sem stendur að leikritinu brá sér í sjóferð til að æfa atriði sem gerist um borð í báti vildi ekki betur til en svo að báturinn varð vélarvana og rak að klettunum á vesturodda Viðeyjar. Allt fór þó vel að lokum og leikskáldið metur hrakningana sem gott innlegg í reynslubankann. „Við dóum næstum því. Það var frábært!“ segir hann og glottir.

**Áherslan á líkamlegu hliðina**

Nicholas samdi verkið Alvöru menn, sem á ensku kallast Certified Male, árið 1998 ásamt kollega sínum Scott Rankin. Leikritið var frumsýnt á Listahátíðinni í Melbourne ári síðar og hlaut strax frábærar undirtektir, svo góðar að síðan hefur Nicholas ferðast til margra landa, meðal annarra Bretlands, Nýja-Sjálands og Svíþjóðar, og ýmist leikstýrt eða aðstoðað við uppsetningu verksins.

Helsta ástæðan fyrir komu hans til landsins nú var að hjálpa leikstjóranum, Gunnari Helgasyni, og leikhópnum sem samanstendur af Agli Ólafssyni, Jóhanni G. Jóhannssyni, Jóhannesi Hauki Jóhannessyni og Kjartani Guðjónssyni við undirbúning hinnar líkamlegu hliðar gamanleiksins, sem Nicholas segir nokkuð flókinn viðfangs.

„Það tók okkur langan tíma að útfæra þessi líkamlegu atriði þegar við settum verkið fyrst upp í Ástralíu, en þessi leið virkar fullkomlega. Það er því hagkvæmt að ég komi til landsins og hjálpi til, því annars gæti leikstjórinn þurft að eyða mörgum vikum í það sem ég get kennt leikhópnum á mjög stuttum tíma,“ útskýrir Nicholas.

Það kemur ekki á óvart að höfundurinn leggi mikla áherslu á hina líkamlegu hlið gamanleiksins, því á áttunda áratugnum og fram á þann níunda var hann farandlistamaður sem ferðaðist um allan heim og skemmti á götum úti. Auk þess að leika á allt að þrjú hljóðfæri samtímis skipaði látbragðsleikur stóran sess í sýningum Nicholas, ásamt uppistandi og allsherjar gríni.

**Fjórir stressaðir karlmenn**

Í stuttu máli fjallar Alvöru menn um fjóra menn sem notið hafa mikillar velgengni í starfi. Allir eiga þeir sameiginlegt að vera vel stæðir og þjást af miklu stressi. Einn þeirra er yfirmaður hinna og býður þeim með sér í stutta ferð á framandi slóðir, en lætur þá þó vita að einn þeirra muni missa vinnuna áður en dvölin er úti vegna endurskipulagningar fyrirtækisins sem þeir vinna hjá.

„Þegar þessir fjórir menn eru samankomnir á afskekktum stað grípur þá mikill keppnisandi, jafnframt því sem áhorfendur verða vitni að þeirri miklu hræðslu sem hrjáir þá alla hið innra,“ segir Nicholas. „Þeir þurfa að takast á við ýmis mál sem karlmenn gera lítið af að tala um. Karlmenn geta verið svo einangraðir, meðan konur tala um og deila fleiri hlutum sín á milli. Þetta eru mál eins og samskipti þeirra við maka sína, börn og ekki síst feður sína. Óuppgerð mál sem naga þá að innan.“

Nicholas segir síðastnefnda atriðið einna veigamest í framvindu verksins, sem og í lífi vestrænna karlmanna almennt. „Óuppgerð mál milli feðga eru hrikalega algeng og við erum flestir ringlaðir. Í raun bara drengir í karlmannsfötum. Sjálfur leysti ég ekki úr mínum málum við pabba minn fyrr en ég var orðinn 45 ára gamall. Þá loksins gat ég talað við hann eins og jafningja um ákveðna hluti sem gerðust þegar ég var tíu ára. Þetta er nauðsynlegt til að menn séu ekki hræddir við feður sína allt sitt líf og beri í kjölfarið kala til eldra fólks almennt.“

**Þörf á manndómsvígslum**

Hann telur þetta vandamál eiga við stærstan hluta karlmanna í hinum vestræna heimi og nefnir óeirðirnar í Bretlandi sem dæmi um óbeinar afleiðingar þess. „Í Englandi eru strákar á aldrinum fjórtán til sautján ára þeir sem flestir eru hræddir við. Þeir eiga kannski ekki fjölskyldu og búa sér til sína eigin fjölskyldu með því að ganga til liðs við gengi og sýna að þeir séu alvöru menn með því að ræna, lemja og drepa. Öll sú orka og sköpunargáfa sem ætti að nýtast til jákvæðra hluta beinist í neikvæðar áttir.“

Hann segir vestræn samfélög tilfinnanlega skorta einhvers konar manndómsvígslur, eins og tíðkast víða í frumbyggjaþjóðfélögum. „Þar sem ég ólst upp í Ástralíu felst þessi manndómsvígsla í því að detta í það, stunda kynlíf í baksæti á bíl og spreyja á veggi. Hjá frumbyggjum eru drengirnir teknir frá mæðrum sínum og meiddir á einhvern hátt. Þannig verða þeir að manni og bera örið til að minna sig á það. Við á Vesturlöndum höfum ekkert slíkt.“

> Sjálfur leysti ég ekki úr mínum málum við pabba minn fyrr en ég var orðinn 45 ára gamall. Þá loksins gat ég talað við hann eins og jafningja um ákveðna hluti sem gerðust þegar ég var tíu ára.

**Konurnar skemmta sér best**

Nicholas segir helsta styrkleika Alvöru manna þó fyrst og fremst felast í gamanseminni.

„Verkið er hrikalega fyndið, en það snertir líka fólk. Persónurnar hafa allar klúðrað lífi sínu á einhvern hátt, en samt finna áhorfendur til með þeim og þykir vænt um þær. Í leikritinu er ekki ein einasta kona og við gættum okkar vel á því að tala ekki niður til kvenna í handritinu. Þegar við frumsýndum leikritið kom það mér nokkuð á óvart að konurnar í áhorfendahópnum virtust skemmta sér best af öllum. Það er mikið um að konurnar gefi eiginmönnum sínum olnbogaskot þegar þær kannast við ýmislegt í fari þeirra í persónum leikritsins. Þegar við settum verkið upp í Sydney gekk ég framhjá hópi kvenna eftir sýninguna og þær sögðu mér að nú skildu þær maka sína miklu betur en áður. En svo bætti ein þeirra við að þær myndu samt ekki koma betur fram við þá,“ segir Nicholas og hlær.

Spurður hvort nokkur líkindi séu með Alvöru mönnum og hinu vinsæla verki Hellisbúanum eftir Rob Becker, sem einnig fjallar um eðli karlmanna á gamansaman hátt og hefur notið gríðarlegra vinsælda víða um heim, segir Nicholas svo ekki vera. „Hellisbúinn er gott leikrit, en við völdum að fara í aðrar áttir til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri. Við vitum að karlar eru frábrugðnir konum. Það þarf ekki að taka það fram aftur.“

**Krefst mikils af leikurunum**

Aðspurður segist Nicholas hafa hrifist mjög af leikhópnum sem stígur á svið í Alvöru mönnum í Austurbæ í september.

„Þetta er frekar einfalt verk. Við erum ekki að breyta heiminum og þetta er ekki Tsjekov, en þetta er góð saga sem sögð er á óvenjulegan hátt. Verkið krefst mikils af leikurunum. Þeir þurfa fyrst og fremst að vera afar færir leikarar til að geta túlkað berskjaldaða einstaklinga, en líka að geta grínast og sungið. Það er ekki lítið mál. Þú lofar að segja þeim ekki frá því, en þessir leikarar eru mjög góðir, gáfaðir og vinnusamir. Og Egill Ólafsson syngur betur en flestir aðrir sem ég hef séð fara með hlutverkið hans. Það verður ekki þurrt auga í húsinu. Svo skilst mér að Egill sé einn helsti hjartaknúsari landsins, svo líklega verður ekki þurrt sæti í húsinu heldur,“ segir Nicholas og skellir upp úr að lokum.



# ÁFRAM NÁMSMENN

ÞAÐ ER GAMAN AÐ VERSLA FYRIR SKÓLANN Í EYMUNDSSON



Hello Kitty vörur í úrvali



Verð 149 krónur

Svart góða strokleður



Verð 139 krónur

PVC frítt strokleður

Söluhæsta strokleðrið í Evrópu.



Crayola góðalitir

Endast miklu betur





Verð 429 krónur

Artline skriftarpenni 0,4

Vinsælasti skólapenninn.





HELGARTILBOÐ! 40% AFSLÁTTUR

beckmann

Bakpoki með festingum fyrir hjólabrettið

Verð krónur 7.699

Áður 12.799



Margar gerðir af skólatöskum fyrir allan aldur



Pennaveski í úrvali bæði fyllt og hólkar

SKÓLA-TÖSKUR FRÁ KRÓNUR 3.999





Verð 525 krónur

Trélitir í skemmtilegu hulstri 12. stk.

## TAKTU ÞÁTT Í SKÓLALEIK!

Allir sem versla fyrir 5.000 kr. eða meira geta tekið þátt í skólaleik Eymundsson. Þú gæti haft heppnina með þér.

- 2. stk gjafabréf að andvirði 20 þús frá Eymundsson
- 5 Partyplattar frá Subway
- Bíómiðar
- Prentari frá Brother

MUNIÐ ÁVÍSUN SEM SEND VAR FORRÁÐA-MÖNNUM 6 ÁRA BARNA. HÚN VEITIR 1.000 KRÓNA AFSLÁTT EF KEYPT ER FYRIR 5.000 KRÓNUR EÐA MEIRA

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Eymundsson.is

# Fórnarlambanna minnst

23. ágúst árið 1939 gerðu **Stalín** og **Hitler** hinn alræmda griðasáttmála sinn. Þar skiptu þeir með sér Mið- og Austur-Evrópu og hleyptu af stað seinni heimsstyrjöld. *Hannes Hólmsteinn Gissurarson*, prófessor í stjórnmálafræði, rifjar upp voðaverkin sem framin voru í nafni kommúnisma og nasisma í tilefni minningardags fórnarlambanna sem haldinn er 23. ágúst.



**GRIÐASÁTTMÁLINN UNDIRRITAÐUR** Joachim von Ribbentrop undirritar griðasáttmálann, sem Hitler gerði við Stalín 23. ágúst 1939. Stalín brosir breitt. MYND/BUNDESARCHIV

Evrópuþingið samþykkti árið 2009 að gera 23. ágúst að minningardegi fórnarlamba kommúnismans og nasismans. Valið á deginum var engin tilviljun. Stalín og Hitler gerðu hinn alræmda griðasáttmála sinn 23. ágúst 1939. Þar skiptu þeir með sér Mið- og Austur-Evrópu og hleyptu af stað seinni heimsstyrjöld. Þótt gyðingaofsóknir hefðu verið stundaðar í Hitlers-Þýskalandi allt frá valdatöku nasista í janúar 1933, færðust þær nú í aukana, og helförin hófst, skipulögð útrýming gyðinga í Evrópu. Talið er, að um 20 milljónir manna hafi týnt lífi af völdum nasista. Samkvæmt Svartbók kommúnismans, sem kom út á vegum Háskólaútgáfunnar árið 2009, hafa líklega um 100 milljónir manna fallið í valinn af völdum kommúnista, og munar þar mest um allt það fólk, sem svalt til bana undir stjórn Stalíns í Rússlandi og Úkraínu og Maós í Kína.

### Griðasáttmálinn og Ísland

Strax eftir að griðasáttmáli Stalíns og Hitlers var gerður, blossuðu upp deilur um hann í hinum nýstofnaða Sósíalistaflokki á Íslandi. Benjamín Eiríksson hagfræðingur skrifaði greinar, sem hann sendi málgagni flokksins, Þjóðviljanum, um það, að vinstri menn ættu ekki að fara eftir hagsmunum Ráðstjórnarríkjanna sem stórveldis, heldur hagsmunum hins alþjóðlega verkalýðs. Hann fékk greinar sínar ekki birtar fyrr en eftir mikið þóf. Halldór Kiljan Laxness, sem var þá eindreginn stalínisti, fékk hins vegar umsvifalaust birtar greinar, þar sem hann sagði efnislega, að eftir griðasáttmálann þyrftu sósíalistar ekki að hafa neinar áhyggjur af fasismanum. Hitler væri orðinn „spakur seppi“.

Í samræmi við griðasáttmálann lagði Stalín undir sig Eystrasaltsríkin og beitti þar hinu mesta harðræði. Tugþúsundir manna voru ýmist teknar af lífi eða sendar í útlegð til Síberíu. Þeir Hitler skiptu með sér Póllandi, og mátti ekki á milli sjá, hvor beitti meiri grimmd á yfirráðasvæði sínu. Stalín réðst einnig á Finnland í nóvemberlok 1939, og þegar meiri hluti flokksstjórnar Sósíalistaflokksins neitaði að fordæma árás hans, klofnaði flokkurinn. Var flokkurinn eftir það jafnan fylgispakur Stalín og eftirmönnum hans, uns hann var lagður niður 1968. Varði hann alla tíð kúgun kommúnista í Mið- og Austur-Evrópu. Fáir sem engir urðu hins vegar til þess hér á landi að mæla Hitler bót, eftir að ódæði nasista urðu lýðum ljós í stríðinu og eftir það.

### Nasismi og kommúnismi af sama meiði

Við Íslendingar horfðum á tuttugustu öld forviða og stundum skilningsvana á hamfarirnar úti í Evrópu. Árið 1945 urðu hér þó harðar deilur um boðskap austurríska hagfræðingsins Friedrichs von Hayek í Leiðinni til ánauðar. Þar hélt hann því fram, að nasismi og kommúnismi væru frekar hliðstæður en andstæður. Þetta væru tvær greinar af sama meiði, enda kenndu nasistar sig ekki síður við sósíalisma (orðið nasismi er stytting á nasjónalsósíalismi) en kommúnistar. Hvorki kommúnistar né nasistar vildu leyfa fólki að vaxa og dafna eftir eigin eðli og lögmáli, heldur átti hver og einn að þjóna ríkinu, allir að þramma saman í fylkingu. Bæði kommúnistar og nasistar skilgreindu óvini, sem kenna mætti um allt böl, kommúnistar borgarastéttina, nasistar gyðinga.

Í þessum ritdeilum hélt Ólafur Björnsson hagfræðingur skörulega uppi merki Hayek. Og vissulega fetuðu nasistar og fasistar um margt í fótspor kommúnista. Til dæmis lærði áróðursstjóri Hitlers, Jósep Göbbels, eflaust margt af áróðursmeistara kommúnista, Willi Münzenberg, sem var góðkunningi stalínistanna Halldórs Kiljans Laxness, Brynjólfs Bjarnasonar og Einars Olgeirssonar. Hvorir tveggja, kommúnistar og nasistar, stefndu að alræði, þar sem ekkert svið mannlífsins, jafnvel ekki fjölskyldan, svo að ekki væri minnst á íþróttir, vísindi og listir, var talið óháð hinum þunga hrammi ríkisins. Fróðlegt var einnig, að sumir kunnir fasistar höfðu áður verið sósíalistar, til dæmis Benito Mussolini á Ítalíu og Jacques Doriot í Frakklandi. Raunar snerust tveir ungir kommúnistar frá Norðurlöndum, sem íslenskir kommúnistar hittu iðulega á þingum Alþjóðasambands kommúnista í Moskvu á þriðja áratug, þeir Nils Flyg í Svíþjóð og Sverre Krogh í Noregi, síðar til fasisma.



**SAT Í FANGABÚÐUM STALÍNS OG HITLERS** Margarete Buber-Neumann sat fyrst í fangabúðum Stalíns og síðan í fangabúðum Hitlers. MYND/DEUTSCHE NATIONALBIBLIOTHEK



**UPPLÝSTI UM HELFÖRINA** Witold Pilecki var fyrst fangi nasista í Auschwitz, þar sem hann smyglaði út ómetanlegum upplýsingum um helförina. Síðan var hann fangi kommúnista í Varsjá og tekinn af lífi 1948. MYND: SVARTBÓK KOMMÚNISMANS

### Tvö fórnarlömb

20 milljónir. … 100 milljónir. … Eitt sér segir þetta okkur lítið, enda blæðir tölum ekki, eins og ungverski rithöfundurinn Arthur Koestler kvað að orði. Við þurfum að sjá fórnarlömbin, heyra nöfn þeirra, skilja örlög þeirra. Ég minnist á sum þeirra í væntanlegri bók um íslenska kommúnista 1918–1998. Eitt var Witold Pilecki, hugrakkur, pólskur liðsforingi, sem laumaði sér inn í Auschwitz til að komast að því, hvað þar væri um að vera, og smyglaði fyrstu upplýsingunum til umheimsins um hinn hræðilega bálköst, sem Hitler hafði þar búið gyðingum. Eftir stríð handtóku kommúnistar hann, því að þeir vissu, að hann yrði ekki þægur þjónn, og myrtu árið 1948.

Annað fórnarlamb var þýski rithöfundurinn Margarete Buber-Neumann. Maður hennar var einn af foringjum þýska kommúnistaflokksins, og flýðu þau eftir valdatöku Hitlers til Ráðstjórnarríkjanna. Þar var maður hennar handtekinn í hreinsunum Stalíns og síðan líflátinn. Sjálf var Margarete einnig handtekin 1938 sem „kona föðurlandsóvinar“ og send í fangabúðir í Karaganda í Kasakstan (á sama stað og Vera Hertzsch, barnsmóðir Benjamíns Eiríkssonar). Eftir að Stalín gerði griðasáttmálann við Hitler, afhenti hann Hitler marga þýska kommúnista, sem voru flóttamenn í Ráðstjórnarríkjunum, þar á meðal Margarete. Var hún send rakleiðis í fangabúðir nasista. Hún bar vitni í frægum réttarhöldum í Frakklandi 1949, sem snerust um það, hvort fangabúðir væru til í Ráðstjórnarríkjunum. Stefán Pjetursson ritstjóri, sem komst sjálfur naumlega hjá því að vera sendur í slíkar fangabúðir, sneri bók hennar um þessi meinlegu örlög á íslensku, Konur í einræðisklóm, sem kom út 1954.

### Gasklefar og prammar

Alræðisherrar tuttugustu aldar kunnu mörg ráð til að taka menn af lífi. Hitler leiddi gyðinga inn í gasklefa, Stalín setti stéttaróvini út á pramma á Volgufljót, þar sem þeim var sökkt, Maó svelti þá til bana. Með samþykktinni um minningardag fórnarlambanna hafa Evrópuþjóðir strengt þess heit að gleyma þessu ógæfusama fólki ekki. Einnig verður að hugsa til allra þeirra, sem urðu áratugum saman að þola undirokun og horfa í þögulli angist á ævi sína líða hjá, til dæmis í Eystrasaltslöndum og Austur-Þýskalandi. Og þótt nasistar séu fyrir löngu horfnir, ráða raunverulegir kommúnistar enn Norður-Kóreu og Kúbu og eiga sér málvini og jafnvel verjendur sums staðar á Vesturlöndum.


SKRIFBORÐ
og bókahillur!
















CD - og bókahillur í úrvali
Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

# ALLT FYRIR SKÓLANN!

Nú hefjast tómstundirnar aftur af fullum krafti og því er um að gera að vera rétt útbúinn.
Við erum með stútfullar búðir af nýjum haustvörum. Verið velkomin!







**PUMA BIG CAT HOODED SWEATER**
Hettupeysa úr bómull.
Stærðir: 128-176.

**4.990**

**SETT:** Stuttbuxur og bolur

(fullt verð 6.480)

**4.490**



**ADIDAS ST JERSEY / ADIDAS EQUIP SHORT**
Íþróttasett. Stuttbuxur og bolur úr ClimaLite-efni með öndun. Stærðir: 128-176.

fyrir **FLOTTA** skólakrakka!

**9.990**



**ADIDAS PREDATOR ABOSLADO IN JR**
Vandaðir innanhússíþróttaskór.
Stærðir: 28-38 2/3.

**INTERSPORT**

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / SMÁRALIND / www.intersport.is

ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

EXPO • www.expo.is

## TRÚÐSLEGUR BARÞJÓNABÚNINGUR






Líf Magneudóttir varaborgarfulltrúi telur annan varabúning Manchester United, sem liðið klæddist af og til á árunum 1992 til 1994, fremur bjánalegan. „Þessi treyja minnir helst á eitthvað sem írskir barþjónar gætu klæðst á degi heilags Patreks. Það vantar bara klunnalega háhattinn með smáranum. Þessi gula og græna tvískipting er líka dálítið trúðsleg. Auk þess hljóta þessar reimar í hálsinn að vera óþægilegar,“ segir Líf.

## LIÐ Í SVONA BÚNINGI TAPAR ILLA





Bæði þessi búningur [sem sést á myndinni] og sá sem íslenska landsliðið leikur í núna eru mjög líklega ljótustu búningar sem ég hef séð,“ segir fatahönnuðurinn Guðmundur Jörundsson þegar hann er beðinn um að nefna fótboltatreyju sem er honum lítt að skapi. „Búningar geta verið ljótir á skemmtilegan hátt, en þessi er einhvern veginn leiðinlega ljótur. Ef þessi búningur væri manneskja myndi hann búa í Svíþjóð, svo leiðinlegur er hann. Það sér hvert mannsbarn að lið í þessum búningi mun tapa, líklega illa. Einnig mættu treyjurnar vera nálægt því að vera í réttri stærð. Sjálfur myndi ég halda landsliðsþjálfaranum. Liðið kemst á EM 2012 í nýjum búningum, ekki með nýjum þjálfara,“ segir Guðmundur.

## ALGJÖRLEGA MAGNAÐ FYRIRBÆRI





Árin í kringum 1980 voru gullöld fótboltatreyjanna en á tíunda áratugnum hófst mikið hnignunartímabil. Ljótu treyjurnar frá þeim áratug eru svo margar að það er varla hægt að velja eina úr,“ segir Eiríkur Gunnsteinsson lögfræðingur, sem er mikill áhugamaður um fótboltatreyjur og hefur safnað þeim í áraraðir.

Hann segir treyjuna sem hann valdi sem þá ljótustu, búning bandaríska knattspyrnuliðsins Colorado Caribous frá síðari hluta áttunda áratugarins, í raun vera svo fáránlega ljóta að hún fari hringinn og verði flott aftur. „Á þessum tíma voru ótalmargar flottar treyjur á boðstólum, meira að segja í gömlu bandarísku deildinni NASL (North American Soccer League), sem lognaðist reyndar út af um miðjan níunda áratuginn. En svo tókst Colorado Caribous að bera þetta viðrini á borð. Líklega hefur þetta kögur um miðjan búninginn átt að vera svakalega töff, en gerir það að verkum að treyjan líkist helst gömlu sófasetti. Efri hlutinn er hvítur og neðri hlutinn er húðlitaður, með kögrinu á milli, þannig að hvítu leikmennirnir í hópnum líta út eins og magadansmeyjar. Þetta er algjörlega magnað fyrirbæri og ég gæfi aðra höndina fyrir að eiga upprunalega útgáfu af svona treyju,“ segir Eiríkur.

# Tígrisdýr, býflugur og gömul sófasett

Knattspyrnuáhugamenn hafa oft og tíðum afar ákveðnar skoðanir á treyjunum sem leikmenn eftirlætisliðanna þeirra klæðast. *Kjartan Guðmundsson* rifjaði upp nokkrar **fótboltatreyjur** sem skiptar skoðanir hafa verið um í gegnum tíðina, en þó aðallega á tíunda áratugnum.




**TILRAUNASTARFSEMI** Varatreyja Arsenal frá 1991, sem hlaut viðurnefnið „kreisti bananinn“, lét jafnvel goðsagnir á borð við markahrókinn Ian Wright líta illa út á velli.
NORDICPHOTOS/GETTY



**ENGAR ERMAR** Frá örófi alda hafa knattspyrnumenn leikið í treyjum með ermum. Kamerúnar reyndu að breyta reglunum í undanfara HM 2002 en FIFA bannaði liðinu að spila í ermalausu búningunum sínum á mótinu. Gripið var til þess ráðs að sauma þröngar svartar ermar á treyjurnar, sem losnuðu auðveldlega af í hita leiksins.
NORDICPHOTOS/GETTY




**TREYJA TÍGURSINS** Aðalbúningur Hull City árið 1992 var innblásinn af gælunafni liðsins, „tígrarnir“. Hönnunin vakti óhug hjá flestum knattspyrnuaðdáendum.



**SÆTIR Í BLEIKU** Hinir skærbleiku varabúningar Everton á síðustu leiktíð voru umdeildir. Einhverra hluta vegna sætta margir knattspyrnuunnendur sig illa við þennan tiltekna lit.
NORDICPHOTOS/AFP

## SKRAUTLEGIR MEXÍKÓAR

Mexíkóski landsliðsmaðurinn Jorge Campos er einn af litríkari leikmönnum fótboltasögunnar í bókstaflegum skilningi. Ekki var nóg með að hann væri jafnfær um að spila stöðu markmanns og sóknarmanns, jafnvel í einum og sama leiknum, heldur hannaði hann sína eigin markmannsbúninga sem vöktu athygli um allan heim fyrir litadýrð og óvenjulega sídd á ermunum.

Á HM í Frakklandi árið 1998 var Campos að venju skrautlegur í marki mexíkóska liðsins. Útileikmennirnir klæddust hins vegar stórfurðulegum treyjum sem á voru myndir sem vísuðu í þjóðararfinn. Kannski hefur ætlunin verið að hræða líftóruna úr andstæðingunum á þennan óvenjulega hátt.





**JORGE CAMPOS OG LUIS HERNÁNDEZ** Í leik með Mexíkó á HM ´98.
NORDICPHOTOS/GETTY & AFP

## ÓSÝNILEGI VARABÚNINGURINN

Hinn goðsagnakenndi grái varabúningur Manchester United leiktíðina 1995 til 1996 var hannaður með það fyrir augum að passa vel við gallabuxur, enda vinsældir ensku deildarinnar á hraðri uppleið um allan heim og fótboltatreyjur orðnar ásættanlegur hluti af hversdagsklæðnaði fólks.

Frægt varð þegar stjórinn Alex Ferguson fann upp á hugsanlega verstu afsökun allra tíma, þegar hann skipaði piltunum sínum að skipta úr gráu treyjunum yfir í bláar í hálfleik þegar liðið var 3-0 undir gegn Southampton vegna þess að leikmennirnir gætu ekki séð hver annan á vellinum í gráu búningunum. Southampton vann leikinn 3-1 og leikmenn Manchester United klæddust treyjunum aldrei aftur, sem vakti úlfúð meðal foreldra sem höfðu eytt stórfé í treyjurnar handa börnum sínum.



NORDICPHOTOS/GETTY

## „VIÐ ERUM SVARTIR, VIÐ ERUM GULIR!“



Það vakti gríðarlega athygli þegar KR-ingar stigu í fyrsta sinn út á völlinn í Býflugnatreyjunni svokölluðu sumarið 1989, þar sem hvítu röndunum í hinum fræga KR-búningi hafði verið skipt út fyrir gular. Þótti mörgum samsetningin jaðra við guðlast eða þaðan af verra, meðan öðrum fannst treyjan minna fullmikið á Skagamenn og enn aðrir býsnuðust hreinlega yfir fagurfræðilegum eiginleikum treyjunnar. Býflugnabúningurinn hefur skotið upp kollinum á leikjum KR-liðsins af og til í gegnum tíðina og hefur öðlast eins konar „költ-status“ meðal margra stuðningsmanna liðsins.

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

ágúst 2011

## Rómantík í New York

Nanna Teitsdóttir bloggar um eldamennsku og lífið í New York. Hún gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að lambalæri sem kryddað er með íslensku blóðbergi, rjúpnalaufum og berjum.

SÍÐA 6



## Ræktunin er ástríða

Freyja Hilmisdóttir byrjaði á matjurtarækt fyrir nokkrum árum og getur ekki hætt. Hún gefur uppskrift að morgunverðarskonsum úr heimaræktuðum kartöflum.

SÍÐA 2





# Þurrkuðu eplin mikið sælgæti

Þorsteinn Sigmundsson, bóndi í Elliðahvammi, ræktar epli og býr til eplasafa og eplasælgæti úr framleiðslunni.

Ég geri þennan eplasafa stundum úr eplum sem eru annars flokks hjá okkur. Síðan set ég smá hunang út í. Ég geri í raun og veru ekkert annað,“ segir Þorsteinn Sigmundsson, bóndi í Elliðahvammi, sem ræktar meðal annars epli, stikilsber, sólber, rifsber og jarðarber. „Síðan erum við með kirsuber, plómur og krydd.“ Þorsteinn framleiðir yfir eitt hundrað kíló af hunangi á ári og nú eru um þúsund epli í gróðurhúsi hans. Safinn er því að öllu leyti hans eigin framleiðsla en í hann notar hann þrjátíu til fjörutíu epli og um sjö prósent hunang. „Við fjölskyldan þurfum þá bara minna að fara í Bónus.“

Þorsteinn þurrkar einnig epli úr fram-

FRAMHALD Á SÍÐU 4



**vísir** *Hægt er að nálgast uppskriftir úr blaðinu á Vísi*

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

Hvunndags/til hátíðabrigða | Hvunndags | Annað kjöt en fuglakjöt

Grænmeti | Smáréttir | Heitt

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins.
**Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir
**Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Marta María Friðriksdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
**Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is







# Orðið að ástríðu

Freyja Hilmisdóttir gefur uppskrift að morgunverðarskonsum úr heimaræktuðum kartöflum. Hún byrjaði á matjurtarækt fyrir nokkrum árum og getur ekki hætt.

Ég hef mjög gaman af sjálfsþurftarbúskap," segir Freyja Hilmisdóttir en hún ræktar kartöflur og kál í garði sem hún leigir af Akureyrarbæ. Auk þess ræktar hún myntu og jarðarber, baunir, spínat og klettasalat á svölunum og kryddjurtir í eldhúsglugganum. „Svo er ég með annað eins í garðinum hjá foreldrum mínum á Hauganesi. Það er samvinnuverkefni okkar pabba. Hann smíðaði gróðurhús og tengdi þangað rafmagn og hitaveitu. Þetta er orðið að ástríðu hjá okkur," segir hún og hlær. „Við erum að prófa okkur áfram með hindber og sólber og höfum verið með rifsber í nokkur ár."

Sjálf segist Freyja ekki sulta mikið, frysta eða sjóða niður, best sé að borða berin strax og tína baunirnar og kálið beint á matarborðið. Kartöflurnar séu líka bestar glænýjar á borðið, með smjöri og salti. Hún lumar þó á uppskrift að morgunverðarskonsum úr kartöflum sem hún segir alla ráða við.

„Skonsurnar eru mjög einfaldar, þéttar í sér og góðar með smjöri, og sultu. Ég baka þær í muffinsformi og það eina sem þarf að passa er að setja ekki of mikið í hverja holu því þá verður hún of blaut í miðjunni."

- rat



Freyja Hilmisdóttir lumar á góðri uppskrift að morgunverðarskonsum úr kartöflum.
MYND/HEIDA.IS

## FLJÓTLEGAR KARTÖFLUSKONSUR

**250 g hveiti**
**200 g soðnar og afhýddar kartöflur**
**30 g púðursykur**
**300 ml AB-mjólk**
**2 tsk. lyftiduft**
**½ tsk. salt**
**1½ msk. ferskt og fínt saxað rósmarín (minna af þurrkuðu)**

*Kartöflur gróflega stappaðar, öllu blandað saman og bakað í 30-40 mín við 180° eða þar til fallega ljósgullið.*

*Ég nota silíkon-muffinsmót og tæplega hálffylli hverja holu af deigi.*

*Að sjálfsögðu er hægt að skipta kryddinu út fyrir nánast hvað sem hugurinn girnist.*



LÍFRÆNN MARKAÐUR Á LÆKJARTORGI

# Ferskt grænmeti daglega

Frá miðjum júlí hefur Ari Hultquist boðið vegfarendum að kaupa glænýtt lífrænt ræktað grænmeti í sölubás á Lækjartorgi. „Markaðurinn er á vegum Græna hlekksins," útskýrir Ari en Græni hlekkurinn er fyrirtæki sem sérhæfir sig í dreifingu á lífrænum afurðum, bæði íslenskum og erlendum. Hjónin Karólína Gunnarsdóttir og Þórður G. Halldórsson á lífrænu garðyrkjustöðinni Akri standa að baki fyrirtækinu.



Á lífræna markaðnum á Lækjartorgi selur Ari mest íslenskt grænmeti sem hann fær frá öllum helstu bændum sem stunda lífræna ræktun. Þá er hann einnig með eitthvað af lífrænum ávöxtum sem eru þá innfluttir. „Hér er mjög fjölbreytt úrval af grænmeti. Ég fæ það ferskt daglega frá bændum og oft býð ég grænmeti sem ekki fæst í verslunum," segir Ari og nefnir sem dæmi næpur, blaðlauk og grænkál.

Hann segir fólk hafa tekið mjög vel í framtakið. „Margir stoppa og spjalla og eru ánægðir með markaðinn. Þeir vilja sjá fleiri slíka á Lækjartorgi, til dæmis með blóm," segir Ari. Hann segir að kokkar bestu veitingastaða bæjarins líti einnig iðulega við og grípi með sér brakandi ferskt grænmetið.

Markaðurinn er opinn frá 11 til 17 frá þriðjudögum til laugardags en Ari hefur leyfi til að vera á Lækjartorgi út september. Rigning og kuldi hefur engin áhrif á Ara sem stendur vaktina í öllu veðri. „Rokið er hins vegar verra og ég þarf að víkja ef vindurinn verður of mikill."


ego dekor
-25%
-30%
Eikarskenkur
Stærð: 180 cm
Verð: 159.900,
ÚTSÖLUVERÐ: 119.925,-
Stækkanlegt eikarborð
Stærð: 160(248)x100
Verð:139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ 97.930.-
-25%
AIR tungusófi
Stærð: 285x165
Verð:245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ
183.750.-
-50%
TV Skenkur - Hvítt háglans
Breidd: 240 cm
Verð:139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ
69.950.-
-30%
AURORA sófaborð – Hvítt háglans
Stærð: 120x70 Verð: 49.900,-
ÚTSÖLUVERÐ 34.930.-
ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20-50% AFSLÁTTUR
-20%
WIND tungusófi
Stærð: 292x167 Verð: 244.000,-
ÚTSÖLUVERÐ 195.200.-
SKRAUTPÚÐAR FYLGJA
Hnotuskenkur
Stærð: 150 cm
Verð: 119.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 95.200,-
-20%
-30%
Hnotuborð
Stærð: 180x100
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ
69.930.-
-20%
SICILY tungusófi
Stærð:268x165 Verð: 219.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 175.200,-
-20%
MARGARET tungusófi
Stærð: 286x172 Verð: 245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 196.000,-
-25%
CLIO leðurstóll
ÚTSÖLUVERÐ
11.925,-
-20%
SABINE leðurstóll
ÚTSÖLUVERÐ
13.520,-
-25%
OLIVER stóll
ÚTSÖLUVERÐ
14.175,-
Opið mán-fös: 10:00 - 18:00
Opið um helgina: Lau 10:00 - 16:00 Sun 13:00 - 16:00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is



Skrælarann fékk Þorsteinn á ferð sinni um París í fyrrasumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Þorsteinn Sigmundsson gerir eplasafa úr framleiðslu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRAMHALD AF FORSÍÐU

leiðslu sinni. Hann sker eplin í skífur og setur í bakaraofn á blástur við vægan hita. „Við setjum þurrkuðu eplin í krukkur og bjóðum sem sælgæti á veturna. Krökkunum finnst það voðalega gott. Svo má líka nota þau út á grauta,“ segir Þorsteinn. Hann notar skrælara sem hann fékk úti í París í fyrrasumar til að skræla eplin. „Ég fór í búsáhaldaverslun og keypti þrjá skrælara handa fjölskyldunni.“

Þorsteinn segist hafa farið að gera meira úr eplaframleiðslu sinni á þessu ári heldur en oft áður. „Og einmitt úr þessum annars flokks eplum sem eru eitthvað gölluð,“ upplýsir Þorsteinn. Auk þess að matreiða eplin sjálfur selur hann þau á heimili sínu í Elliðahvammi.

Ávaxtaræktunin hófst fyrir um tíu árum að sögn Þorsteins. Inntur eftir því hvenær besti eplatíminn sé á Íslandi segir hann: „Næstu tvær til þrjár vikur eru uppskerutíminn hjá okkur. Þau fyrstu eru að koma núna með sæt og bragðgóð epli,“ segir Þorsteinn „Núna erum við að undirbúa að fá meira af góðum yrkjum frá Finnlandi, epla- og kirsuberjatré sem ætluð eru fyrir norræna svæðið. Einn mesti gúrú Evrópu er búinn að vera hér í nokkra daga með námskeið og við erum að læra hjá honum,“ upplýsir Þorsteinn og bætir við að hægt sé að sjá fyrir sér á Íslandi fullt af eplarækt og býflugnarækt.

- mmf



Vinberin eru girnileg í gróðurhúsi Þorsteins.



Eplaskrælarinn sker epil í skífur sem Þorsteinn þurrkar svo.



Fjölbreytt ávaxtaræktun er í Elliðahvammi.



Þorsteinn ræktar nokkrar tegundir af eplum í Elliðahvammi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið

Þú færð Fréttablaðið á 12 stöðum á Suðurnesjum.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt.**

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Suðurnesjum

N1 þjónustustöð, Aðalstöðinni, Keflavík
10-11, Keflavík
N1 verslun, Keflavík
Olís, Básinn, Reykjanesbæ
Samkaup Strax, Reykjanesbæ
10-11, Leifsstöð
Eymundsson, Leifsstöð
Tíu ellefu Hraðkaup, Reykjanesbæ
Nettó, Grindavík
Samkaup Strax, Sandgerði
Samkaup Strax, Garði
Bónus, Fitjum, Njarðvík

**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**

*Meðan birgðir endast




FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft



**Norræna félagið,** að Óðinsgötu 7, býður börnum upp á föndurаðstöðu á Menningarnótt. Þar geta þau búið til vinabönd og armbönd og teiknað og skreytt Múmínálfa. Þá verða tónleikar á Óðinstorgi frá 14-21, veitingasala frá Brauðbæ og markaðstorg á vegum Endurskoðenda borgarinnar.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512


## NÁMSAÐSTOÐ

**Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?**

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

**Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233**

Gæði & Glæsileiki

**Mikið úrval af fallegum skóm og töskum**



Sérverslun með
Gabor®

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

## ÚTSALAN Á FULLU, ALLT Á AÐ SELJAST.

**Haustið nálgast kuldinn bítur Úff, Úff.**

Dúnkápur/vattkápur 50% afsl. o.m.fl.

TOPPÞJÓNUSTA

TOPPVÖRUR

Næg bílastæði við búðarvegginn

ToppHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16


**Gréta Morthens tekur lagið með Bubba föður sínum á stórtónleikum Rásar 2 við Arnarhól í kvöld:**



# Meiri Bubbi en Brynja

Ég tek undir hvert orð í laginu og vil meina að ástin sé háskaleikur; sérstaklega þegar maður er ungur. Það er allt svo dramatískt, stórfenglegt, merkilegt og æðislegt," segir Gréta Morthens sem syngur vinsælasta lag þjóðarinnar með föður sínum Bubba Morthens.

„Ég þekki ekki annað en að vera dóttir Bubba. Áður fyrr var ég oft í hnút og

;FRAMHALD | 4

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



Meiri Vísir.

## KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp-upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir



**Námskeið** í heimavinnslu mjólkurafurða með áherslu á einfalda ostagerð verður haldið á vegum Ólafsdalsfélagsins í Tjarnarlundi, Saurbæ, laugardaginn 3. september. Sjá nánar á á www.olafsdalur.is.



„Námið er ætlað þeim sem eru með grunnþekkingu í líffæra- og sjúkdómafræði,“ segir Arnbjörg Linda nálastungulæknir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Nýtt nálastungunám

SKÓLI HINNA FJÖGURRA ÁRSTÍÐA Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG 16 BÝÐUR UPP Á 10 MÁNAÐA GRUNNNÁM Í KÍNVERSKRI LÆKNISFRÆÐI OG NÁLASTUNGU.

„Þetta er mun lengra nám í nálastungum en áður hefur þekkst hér á landi, enda er það sem fyrir er hvorki fugl né fiskur. Tekur jafnvel bara átta til tíu daga,“ segir Arnbjörg Linda Jóhannsdóttir, kennari í Skóla hinna fjögurra árstíða. Hún segir nálastungulækningar vera fjögurra ára háskólanám annars staðar í heiminum og hennar skóli sé að taka skref í átt að því. „Þetta er ein tegund læknisfræði og á allt öðrum grunni en sú vestræna.“

Arnbjörg Linda segir námið í hennar skóla ætlaðan þeim sem eru með grunnþekkingu í líffæra- og sjúkdómafræði, svo sem hjúkrunarfólki, sjúkraliðum og sjúkraþjálfurum. „Alþjóðaheilbrigðisstofnunin viðurkennir nálastungur sem part af læknisfræði og fer fram á 1.000 bóklega tíma og 1.500 verklega tíma áður en fólk getur unnið við nálastungulækningar. Ég er að fara í þessa átt og bjóða upp á 500 klukkutíma grunnnám og svo kúrsa með erlendum kennurum sem fólk getur tekið síðar eftir hentugleikum.“ Nánari upplýsingar eru á www.nalastungur.is. *- gun*



Konstantions Zaponidis mun kenna íkonamálun á Íslandi í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Námskeið í íkonamálun

**Námskeið í íkonamálun fer fram hér á landi í byrjun september. Gríski listamaðurinn Konstantinos Zaponidis stefnir á að halda mánaðarnámskeið í málun íkona og kenningum að baki þeirri list.**

Gríski listamaðurinn Konstantinos Zaponidis mun halda námskeið í málun íkona í septemberbyrjun. „Íkonamálun tengist trú sterkum böndum. Hún var þekkt á svæði grísk-kaþólsku eða rétttrúnaðarkirkjunnar, en Jesús og María voru oftast myndefnið,“ segir Zaponidis og bætir við að íkonarnir hafi oft verið í kirkjum.

Íkonamálun á sér langa sögu en að sögn Zaponidis hófst hún á fjórðu öld og er stunduð enn þann dag í dag. „Íkonamálun er sérstakt afbrigði myndlistar með ákveðnum stíl. Það er hægt að nota stílinn til að gera venjulegar myndir líka,“ útskýrir Zaponidis þegar hann er inntur eftir því hvort myndefni íkona tengist alltaf trú. „En þetta eru oftast trúartákn.“

Hvernig er íkonamálun frábrugðin öðrum tegundum málaralistar? „Athyglinni er auðvitað meira beint að trúarlegum málefnum, svo íkonamálunin er þar af leiðandi strangari. Áherslan er ekki á raunsæistúlkunina eins og fegurð fólksins eða smáatriði andlitanna heldur beinist athyglin að trúarlegu hliðinni.“

Zaponidis er reyndur íkonamálari, en hann hefur fengist við þá list frá árinu 1981. „Ég hef kennt íkonamálun í Grikklandi en einnig myndlist,“ segir Zaponidis, sem lærði listir í París. Hann hefur einnig lært að gera við listaverk, þeirra á meðal íkona. „Ég er líka sjálfur impressjónískur málari,“ segir Zaponidis, sem sýnir verk sín um þessar mundir í L51 Artcenter á Laugavegi 51. Sýning hans mun standa til 31. ágúst.

Zaponidis er inntur eftir því hvort námskeiðin séu bæði fyrir byrjendur og lengra komna málara. „Allir geta komið, það er fyrir alla sem vilja læra. Ég mun fara bæði yfir kenningar að baki íkonamálun og svo kenni ég líka málun íkonanna.“ Zaponidis hóf að kenna einum nemanda í byrjun síðustu viku en langar að kenna stífari námskeið sem varað gætu í um mánuð, ef áhugi er fyrir því hér á landi.

Nánari upplýsingar um námskeiðin og skráningu er hægt að fá með tölvupósti á artinicons@gmail.com eða í síma 897-0231.

*martaf@frettabladid.is*

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**Office Skills Programme for Foreign Students**

Office Skills Programme for students, over the age of 20, not having Icelandic as their mother tongue. The courses are taught both in basic Icelandic and English.
**Time:** Mondays, Tuesdays and Wednesdays from 17:30 to 20:30. See mk.is or contact Inga Karlsdóttir í 5944000/8244114.

**NOKKUR SÆTI LAUS!**

**Skrifstofubraut I**

Er tveggja anna hagnýt braut þar sem **höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Kennslutími:** Kl. 8:20 – 13:00. og einnig 12:35 – 16:35. Kennsla hefst 24. ágúst

**Brautin er einnig kennd í fjarnámi – sjá mk.is**

**Skrifstofubraut II - rekstrarfulltrúi**

Tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi.
**Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.**
**Inntökuskilyrði:** Krafist er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.
Þeir nemendur sem lokið hafa námi af skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi ganga fyrir um skólavist.
**Kennslutími:** Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 24. ágúst
Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/8244114 eða í inga.karlsdottir@mk.is

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**FJARNÁM**

Skráning á haustönn fer fram 30. ágúst til 6. september á slóðinni www.fa.is/fjarnam

Lækkað verð





Það er gaman hjá söngvurunum sem ætla að sigra hjörtu áheyrenda á Ítalíu á næstunni, Kristjáni, Unu, Aðalsteini, Unni og Kristjáni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þetta er nýi tíminn

**Fjórir nemendur Kristjáns Jóhannssonar óperusöngvara eru á leið til Ítalíu ásamt meistara sínum til að syngja á tvennum tónleikum. Spenna og tilhlökkun ríkir í hópnum en þó einkum heiðurstilfinning.**

„Ítalíuferðin er tækifæri fyrir okkur og áríðandi skref í því að koma okkur á framfæri við umboðsmenn og ráðandi fólk í tónlistarlífi á Ítalíu,“ segir Una Dóra Þorbjörnsdóttir sópransöngkona, ein fjögurra nemenda Kristjáns Jóhannssonar söngvara sem munu koma fram á tvennum tónleikum á Ítalíu í næsta mánuði. Hinir eru Unnur Helga Möller sópran, Aðalsteinn Már Ólafsson barítón og Kristján Jóhannesson bassabarítón. Þau eru mislangt komin í námi. Kristján skemmst, enda er hann yngstur í hópnum, verður 19 ára annan sunnudag.

Þetta mun vera í fyrsta sinn sem ferð af þessu tagi er farin með söngnemendur héðan. „Það verður gaman að fylgjast með hvernig við stöndum í samanburði við aðra sem þarna koma fram,“ segir Aðalsteinn. Unnur Helga tekur undir það. „Það sem Kristján er að gera er hreint frábært. Hann er að leiða okkur að stökkpallinum.“ „Já, það er heiður að hann skuli hafa þessa trú á okkur,“ bætir Una við. Kristján yngri er líka ánægður með nafna sinn og segir hann leggja mikinn metnað í kennsluna. „Ólíkt flestum öðrum kennurum hefur hann verið að kenna í allt sumar.“ „Frí er ekki til í hans orðabók,“ botnar Aðalsteinn.

Aðrir tónleikarnir á Ítalíu eru á vegum Associazione Soldano, tónlistarfélags og umboðsskrifstofu í Brescia. Þeir bera nafnið Le voci del Nord. Hinir eru í Modena og eru minningartónleikar um Sergio Pagliani sem hjálpaði mörgu ungu fólki að taka sín fyrstu skref í tónlistarheiminum. Hann bauð Kristjáni Jóhannssyni til dæmis fyrstur manna inn á alþjóðlegt svið.

Teymið ætlar að halda tvenna tónleika á Íslandi áður en það heldur utan og afla fjár fyrir ferðina. Þar verða fluttar söngperlur eftir íslensk og erlend tónskáld. Fyrri tónleikarnir verða í sal Söngskóla Sigurðar Dementz að Skógarhlíð 10, 25. ágúst og þeir seinni í Ketilhúsinu á Akureyri 28. ágúst.

Kristján kennir fólki ekki bara söng heldur líka tjáningu og að njóta þess að vera á sviði. „Þetta er nýi tíminn,“ segir hann. „Ég vil líka að íslenskir söngvarar séu tilbúnir í góð hús erlendis yngri en tíðkast hefur hingað til.“

*gun@frettabladid.is*



Endurmenntunarskóli Tækniskólans býður upp á fjölda námskeiða fyrir almenning ásamt sérhæfðum námskeiðum fyrir starfsfólk ólíkra atvinnugreina. Meðal námskeiða má nefna gítarsmíði, olíumálun, silfursmíði, steinslípun, húsgagnaviðgerðir, tímastjórnun, og teiknimyndagerð. Námskeiðin eru styrkhæf hjá flestum fræðslusjóðum stéttarfélaga.

**Heimild: tskoli.is/namskeid**


STÖKK TIL FRAMTÍÐAR
INNRITUN ER HAFIN Í KLASSÍSKA LISTDANSSKÓLANN
NÁMSKEIÐ Í BOÐI FYRIR 3 ÁRA OG ELDRI



ÖNNUR NÁMSKEIÐ:
FRANKLIN METHOD 22. -25. ÁGÚST
BALLET 2X Í VIKU
OG MARGT MEIRA

Inntökupróf 26. ágúst

KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN
Grensásvegi 14 & Álfabakka 14a s: 534 9030 mail: info@ballet.is

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU SKÓLANS
WWW.BALLET.IS



MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK



VETRARNÁMSKEIÐ 2011 - 2012
www.myndlistaskolinn.is

ALMENN NÁMSKEIÐ

teikning

| | | |
|---|---|---|
| 17:30-21:30 mán. | Teikning 1 | Sólveig Aðalsteinsdóttir |
| 17:30-21:30 mið. | Teikning 1 | Eygló Harðardóttir |
| 17:30-21:30 þri. | Teikning 2 | Sólveig Aðalsteinsdóttir |
| 09.00-11.45 fim. | Teikning 1 morguntímar | Katrín Briem |
| 09.00-11.45 mið. | Teikning 2 morguntímar | Katrín Briem |
| 17:45-21:30 mán. | Módelteikning | Margrét H.Blöndal |
| 09.00-11.45 mán. | Módelteikning morguntímar | Katrín Briem |
| 17:45-20:30 mið. | Módelteikning framhald | Katrín Briem |
| 09.00-11.45 þri. | Listnám 60+ | NN |
| 09.00-11.45 mið. | Listnám 60+ / Bakkastöðum | Brynhildur Þorgeirsdóttir |

málun - vatnslitun- endurmenntun ofl.

| | | |
|---|---|---|
| 17.30-20.15 mán. | Málun 1 | Birgir Snæbjörn og Sigurður Árni |
| 17.30-20.15 fim. | Málun 2 | Sigtryggur B. Baldvinsson |
| 17:30-20:15 mið. | Málun 3 | Einar Garibaldi Eiríksson |
| 17.30-20.15 þri. | Málun 4 | Einar Garibaldi Eiríksson |
| 13.15-16.00 fös. | Frjáls málun | Sigtryggur B.Baldvinsson |
| 17:30-21:40 mán. | Litaskynjun | Eygló Harðardóttir |
| 09.00-11.45 þri. | Málun 1 morguntímar | Birgir Snæbjörn og Sigurður Árni |
| 08.45-11.30 fös. | Málun 2 morguntímar | Sigtryggur B. Baldvinsson |
| 09.00-11.45 mið. | Málun 3 morguntímar | Einar Garibaldi Eiríksson |
| 10.00-12.45 lau. | Málun 4 Módel- og Portrettmálun | Birgir Snæbjörn Birgisson og Karl Jóhann Jónsson |
| 17.30-20.15 þri. | Vatnslitun framhald | Hlíf Ásgrímsdóttir |
| 09.00-11.45 mið. | Vatnslitun -Teikning morgunt. | Hlíf Ásgrímsdóttir |
| 13.30-17.00 þri. | Tilraunastofa í myndlist fyrir hreyfihamlaða. | Margrét H. Blöndal og Eygló Harðardóttir |
| 09.00-11.45 fös. | Vinnustofa Aflagranda | NN |
| 13.00-16.30 þri. | Vinnustofa Hvassaleiti | Kristinn G. Harðarson |
| 13.00-16.30 fös. | Vinnustofa Hvassaleiti | Kristinn G. Harðarson |
| 10.00-16.00 lau. | Endurmenntun fyrir Leikskólakennara | Elsa Dóróthea Gísladóttir og Hildigunnur Birgisdóttir |

form - rými

| | | |
|---|---|---|
| 17:30-20:40 fim. | Form, rými og hönnun | Hildur Bjarnad., Sólveig Aðalsteinsd. og Guja Dögg Hauksd. |
| 17:30-20:40 þri. | Gróðurhús hugmyndanna. | Hildur Steinþórsdóttir og Eygló Harðardóttir |

keramik

| | | |
|---|---|---|
| 17.30-20.15 mán. | Leirkerarennsla | Guðbjörg Káradóttir |
| 17.30-20.25 þri. | Leirmótun og rennsla | Guðný Magnúsdóttir |
| 18:00-22:00 mið. | Grundvallaratriði í keramiki - KEV173 | Guðný Magnúsdóttir og Guðbjörg Káradóttir |

ljósmyndun

| | | |
|---|---|---|
| lau og þri | Ljósmyndun svart/hvít | Erla Stefánsdóttir og Vigfús Birgisson |
| lau og þri | Ljósmyndun svart/hvít II | Erla Stefánsdóttir og Vigfús Birgisson |
| mán og lau | Ljósmyndun stafræn | Vigfús Birgisson |
| mán og lau | Ljósmyndun stafræn II | Vigfús Birgisson |

indesign - photoshop

| | | |
|---|---|---|
| 5 daga | InDesign-Photoshop | Magnús Valur Pálsson |

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ

4 - 5 ára

| | | |
|---|---|---|
| 15.15-17.00 þri. | 4 - 5 ára Myndlist | Guðrún Vera Hjartardóttir |
| 10:15-12:00 lau. | 4 - 5 ára Myndlist | Sigríður Helga Hauksdóttir |
| 12:30-14:15 lau. | 4 - 5 ára Myndlist | Sigríður Helga Hauksdóttir |

6 - 12 ára

| | | |
|---|---|---|
| 15.15-17.00 má. | 6 - 9 ára Myndlist | Brynhildur Þorgeirsdóttir |
| 15:15-17:00 má. | 6 - 9 ára Myndlist | Ína Salóme Hallgrímsdóttir |
| 15.15-17.00 þri. | 6 - 9 ára Myndlist | Ína Salóme Hallgrímsdóttir |
| 15.15-17.00 mi. | 6 - 9 ára Myndlist | NN |
| 15:15-17:00 fim. | 6 - 9 ára Myndlist | NN |
| 15:15-17:00 fim. | 6 - 9 ára Myndlist | NN |
| 15:15-17:00 fös. | 6 - 9 ára Myndlist | NN |
| 10:15-12:00 lau. | 6 - 9 ára Myndlist | NN |
| 15.00-17.15 má. | 8 - 11 ára Arkitektúr | Hildur Steinþórsdóttir |
| 15.00-17.15 fim. | 8 - 11 ára Leirrennsla og mótun / Guðbjörg Káradóttir | |
| 15.00-17.15 þri. | 10 - 12 ára Stuttmyndagerð / Kolbeinn H. Höskulds. | |
| 15.00-17.15 mið. | 10 - 12 ára Myndlist-Handverk-Hönnun / NN | |
| 15:00-17:15 fim. | 10 - 12 ára Teikning-Málun-Grafík/ Þorbjörg Þorvaldsd. | |
| 15.00-17.15 fös. | 10 - 12 ára Myndasögur / Jean Posocco | |
| 10.00-12.15 lau. | 10 - 12 Leir og Skúlptúr / Guðbjörg Kárad.og Anna Hallin | |

ungt fólk

| | |
|---|---|
| 18.00-20.55 þri. | 13 - 16 ára Stuttmyndagerð / Kolbeinn Hugi Höskuldsson |
| 18.00-20.55 fim. | 13 - 16 ára Teikning-Málun-Grafík / Þorbjörg Þorvaldsd. |
| 16.00-18.55 fös. | 13 - 16 ára Leirmótun / Guðný Magnúsd. og Anna Hallin |
| 10:00-12.55 lau. | 13 - 16 ára Myndasögur / Jean Posocco |

Grafarvogur / Bakkastaðir 4 - 16 ára

| | |
|---|---|
| 15:15-17:00 má. | 4 - 5 ára Myndlist - Bakkastöðum /Guðrún Vera Hjartard. |
| 15.15-17.00 þri. | 6 - 9 ára Myndlist - Bakkastöðum / Brynhildur Þorgeirsd. |
| 15:00-17:15 mið. | 10 - 12 ára Myndlist - Bakkastöðum /Brynhildur Þorgeirsd. |
| 15.00-17.55 fim. | 13 - 16 ára Myndlist - Bakkastöðum / Kristín Reynisdóttir |

INNRITUN stendur yfir
www.myndlistaskolinn.is
sími 551-1990 á skrifstofutíma mán-fim kl.13-17 og fös kl.13-16



**Ráðstefnan Radical Love** með Heidi Biker, sem er þekkt fyrir öflugt starf í þágu fátækra og munaðarlausra barna um allan heim, heldur fyrirlestra í Fjölbrautaskóla Garðabæjar um helgina. Hún býr í Mósambík ásamt eiginmanni sínum en þau eru stofnendur hjálparsamtakanna Iris Ministris. Sjá nánar á facebook undir HEIDI BAKER - RADICAL LOVE CONFERENCE



Gréta Morthens segir Meskalín vera í mestu dálæti af lagasmíðum föður síns.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framhald af forsíðu

skammaðist mín rosalega fyrir hann, en í dag er ég afar stolt af honum og lít mikið upp til hans," segir Gréta sæl og þakklát föður sínum fyrir ósk hans um þátttöku hennar í hinu vinsæla lagi, Háskaleik. „Mér brá dálítið yfir viðtökunum en þeim fylgir afar góð tilfinning. Ég hef aldrei heillast af frægðinni einni sér, en það skemmtilegasta sem ég geri er að syngja frammi fyrir áhorfendum. Ég hef verið sísyngjandi síðan ég var smástelpa og stundum klöppuðu nærstaddir fyrir mér, sem mér fannst æði," segir Gréta í einlægni.

Á vori komanda lýkur hún stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og þaðan liggur leiðin út í söngnám.

„Mig dreymir um að gera sönginn að ævistarfi en á eftir að finna réttu leiðina. Ég hef einnig mjög gaman af leiklist og dansi, og söngleikjalínan heillar eftir að hafa horft ótal sinnum á uppfærslu Litlu hryllingsbúðarinnar þar sem pabbi lék plöntuna þegar ég var lítil," segir Gréta sem í kvöld stígur á svið með Bubba og Sólskuggunum frammi fyrir stærri áhorfendaskara en nokkru sinni, auk áheyrenda útsendingar tónleikanna á Rás 2.

„Ég er miklu meira spennt en stressuð að fara á svið. Ég veit að það er alltaf til fólk sem hefur misjafnar skoðanir á manni, rétt eins og pabba mínum, en ég tek það ekki nærri mér. Sjálf er ég einn af hans mestu aðdáendum, finnst hann gera æðislega tónlist og texta, og upphefð að því að syngja með honum frammi fyrir alþjóð,"segir Gréta stolt.

Þekktar eru fjölmargar lagasmíðar Bubba til móður hennar, Brynju, bæði þegar þau voru saman og eftir skilnaðinn.

„Ég er víst miklu meiri Bubbi en Brynja," segir Gréta hlæjandi. „Ég er miklu líkari pabba en mömmu, rokkari í eðlinu og uppreisnargjörn, en ekki eins ýkt og pabbi. Ég er villingur en orðin stilltari eftir að hafa verið erfið gelgja," segir hún og brosir blítt yfir tvöföldum café latte með karamellusírópi.

„Ég er mikil kaffimanneskja og held mig aðallega á kaffihúsum miðbæjarins um helgar. Ég vil meina að ég sé menningarlega sinnuð og reyni að kynna mér það helsta á öllum sviðum mannlífs og menningar um helgar, enda mikil félagsvera og finnst gaman að vera með fólki."

*thordis@frettabladid.is*

# Fékk fyrsta búninginn þegar hún var eins árs

**Börn frá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur mæta í þjóðbúningum við Árbæjarsafn á morgun og stíga dans á torginu milli klukkan tvö og þrjú. Öllum börnum er velkomið að taka þátt, læra sporin og dansa með.**



Eydís Gauja er meðal þeirra sem ætla að læra að dansa við Árbæjarsafnið á morgun og gera eins og kennarinn segir.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árlegur búningadagur Árbæjarsafns verður haldinn á morgun. Þá verður sýning á íslenskum barnaþjóðbúningum og kynning á námskeiðum í gerð þeirra. Einnig munu börn frá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur dansa og kynnt verða námskeið í barnadönsum sem fram undan eru hjá félaginu.

Eydís Gauja Eiríksdóttir er eitt þeirra barna sem ætla að dubba sig upp á sunnudaginn til að taka þátt í þjóðdönsum við Árbæjarsafnið. Hún kveðst oft hafa komið í safnið áður og tekið þátt í mörgu skemmtilegu en man ekki til þess að hún hafi dansað þar fyrr. „Ég ætla sko að prófa það núna," segir hún full tilhlökkunar.

Eydís Gauja er átta ára og á heima á Álftanesinu. Mamma hennar, Oddný Kristjánsdóttir, kennir þjóðbúningasaum hjá Heimilisiðnaðarfélaginu og er alger sérfræðingur í þeirri tegund fata. Það kemur því ekki á óvart að Eydís Gauja svarar játandi þegar hún er spurð hvort hún eigi búninginn sem hún ætlar að dansa í. „Ég er nú búin að eiga dálítið marga því ég er alltaf að stækka. Þann fyrsta fékk ég þegar ég var eins árs," segir hún eins og ekkert sé sjálfsagðara. „Ég er sko búin að venjast svona búningum og get alveg leikið mér í þeim og svoleiðis. Svo finnst mér bara svo gaman að vera í þeim því þá er ég svo fín."



Eydís Gauja Eiríksdóttir átta ára í þjóðbúningi að leika sér og dansa.

Þar sem Eydís Gauja er með sítt hár segir hún húfuna festast vel í fléttum. En hefur hún einhverntíma dansað í íslenskum búningi? „Nei, bara snúið mér í hringi og þá fer pilsið út og líka svuntan og skúfurinn."

Það verður örugglega pilsaþytur við Árbæjarsafnið þegar litlu dömurnar mæta margar saman og snúa sér í hringi í þessum þjóðlegu klæðum. En hvað um herrana. Þekkir Eydís Gauja einhverja stráka sem eiga hnébuxur, viðeigandi treyjur og uppháa sokka? „Ég hef bara hitt tvo stráka í svoleiðis fötum, annar er frændi minn og hinn var einhver sem ég hitti á safninu," segir hún. En býst hún ekki við að stíga dans við einhvern þannig klæddan á sunnudaginn? „Ég veit það ekki," svarar hún einarðlega. „Það fer eftir því hvað kennarinn vill. Hann hlýtur að stjórna og þá geri ég bara eins og hann segir."

*gun@frettabladid.is*


Menningarnótt í Flash



Haustvörurnar komnar frá París, London og New York

20% afsláttur í dag

Opið 11 - 21

Léttar veitingar milli 18 og 21

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




## Fyrsti Inndjúpsdagurinn

**Fjölskylduhátíð með miðaldaívafi við innanvert Ísafjarðardjúp.**

Inndjúpsdagurinn verður haldinn í fyrsta skipti í dag en þá verður efnt til fjölskylduhátíðar með miðaldaívafi við innanvert Ísafjarðardjúp. Inndjúpsdagurinn er samstarfsverkefni fræðimanna sem starfað hafa við fornleifauppgröft í Vatnsfirði, aðila í ferðaþjónustu við innanvert Ísafjarðardjúp og Súðavíkurhrepps. Ýmislegt verður í boði. Miðaldahlaðborð með hirðdansleik, miðaldaleikir, spennandi fornleifaleiðsögn og frumsaminn leikþáttur um Björn Jórsalafara, hinn mikla höfðingja sem bjó í Vatnsfirði með hirð sinni.

Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp er einn af merkustu sögustöðum landsins en allt frá landnámsöld og fram yfir siðaskipti var Vatnsfjörður stórbýli og höfðingjasetur. Undanfarin átta ár hafa farið fram umfangsmiklar fornleifarannsóknir í Vatnsfirði en elstu mannvistarleifar sem fundist hafa þar eru frá því snemma á 10. öld og segja má að þar hafi fundist eina heildstæða víkingaþorpið á Íslandi. Boðið verður upp á ókeypis leiðsögn um fornleifaleitarsvæðið í Vatnsfirði í dag klukkan 13 og 15 og kl. 11 á morgun.

Í Heydal við Mjóafjörð, skammt frá Vatnsfirði, verður efnt til miðaldadagskrár á Inndjúpsdeginum í anda Björns Jórsalafara (1350-1415). Í kvöld verður boðið upp á hlaðborð með miðaldaívafi í Heydal og að því loknu verður efnt til hirðdansleiks þar sem meðal annars verða kynntir miðaldadansar. Þá gefst börnum og unglingum tækifæri á að taka þátt í miðaldaleikjum á hátíðinni í Heydal og að fara í stutta reiðtúra gegn vægu gjaldi.

**Vissir þú að . . .**

Húsnæðissamvinnufelagið Búseti er rekið án hagnaðarsjónarmiða og er í eigu félagsmanna hverju sinni

Félagið var stofnað árið 1983 og býður í dag upp á rúmlega 700 íbúðir í Reykjavík, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ og Kópavogi. Þar af heyra um 200 undir Leigufélag Búseta

Félagsaðild í Búseta er öllum opin óháð aldri eða búsetu

BÚSETI
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

**93,9%**
**mæla með Búseta**

Samkvæmt þjónustukönnun Capacent mæla 94% íbúa með félaginu við vini og fjölskyldumeðlimi

# Hefur þú kynnt þér búseturétt ?



**“Þriðja leiðin”**
**á húsnæðismarkaðnum.**
Hafðu samband eða farðu á www.buseti.is og kynntu þér málið !

**Við byggjum til framtíðar**
Á teikniborðinu eru vönduð sér- og fjölbýli á eftirsóttum stöðum innan höfuðborgarsvæðisins

**Fylgstu með !**

Ertu að leita að öruggri búsetu til lengri eða skemmri tíma ?
Búseti er valkostur fyrir sjálfstæða Íslendinga sem vilja búa við öryggi og frelsi

## Öryggi

- Þitt húsnæði meðan þér hentar
- Vandað húsnæði í góðu ástandi
- Óvænt útgjöld heyra sögunni til

## Hagkvæmni

- Þú festir minni fjármuni í fasteign
- Þú færð vaxtabætur eins og eigandi
- Rekstrar- og viðhaldsgreiðslur innifaldar í mánaðargjaldi.

## Frelsi

- Kaupskylda félagsins á búseturétti veitir þér frelsi
- Íbúalýðræði í húsfélagi
- Félagið sér um viðhald húseignar meðan þú nýtur lísins







Búseti hsf. • Skeifan 19, 108 Reykjavík • sími: 520 5788 • fax:533 5749 • buseti@buseti.is • www.buseti.is

## Hafnarstræti 15
600 Akureyri
Fallegt hús í hjarta Akureyrar

**Stærð: 184,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1937**
**Fasteignamat: 20.000.000**

RE/MAX Senter





**Bókið skoðun hjá Þóru** | **Verð: 31.000.000**

RE/MAX Senter og Þóra kynna fallegt einbýlishús í hjarta Akureyrarbæjar.
Um er að ræða stílhreynt og vel viðhaldið einbýlishús með 3 stórum svefnherbergjum, 2 stofum, eldhúsi, 2 baðherbergjum, stóru þvottahúsi og góðri geymslu. Bílskúr og stór garður fylgja eigninni.
Húsið hefur fengið gott viðhald, rafmagn, gluggar og gler og frárennslislagnir hafa verið endurnýjuð á síðustu 10-15 árum.
Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**0**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

---

RE/MAX®

Skráðu fasteignina þína hjá okkur og við seljum hana!

# Vönduð og góð þjónusta
# Hringdu núna!



Ástþór Reynir
Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
arg@remax.is

Þóra Birgisdóttir
**777 2882**
thora@remax.is

---

## Brúnastaðir 4
112 Reykjavík
Fallegt parhús á einni hæð

**Stærð: 166 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1999**
**Fasteignamat: 33.150.000**

RE/MAX Senter

**Opið Hús**



**Opið hús sunnudag kl 17:00 - 17:30.** | **Verð: 44.900.000**




RE/MAX SENTER kynnir: Fallegt og vel skipulagt raðhús á vinsælum stað í Grafarvogi. Húsið er byggt árið 1999. Húsið er vel skipulagt með mikla lofthæð og stóran og fallegan garð. Alls 166,1 fm + ca. 16fm milliloft.
Nánari lýsing: Komið er inn í flísalagða forstofu. Þaðan er gengið inn í opið rými sem telur stofu, borðstofu, eldhús og milliloft sem nær yfir eldhúsið og nýtist sem skrifstofu/tómstundarrými.
Hjónaherbergið er rúmgott, hátt til lofts og með miklu skápaplássi, barnaherbergin eru 2 og einnig með skápum. Baðherbergið er flísalagt hólf og gólf með hornbaðkari, sturtu, handklæðaofni og upphengdu wc og góðri innréttingu. Einnig er góð geymsla yfir baðherberginu.
Eldhúsið er stórt með gashelluborði, miklu skápa og borðplássi, flísar á gólfi. Gengið er inn í þvottahús úr eldhúsinu.


Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

---

## Brekkugata 8
600 Akureyri
Gistiheimili í hjarta Akureyrar

**Stærð: 278,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 9**
**Byggingarár: 1925**
**Fasteignamat: 24.250.000**

RE/MAX Senter





**Bókið skoðun hjá Þóru** | **Verð: Tilboð**

RE/MAX Senter og Þóra kynna fullbúið gistiheimili í góðum rekstri í hjarta Akureyrar.
Um er að ræða hús með 9 herbergjum, borðstofu, eldhúsi, baðherbergjum og öllum búnaði til rekstrar gistiheimilis.
Húsið er rekið í nafni Gulu villunnar við góðan orðstýr.
Gott tækifæri fyrir hjón eða aðila til að vinna í lifandi umhverfi og skapa sínar eigin tekjur.
Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**0**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

---

## Þingvallastræti 14
600 Akureyri
Gistiheimili í fullum rekstri

**Stærð: 251,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 9**
**Byggingarár: 1933**
**Fasteignamat: 25.150.000**

RE/MAX Senter





**Bókið skoðun hjá Þóru** | **Verð: Tilboð**

RE/MAX Senter og Þóra kynna fullbúið gistiheimili í góðum rekstri á móti Sundlaug Akureyrar.
Húsið er með 8 herbergi, baðherbergi, eldhús og allan búnað til rekstrar gistiheimilis. Húsið er leigt út allan ársins hring og býður upp á góða tekjumöguleika fyrir aðila sem vilja vinna sjálfstætt í lifandi umhverfi. Húsið er rekið í nafni Gulu villunnar ásamt eigninni við Brekkugötu 8.
Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**0**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

---

## Tjarnarból 6
170 Seltjarnarnes
5 herbergja íbúð með útsýni

**Stærð: 128,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1972**
**Fasteignamat: 22.750.000**

RE/MAX Senter

**Opið Hús**



**Sunnudaginn kl. 18-18.30** | **Verð: 26.900.000**




RE/MAX Senter og Þóra kynna rúmgóða, 5 herbergja íbúð á 4hæð með miklu útsýni til suðurs.
Íbúðin skiptist í hol, eldhús með borðkrók og búri, stofu, borðstofu, hjónaherbergi, 3 barnaherbergi og baðherbergi.Nánari lýsing; Komið er inn í opið hol með skápum, á hægri hönd er eldhús með upprunalegri innréttingu og borðkrók og geymslu innaf eldhúsi er með hillum. Stofa og borðstofa eru með stórum gluggum og miklu útsýni í suður, út úr stofu eru góðar svalir. Á svefnherbergisgangi eru skápar og gengið inn í svefnherbergin og baðeherbergi sem er flísalagt með baðkari og tengt fyrir þvottavél. Barnaherbergin eru þrjú þar af eru tvö með skápum, hjónaherbergi er með skápum.Gólfefni; Hol og svefnherbergisgangur eru með parketi. Stofa er með gegnheilu eikar-parketi, eldhús og barnaherberg með kork.
Unnið hefur verið að endurnýjun þaks, glugga og fleiri þátta utan húss og húsið því í góðu ástandi.
Allar frekari upplýsingar um eignina gefur Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**0**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

---

## Bragagata 34a
101 Reykjavík
Glæsileg - endurnýjuð íbúð

**Stærð: 100,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 2-3**
**Byggingarár: 1935**
**Fasteignamat: 1.933**

RE/MAX Senter

**Opið Hús**



**Mánudaginn 22. ágúst kl.18-18.30** | **Verð: 34.900.000**




RE/MAX Senter og Þóra kynna algjöra perlu í miðborginni!
Falleg og vel innréttuð íbúð á 3 hæðum. Komið er inn í forstofu/hol sem opnast inn í bjart eldhús með hvítri Alno-eldhúsinnréttingu með stál eldhústækjum, borðplötur og gluggaáfellur eru úr graníti. Úr eldhúsi er gengið út í bakgarð. Baðherbergi er rúmgott með baðkari og upphengdri sturtu, flísar á veggjum eru úr marmara en granít á gólfum, tengt er fyrir þvottavél. Á annari hæð er opin og björt stofa/borðstofa með hvíttuðu eikarparketi og hlöðnum arni. Úr stofu er gengið út á skjólgóðar svalir sem snúa í suð/vestur. Í risi er svefnloft með 2 þakgluggum og haganlega smíðuðum skápum sem mynda höfðagafl. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð, m.a. rafmagn, skólp, gluggar, gólfefni og innréttingar. Sér inngangur er í íbúðina bæði frá Bragagötu og í gegnum bakgarð með aðkomu frá Haðarstíg. Þar eru tvö bílastæði sem tilheyra íbúðinni. Þetta er sérstaklega sjarmerandi og vönduð íbúð. Allar frekari upplýsingar um eignina gefur Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is


Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is


Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**0**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

Capacent Ráðningar

# FORSTJÓRI

Bankasýsla ríkisins er ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármálaráðherra. Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, stofnuninni er í starfsemi sinni ætlað að leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings. Stofnunin starfar á grundvelli laga nr 88/2009. Bankasýslan skal hafa lokið störfum eigi síðar en 5 árum eftir að hún er sett á fót. Nánari upplýsingar má finna á vef Bankasýslunnar www.bankasysla.is

**Stjórn Bankasýslu ríkisins auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra Bankasýslu ríkisins. Forstjóri skal uppfylla hæfisskilyrði 2. og 3 mgr. 6 gr. laga nr. 88/2009.**

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Stjórnun og rekstur
- Stefnumótun og vinna vegna sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum
- Samskipti við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhlut í
- Samningagerð
- Eftirlit með framkvæmd eigandastefnu ríkisins
- Samskipti við fjölmiðla

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Sérþekking á banka- og fjármálum
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Frumkvæði
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Kjararáð ákvarðar starfskjör forstjóra.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
**Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 31. ágúst nk.** Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Óskar Eiríksson,
hugbúnaðarsérfræðingur

# Tæknisvið Símans leitar að VAS sérfræðingi

Starfið felur í sér rekstur og þróun myndskilaboðakerfa, MobileTV kerfa og stillingakerfa handtækja, auk mikilla samskipta við innlenda og erlenda sérfræðinga.

**Menntun og reynsla:**
- Menntun í rafmagns- eða tölvunarfræði
- JAVA forritun eða annað forritunarmál
- Þekking á Linux/Unix rekstrarumhverfi
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á farsímakerfum auk brennandi áhuga á farsímum og nýjustu tækni
- Góð enskukunnátta

**Persónueiginleikar:**
- Frumkvæði og framsýni
- Mikil samskiptalipurð
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð
- Jákvæðni

## Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2011

Fyrirspurnir berist til Rögnu Margrétar Norðdahl (ragnam@skipti.is)
Umsóknir berist í gegnum www.siminn.is

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

Síminn

ENNEMM / SIA / NM47761

Capacent Ráðningar

# HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á ÍSLENSKUM VERÐBRÉFAMARKAÐI?

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphallir o.fl . Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

**Fjármálaeftirlitið mun taka við yfirlestri og staðfestingu á öllum útboðslýsingum vegna almennra útboða verðbréfa frá 1. janúar 2012 af Kauphöll Íslands. Fjármálaeftirlitið leitar nú að sérfræðingi í hóp sem annast yfirlestur og staðfestingu útboðslýsinga. Viðkomandi einstaklingur þarf að búa yfir hæfni til að greina þær upplýsingar sem fram eiga að koma í lýsingum, en slíkar lýsingar skulu innihalda þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að geta metið stöðu og framtíðarhorfur útgefandans og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið:**
- Yfirlestur og staðfesting lýsinga
- Almennt eftirlit á verðbréfamarkaði, m.a. með útgefendum verðbréfa og upplýsingagjöf þeirra til markaðarins
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Annað sem til getur fallið

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Viðeigandi háskólapróf
- Viðeigandi reynsla af störfum á fjármálamarkaði er æskileg
- Greiningarhæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum er nauðsynlegt
- Frumkvæði, metnaður og góð samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta auk færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# ERT ÞÚ GAGNAGÚRÚ?

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphallir o.fl . Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

**Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðing í viðskiptagreind (Business Intelligence) á upplýsingatæknisvið til að styrkja góðan hóp starfsmanna. Við leitum að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á viðskiptagreind og gæðum gagna. Viðkomandi þarf að hafa góða hæfileika til að vinna með ólíkum einstaklingum, að þarfagreiningu og útfærslu lausna.**

**Starfssvið:**
- Þróun á vöruhúsi gagna og gagnamódeli FME
- Greining á notkun gagna með viðskiptaeiningum
- Þróun aðferðafræði við mat á gæðum gagna
- Uppbygging á viðskiptagreind (Business Intelligence)
- Önnur tilfallandi og tengd verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Viðeigandi háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af notkun og uppbyggingu á vöruhúsi gagna
- Reynsla og þekking á aðferðafræði við mat á gæðum gagna
- Reynsla af fjármálamarkaði er kostur
- Frumkvæði, jákvæðni, kraftur, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum
- Hæfni til að vinna bæði sjálfstætt og í hóp

Upplýsingatæknisvið Fjármálaeftirlitsins sér um þróun og rekstur tölvukerfa, ásamt því að þjónusta starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna. Einnig hefur sviðið eftirlit með upplýsingatæknikerfum eftirlitsskyldra aðila og sinnir rannsóknarhlutverki. Samstarf er við bæði innlendar og erlendar eftirlitsstofnanir um ýmis verkefni. Upplýsingatæknisvið býður upp á krefjandi starf í lifandi og skemmtilegu umhverfi.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Capacent Ráðningar

# ÁHUGAVERÐ STÖRF Á ÞRÓUNARSVIÐI

Landsvirkjun

**Landsvirkjun óskar eftir að ráða verkefnisstjóra og líffræðing til starfa á umhverfisdeild á þróunarsviði.**
Störfin krefjast ferðalaga um Ísland á stundum við krefjandi aðstæður.

Þróunarsvið er ábyrgt fyrir undirbúningi nýrra virkjana, almennum rekstrar- og virkjunarrannsóknum, nýsköpun í orkuvinnslu, umhverfisrannsóknum og ýmsum samskiptum við hagsmunaaðila.

## VERKEFNISSTJÓRI

**Starfssvið:**
- Stefnumótun í umhverfis- og náttúruverndarmálum
- Mat á umhverfisáhrifum
- Skipulagsmál vegna undirbúnings virkjanahugmynda og framkvæmda
- Vinna að tillögum um hvernig megi fella mannvirki að náttúrulegu umhverfi
- Ráðgjöf til að draga úr röskun á náttúrulegu umhverfi á framkvæmdatíma
- Eftirlit og umsjón með frágangi við lok framkvæmda
- Áætlanagerð
- Verkefnastjórnun

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Óli Kristján Ármannsson blaðamaður les valda kafla úr greinasafni sínu um samskipti kynjanna og búskaparhætti á landsbyggðinni á fyrri öldum. Á Ölstofunni milli kl. 21-23 í kvöld.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringin.

Karlmaður óskar eftir að kynnast heiðalegri og lífsglaðri konu á aldri 56-64 ára. Litla 100% trúnaði, heiðarleika, einlægni, reglusemi og góðu skapi. Svör sendist fréttablaðinu merkt Traust.



# Margt smátt

## ALLT UM AUKAEFNI



Aukaefni eru mjög algeng í matvælum nútímans. Náttúran.is hefur tekið saman ítarlegan lista yfir margvísleg aukaefni á borð við litarefni, þráavarnarefni og bindiefni. Efnin eru æði misjöfn; meðan sum eru bara ágæt geta önnur haft skaðleg áhrif á heilsu manna. Á vefsíðunni natturan.is er að finna leitarvél hægra megin á síðunni. Þar er hægt að slá inn nöfn aukaefnanna og fá upplýsingar um eiginleika þeirra.

## UNDIRBÝR SIG FYRIR KEPPNINA



Ásgeir Sandholt mun keppa til úrslita um titilinn World Chocolate Master 2011 (WCM) sem haldin verður í París 17.-21. október næstkomandi. Vefsíðan freisting.is mun fylgjast náið með keppninni og hefur verið sett upp undirsíða á Freistingu þar sem nálgast má allar fréttir og upplýsingar á einum stað. Undirbúningur slíkrar keppni er kostnaðarsamur. Menn geta stutt við bakið á Ásgeiri með því að kaupa konfektkassa í Sandholti við Laugaveg 36. Þeir innihalda 12 konfektmola af fjórum mismunandi gerðum sem eru sérstaklega lagaðir fyrir þessa styrktarkassa. Hver kassi kostar 2.500 krónur.

## SÖLVAFJARA OG SUSHI



Ólafsdalsfélagið stendur í dag fyrir námskeiðinu Sölvafjara og sushi. Kynnt verður nýting sölva og þara eins og hún var í Ólafsdalsskólanum á 19. öld. Einnig verður kynnt hugmyndafræði slowfood-hreyfingarinnar. Gengið verður í sölvafjöru og safnað þangi, þara og sölvum. Sýnikennsla og kynning á hugmyndafræði og aðferðum sushi. Námskeiðið stendur frá 15 til 18.30 en á sama tíma verður barnanámskeið um ströndina. Nánari upplýsingar á www.olafsdalur.is.

## SVEPPIR OG SVEPPATÍNSLA

Námskeið í sveppatínslu fer fram á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands á Keldnaholti og í nágrenni laugardaginn 27. ágúst. Námskeiðið hentar öllum þeim sem vilja fræðast um sveppi sem finna má á Íslandi og henta í matargerð og hvaða sveppir henta ekki. Námskeiðið er blanda af fyrirlestri og verklegri kennslu. Nemendur fara út í nærliggjandi skóglendi ásamt kennara og fá aðstoð og kennslu við þær aðferðir sem notaðar eru til að tína matarsveppi. Þá læra nemendur að greina og hreinsa sveppi. Fjallað verður um helstu geymsluaðferðir sveppa og eins helstu nýtingarmöguleika. Kennari er Bjarni Diðrik Sigurðsson, skógfræðingur og prófessor við LBHÍ. Nánari upplýsingar má nálgast á www.lbhi.is



# SAFARÍK UPPSKERA



Grænmetismarkaðir gleðja þá sem ekki búa svo vel að vera með matjurtagarð í túnfætinum og eru þeir nokkrir í Reykjavík og nágrenni. Má þar nefna Grænmetismarkaðinn að Mosskógum í Mosfellsdal sem er opinn um helgar á sumrin og vel fram á haust. Þar má finna nýupptekið grænmeti, spriklandi Þingvallasilung, íslenskt pestó, sultur, rósir, rabarbara og jarðarber svo dæmi séu nefnd.

Á bílastæði Leikfélags Hveragerðis er grænmetismarkaður allar helgar fram á haust. Þar er að finna nýtt grænmeti úr gróðuhúsum og nýupptekið útigrænmeti. Má þar nefna tómata, gúrkur, papriku, salat, kál, rófur, gulrætur, kartöflur, hnúðkál, púrru, sellerí og fleira.

Þá hefur bændamarkaður frú Laugu, að Laugalæk 6, upp á margt að bjóða og geta viðskiptavinir gengið að því vísu að framboðið sé beint frá býli.



**Grænmetismarkaðurinn í Mosskógum.**





„Ég hef smakkað mörg lambalæri um ævina, en þetta er sú allra besta kryddun á lambalæri sem ég hef snætt um ævina. Fólk ætti því virkilega að prófa, því það mun aldrei smakka annað eins hnossgæti," segir Nanna.

# Eldað í Vesturheimi

Rómantík ræður ríkjum hjá ungum, íslenskum hjónum í litlu koti í New York, en þar stendur húsfreyjan keik í eldhúsinu og nýtur þess að baka og elda ofan í þakklátan eiginmann sinn, og allt fyrir opnum tjöldum á netinu fyrir aðra að njóta.

„Lífið í New York er litað rósrauðum, rómantískum ljóma og við tölum oft um hversu heppin við erum að fá að búa hér, enda einhuga og samstillt í að upplifa töfra borgarinnar saman," segir Nanna Teitsdóttir, doktorsnemi í heimspeki, en hún bloggar reglulega um mat og bakstur úr litlu eldhúsi sínu í suðupotti alheimsins.

„Ég hef alltaf haft yndi af því að borða mat, enda notið góðs af því að foreldrar mínir eru miklir sælkerakokkar. Í upphafi hjónabands og nýju heimalandi skorti mig hins vegar sjálfstraust í eldhúsinu og lenti í krísu með hvað ég ætti af mér að gera á meðan ég beið eftir atvinnuleyfi vestra. Því fór ég að prófa mig áfram í eldhúsinu og kom sjálfri mér á óvart með hversu mjög ég naut eldhússtarfanna en líka hversu vel tókst til með matargerðina," segir Nanna sem á bloggsíðu sinni gefur lesendum dýrindis uppskriftir sem hún myndskreytir með girnilegum matarmyndum úr eigin linsu.

„Að heiman var pressa á að blogga um líf okkar hjóna og ákvað ég að blanda því saman við það sem ég elda og baka hér úti. Mikill tími og hugsun fer í það sem ég set frá mér og ég set aldrei neitt á netið nema ég sé ánægð með útkomu matar og mynda," segir Nanna sem skapar flestar uppskriftirnar sjálf en betrumbætir og nostrar einnig við uppskriftir sem hún finnur.

„Maðurinn minn, Elmar Geir Unnsteinsson, líka doktorsnemi í heimspeki, hvetur mig óspart til dáða og upp á síðkastið hefur þeim fjölgað sem skoða síðuna mína. Það skrifa ég á sammannlegan áhuga fólks á því að borða góðan mat og eyða tíma með fjölskyldu og vinum við matarborðið."

Nanna segir New York freistandi matarkistu árið um kring.

„Í verslunum og á mörkuðum er hlaðborð ferskrar matvöru sem er ræktuð í fylkinu og fylgir árstíðum. Maður fær því mikinn innblástur við að fara í búðir því allt er svo ferskt og fallegt, og grænmetisdeildirnar ilma af ferskleika, sem er eitthvað sem maður þekkir ekki að heiman," segir Nanna sem hefur mest dálæti á bakstri, ofnbökuðum mat og grænmetisfæði.

„Nýjasta uppáhaldið er ferskur maís, en á milli hans og Ora maísbauna heima er himinn og haf. Ég sker baunirnar af stönglinum og smjörsteiki með smávegis af salti út í salat eða sem meðlæti. Hins vegar sakna ég allra mest hangikjötsins að heiman, því það fæ ég bara á jóladag og sumardaginn fyrsta, sem ég grenjaði í gegn að yrði að hefð hjá foreldrum mínum á sínum tíma og fæ aldrei nóg af."

***Bloggsíða Nönnu Teits er eldadivesturheimi.com***

- þlg



Blóðberg og rjúpnalauf tíndi Nanna á leið úr fjallgöngu á Hestskarðshnjúk ofan við Siglufjörð. Hún segist nota margt annað í marineringuna, eins og birkilauf og berjalyng. MYNDIR/NANNA TEITSDÓTTIR



Nanna við eldhúsborðið heima í New York. Hún segir tilfinningu fyrir mat verða aðra og betri ef maður tínir ber og kryddjurtir sjálfur, eins og hún gerði fyrir lambalærið sem hún gefur lesendum uppskrift að. MYND/ELMAR GEIR UNNSTEINSSON

## LAMBALÆRI MEÐ BLÓÐBERGI, RJÚPNALAUFI OG BERJUM

### UPPSKRIFT FRÁ HÖRPU GYLFADÓTTUR TENGDAMÓÐUR NÖNNU

**Rjúpnalauf, stór handfylli**
**krækiber, stór handfylli**
**bláber, stór handfylli**
**blóðberg, stór handfylli**
**lambalæri (3,5 kg)**
**ólífuolía**
**sjávarsalt og ferskur, malaður pipar**

*Skerið mestu fituna af lærinu; kryddlögurinn á að fara í kjötið en ekki fituna. Nuddið lambalærið alls staðar með smá ólívuolíu, það auðveldar kryddinu að festast við lærið.*

*Setjið helming af berjum, rjúpnalaufi og blóðbergi ofan á plastfilmu. Leggið lærið ofan á og þrýstið niður á krydd og ber. Setjið hinn helminginn af kryddjurtum og berjum ofan á lærið og þrýstið því niður á það. Kryddjurtir og ber eiga að hylja lambalærið. Vefjið plastfilmu þétt utan um lærið og þrýstið á það í gegnum plastið til að sprengja sum berin. Setjið í kæli og leyfið að liggja í kryddleginum í sólarhring til sex daga. Því lengur sem það fær að hvílast því betra.*

*Takið plastfilmuna utan af lærinu og takið krydd og ber frá. Saltið og piprið og vefjið álpappír utan um lærið. Leggið á heitt grill og eldið í 30 mínútur á hvorri hlið. Fjarlægið álpappírinn og grillið í 10 mínútur á hvorri hlið til viðbótar til að kjötið fái lit og stökka áferð.*

*Sneiðið og berið fram með nýuppteknum kartöflum og fersku salati.*




AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen
S: 5125429 , gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms
S: 5125432, gsm 6924700
sigridurh@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

# Einstakur endir á menningarnótt!

## 4ra rétta seðill

*verð* **7.490 kr.**

LYSTAUKI
Gæsa "Carpaccio"

REYKT BLEIKJA
hægelduð með radísum, wakamesalati og wasabi-ís
*1 glas. Collezione Pinot Grigio Sensi – Ítalía*

HÖRPUSKEL OG HUMAR TEMPURA
með graskermauki, paprikusalsa og chilikremi
*1 glas. Collezione Pinot Grigio Sensi – Ítalía*

LAMBAHRYGGUR
ofnbakaður með grænertum, rótargrænmeti,
fondant kartöflu og rósmarínsósu
*1 glas. "La Montesa" Crianza – D.O.C. Rioja – Spánn*

**** eða ****

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni
útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar
*1 glas. Sancerre Sélection Premiére – Guy Saget – Frakkland*

PASSION TERTA
með hindberjamottu og vanilluís
*1 glas. Late Harvest Sauvignon Blanc – Concha Y Toro – Chile*

*Verð 12.380 kr. með 1 glasi af sérvöldu víni með hverjum rétti (alls 4 glös).*

## Frábært útsýni til Reykjavíkurhafnar og næg bílastæði

Perlan býður ykkur velkomin á menningarnótt. Hefjið menningarröltið á belgískum vöfflum á 4. hæð Perlunnar eða njótið flugeldanna frá höfninni yfir 4ra rétta kvöldverði á veitingastaðnum á 5. hæð. Hjá Perlunni eru næg bílastæði!

**Gjafabréf Perlunnar**
**Góð gjöf við öll tækifæri!**









PERLAN

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

## VIÐ MÆLUM MEÐ...



**GULRÓTUM** Þær eru hreinasta sælgæti og stútfullar af vítamínum. Þær henta líka vel til ræktunar enda er hægt að hafa gulrætur ferskar í allt að átta mánuði á ári eða frá júlí þegar farið er að grisja og út febrúar ef geymslur eru góðar. Gulrætur þarf ekki að taka inn fyrr en fyrstu frost eru afstaðin. Gulrætur geymast vel í frysti og líka ágætlega í kulda.



**GRÆNMETISBÖKUM** Þegar uppskeran er komin í hús vaknar spurningin hvað eigi að gera við hana. Ein sniðug lausn er að baka grænmetisbökur. Þær eru til í fjölmörgum útfærslum en eru ávallt saðsamar og allir fjölskyldumeðlimir ættu að vera ánægðir með slíkan kvöldverð.

**GRÆNMETISPITSU** Pepperoni er alls ekki nauðsynlegt til að gera pitsuna góða. Tómatar, paprika, furuhnetur, sveppir, eggaldin og laukur eru frábær álegg sem gera góða pitsu enn betri.



**SVEPPUM** Síðla sumar og fram að næturfrostum er best að tína sveppi í íslenskri náttúru. Mestar líkur á góðri uppskeru eru eftir góða rigningu, en sveppirnir dafna best í raka og hlýju. Sveppir vaxa víða í skóglendi en þó er best að kynna sér áður hvaða sveppir henta best til matreiðslu því sumir eru eitraðir.








# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA



# Sjónarhorn

**Ljósmynd: Vilhelm Gunnarsson**

**MÖRG ANDLIT NÁTTÚRUNNAR** Náttúran tekur á sig hinar ýmsu myndir eins og Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, komst að á ferð sinni um Breiðamerkursand í vikunni. Ýmislegt kemur upp í hugann þegar ímyndaraflið tekur völdin, til að mynda er með góðu móti hægt að sjá rostung eða jafnvel eðlu út úr bláleitum ísjakanum.


**kostnaðar**áætlun

frum**kvæði**

**árangurs**mat

markaðs**setning**

**nýnæmis**mat

framkvæmda**áætlun**

**verkefnis**lýsing

ÁTAK TIL ATVINNUSKÖPUNAR

### Átak til atvinnusköpunar

## Á markað með snjöll nýsköpunarverkefni?

**Iðnaðarráðuneyti** auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu *Átaki til atvinnusköpunar*.

**Átak til atvinnusköpunar** veitir styrki til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

**Markmið verkefnisins**

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða í frumkvöðla- og sprotafyrirtækjum

**Í umsókn þarf að koma fram**

- Skýr lýsing á verkefninu í heild og ætluðum árangri þess
- Greining á nýnæmi verkefnisins
- Greinargóðar kostnaðar- og verkáætlanir
- Ýtarleg lýsing á þeim verkþáttum sem sótt er um styrk til, s.s. þróunarvinnu eða markaðsstarfs

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og búnaði.

Rafræn umsóknareyðublöð eru á **www.nmi.is**.

Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið **hildur@nmi.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **3. mars 2011**.

Iðnaðarráðuneytið

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra


Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1940

# Leon Trotskí ráðinn af dögum í Mexíkó

Fyrir réttu 71 ári, hinn 20. ágúst árið 1940, var Leon Trotskí, einn af forvígismönnum rússnesku byltingarinnar árið 1917, ráðinn af dögum á heimili sínu í útjaðri Mexíkóborgar.

Trotskí bjó þar í útlegð, en morðinginn, Ramón Mercader að nafni, var útsendari Jósefs Stalíns, erkióvinar Trotskís.

Í aðdraganda byltingarinnar var Rússland mikill suðupottur þar sem róttækar hugmyndir um nýja samfélagsgerð, byggðar á kenningum Karls Marx, áttu sér marga fylgismenn í hópi verkalýðs og menntamanna.

Leon Trotskí var einn af helstu samstarfsmönnum Leníns, forsprakka bolsévika, en eftir lát þess síðarnefnda árið 1924 varð Trotskí undir í valdabaráttu við Jósef Stalín.

Í kjölfarið var Trotskí ofsóttur á flestan hátt og loks gerður útlægur árið 1929.



**MYRTUR Í MEXÍKÓ** Leon Trotskí var myrtur með ísöxi á heimili sínu í Mexíkó af útsendara Stalíns, erkióvinar síns.

Hann bjó fyrst um sinn í Tyrklandi en hafði viðdvöl í Frakklandi og Noregi áður en hann fékk loks hæli í Mexíkó árið 1936.

Hann var alla tíð sem fleinn í holdi Stalíns og um það leyti var hann fundinn sekur um landráð í sýndarréttarhöldum.

Trotskí lifði af tilræði Stalínista í maí árið 1940 en hann var ekki svo lánsamur næst.

Morðinginn Mercader hafði um nokkurra ára skeið stefnt að því að vinna sér traust Trotskís og var orðinn fastagestur á heimili hans. Hann fór síðan kvöldið örlagaríka heim til Trotskís, sem bauð honum inn í vinnustofu sína.

Mercader neytti síðan færis þegar gestgjafinn grúfði sig yfir pappíra á skrifborði og sló hann í höfuðið með ísöxi sem hann hafði falið í frakka sínum.

Trotskí lést ekki strax, heldur réðist á árásarmanninn og kallaði á hjálp. Mercador var tekinn höndum og færður lögreglu en Trotskí lést af sárum sínum daginn eftir.

Mercador var dæmdur í 20 ára fangelsi fyrir morðið og sovésk yfirvöld sóru af sér alla ábyrgð á verknaðinum. Að lokinni afplánun flutti hann til Kúbu og síðan Sovétríkjanna, þar sem honum var fagnað eins og hetju. - **þj**

*Heimildir: History.com og Wikipedia*

# Til hamingju með daginn!

## Í dag munu um 13 þúsund manns hlaupa á götum borgarinnar í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka.




## Vertu með - komdu út að hvetja!

**Kortið sýnir áætlaðan tíma þegar hlauparar fara hjá góðum hvatningarstöðum.**

## Truflun á umferð

Líkt og undanfarin 27 ár er nauðsynlegt að loka nokkrum götum á meðan Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram. Búast má við truflun á umferð í miðborginni og nágrenni. Hlauparar og bílstjórar eru beðnir að gæta varúðar.

## Lokun á götum frá kl. 05.00 til 15.00

- Amtmannsstígur
- Bjarkargata
- Fríkirkjuvegur
- Geirsgata
- Hafnarstræti
- Kalkofnsvegur
- Kringlumýrarbraut norðan Borgartúns
- Skálholtsstígur vestan Laufásvegar
- Skothúsvegur
- Skólastræti
- Sóleyjargata
- Sæbraut að Laugarnesvegi/Dalbraut
- Tjarnargata
- Tryggvagata
- Vonarstræti
- Þingholtsstræti norðan Amtmannsstígs

## Einstefna frá kl. 08.00 til 14.00

- Austur Eiðsgranda
- Austur Mýrargötu
- Austur Sæbraut milli Laugarnesvegar og Dalbrautar
- Vestur Ægisíðu og Nesveg

## Lokanir á götum frá kl.00.00 til 15.00

- Lækjargata milli Vonarstrætis og Bankastrætis
- Amtmannsstígur við Lækjargötu

## Truflun á umferð frá kl. 08.00 til 12.00

- Skothúsvegur
- Suðurgata að Melatorgi
- Lynghagi
- Suðurströnd
- Lindarbraut
- Norðurströnd
- Hringtorg vestast á Hringbraut
- Ánanaust,
- Hringtorg við enda Mýrargötu
- Skothúsvegur
- Suðurgata
- Hringbraut
- Austast á Vesturgötu
- Hafnarstræti
- Gatnamót Borgartúns og Kringlumýrarbrautar
- Gatnamót Suðurlandsbrautar og Reykjavegar
- Engjavegur við Fjölskyldugarð
- Álfheimar við Glæsibæ
- Skeiðarvogur við Suðurlandsbraut.

**Takmarkaður fjöldi bílastæða. Tökum strætó!**

**Upplýsingar á www.marathon.is**


28 ÁRA REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA 20. ÁGÚST 2011

REYKJAVÍKURMARAÞON

Íslandsbanki · vita · asics · POWERADE · Barilla · SUZUKI · margt smátt · ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**GUÐRÚN LÁRUSDÓTTIR** rithöfundur og alþingismaður (1880-1938) lést þennan dag af slysförum.

*„Í skólunum er börnunum nú kennt hreint og beint virðingarleysi fyrir trú og kristindómi og öllu því, sem mannkyninu á að vera heilagast.“*

## Merkisatburðir

1898 Á Þingvöllum er vígt veitinga- og gistihúsið Valhöll og dregur það nafn af búð Snorra Sturlusonar.

1906 Grettisbeltið veitt á Akureyri í fyrsta sinn fyrir sigur í glímu.

1933 Fyrstu ferðalangar sem aka á bíl yfir Sprengisand koma að Mýri í Bárðardal eftir fimm daga leiðangur úr Landsveit.

1944 Reykjavíkurborg tekur við rekstri Strætisvagna Reykjavíkur hf.

1968 Vorið í Prag er brotið á bak aftur af 200.000 hermönnum og 5.000 skriðdrekum frá Varsjárbandalaginu.

1975 Ólafía Aðalsteinsdóttir klífur Mont Blanc (Hvítafjall) fyrst íslenskra kvenna.

1982 Á þriðja hundrað marsvína koma að landi við Rif á Snæfellsnesi og eru langflest þeirra rekin á haf út.

**ÞETTA GERÐIST:** 20. ÁGÚST 1982

## *Fyrsta konan kleif Eldey*

Halldóra Filippusdóttir flugfreyja kleif Eldey þennan dag árið 1982, fyrst kvenna og er sú eina hingað til. Hún var í átján manna leiðangri Eyjamanna undir stjórn manns hennar, Árna Johnsen, sem fór til Eldeyjar til að gera heimildarmynd og blaðagreinar um eina stærstu súlubyggð í heimi. Eyjan er þverhnípt, um sjötíu metra há og talið er að þar búi nær tuttugu þúsund súlupör.

Engin bönd voru að sögn Halldóru til að styðjast við. Leiðangursmenn höfðu með sér stiga sem reistir voru þráðbeint upp bergið en Eldey er móbergsstapi, laus í sér og uppganga á hana ekki fyrir lofthræedda. Þá er eyjan öll þakin fugladriti og Halldóra minnist þess að fuglinn hafi verið svo gæfur að hægt hafi verið að klappa honum. „Svo björguðum við mörgum því súlurnar draga mikið af drasli í hreiðrin og voru margar fastar í alls konar netadræsum.“



MYND/RAX

**PÁLMI MATTHÍASSON PRESTUR Í BÚSTAÐAKIRKJU:** ER SEXTUGUR Á MORGUN

# Skrifar sorgir sínar í vatnið en heggur gleði sína í stein

Það er hádegishlé hjá séra Pálma Matthíassyni í Bústaðakirkju. Væntanleg fermingarbörn búin að fá þriggja stunda uppfræðslu, fram undan er kistulagning og jarðarför. „Svona eru dagarnir,“ segir hann yfirvegaður og tekur vel í að líta örsnöggt yfir farinn veg í tilefni sextugsafmælisins á morgun. Fyrst er hann spurður um ástæðu þess að hann varð prestur og valdi sér svona daga. „Ég hafði alltaf áhuga á trúmálum, kirkjustarfi og að vinna með fólki. Þótt ég horfði í aðrar áttir um tíma blundaði sú þrá í mér að verða prestur og mér fannst ég svíkja sjálfan mig ef ég léti hana ekki rætast.“

Á tímabili datt Pálma í hug að leggja fyrir sig tannlækningar en var tjáð að það gengi ekki því hann væri örvhentur. „Tannlæknirinn var lítil bóla en ég var búinn að fá skólavist í Sviss og hugðist læra rekstur á hótelum og veitingahúsum. Þar á undan var draumurinn að verða skipstjóri. Ég átti afa og pabba á sjó og var ekki hár í loftinu þegar ég fór fyrst á flot með þeim. Var aldrei sjóveikur sem strákur en fann fyrst fyrir því þegar ég var orðinn fulltíða. Þá var ég í rækjutúr á Aðalbjörginni frá Hvammstanga, orðinn klerkur á staðnum en fannst gott að breyta til og blása svolítið úti á sjó. Það hef ég gert af og til fram á þennan dag með vinum mínum á Aðalbjörginni, fyrst þeirri gömlu og síðar þeim nýrri.“

Séra Pálmi er fæddur og uppalinn á Akureyri. Var í lögreglunni í nokkur ár en byrjaði prestskapinn á Hvammstanga og sinnti fjórum kirkjum á svæðinu, á Melstað, Staðarbakka, Efri-Núpi og Hvammstanga. „Við prestarnir leystum hver annan af og einu sinni voru þrír í veikindaleyfi í einu. Þá var ég með Tjarnarprestakall, Melstaðarprestakall, Prestbakkaprestakall og Hólmavíkurprestakall og mikill tími fór í akstur. Ég var fimm góð ár á Hvammstanga ásamt fjölskyldunni og fékk að taka þátt í öllu sem gerðist. Í fámenni skiptir hver hlekkur miklu máli. Svo hefur lífið kennt mér að maður þarf að læra að skrifa sorgir sínar í vatnið en höggva gleði sína í stein.“



**AFMÆLISBARN MEÐ VÆNTANLEGUM FERMINGARBÖRNUM** „Þótt ég horfði í aðrar áttir um tíma blundaði sú þrá í mér að verða prestur og mér fannst ég svíkja sjálfan mig ef ég léti hana ekki rætast.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frá Hvammstanga lá leið séra Pálma til heimabæjarins Akureyrar, í Glerárprestakall. „Þar áttum við yndislegan tíma en svo var ég kallaður til Bústaðaprestakalls og það var ekki auðvelt að taka ákvörðun um að sinna því. Það reyndist þó vera gæfuspor. Við komum hingað 1989. Dóttir okkar hjóna var í síðasta árganginum sem ég fermdi á Akureyri. Hún var fyrst algerlega á móti því að flytja suður en eftir tvo daga í Réttarholtsskóla var hún dottin inn í félagslífið og eignaðist frábæra vini.“

Í dag, laugardag, eru giftingar hjá séra Pálma en í kvöld ætlar hann að bregða sér til Akureyrar á fund gamalla skólafélaga. „Það verður ball með hljómsveitinni okkar, Bravóbítlunum, í Sjallanum,“ segir hann glaðlega. „Síðan flýg ég suður í fyrramálið beint í tónlistarmessu sem samstarfsfólk mitt hér í kirkjunni ætlar að halda mér til gleði og ánægju og eftir hana ætla ég að vera með nánustu vinum, fjölskyldu og samstarfsfólki þannig að þetta verður gaman.“

gun@frettabladid.is




†

*Dóttir mín, systir og mágkona,*

**Áslaug Guðjónsdóttir**

lést á líknardeild LSH í Kópavogi mánudaginn 15. ágúst.

**Guðrún Stefánsdóttir**
**Jóhann G. Guðjónsson** **Ingibjörg Einarsdóttir**
**Gunnar Guðjónsson**
**Stefán S. Guðjónsson** **Helga Ottósdóttir**
**Guðjón Hólm Guðjónsson**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólöf I.P. Benediktsdóttir**

Rjúpufelli 44, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans föstudaginn 12. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 22. ágúst kl. 15.00.

**Höskuldur Jónsson**
**Guðlaugur Hermannsson**
**Aldís Höskuldsdóttir**
**Benedikt Höskuldsson**
**Ingibjörg Höskuldsdóttir**
**Páll Höskuldsson**
**Svava Höskuldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Alúðarþakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu og hluttekningu með blómum, samúðarkortum og kærleik við andlát og útför*

**Ólafs Donalds Helgasonar**

og vottuðu minningu hans virðingu.
Bálför hefur farið fram.

**Hulda Ólafsdóttir**
**Svanhildur Ólafsdóttir**
**Dagmar Ólafsdóttir**
**Ólafur Helgi Ólafsson**
**Ingibjörg Jóna Helgadóttir** **Jón Óli Ólafsson**
**Reynir Ingi Helgason** **Sigurlaug Rögnvaldsdóttir**
**Sigrún Helgadóttir** **Ingibergur Ingibergsson**
**Helgi Helgason** **Hólmfríður Eggertsdóttir**
**og fjölskyldur**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Róberts Dan Jenssonar**

frv. forstöðumanns Sjómælinga Íslands, Lækjargötu 26, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólvangs og Drafnarhúss í Hafnarfirði.

**Kristbjörg Stefánsdóttir**
**Björg Dan Róbertsdóttir** **Oddur Kr. Finnbjarnarson**
**Sigrún Dan Róbertsdóttir** **Árni Dan Einarsson**
**Andri Dan Róbertsson** **Sigrún Eva Ármannsdóttir**
**Edda Dan Róbertsdóttir** **Kristján Jónas Svavarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ingibjörg Sigurðardóttir**

frá Vík í Mýrdal,
Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut föstudaginn 12. ágúst. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 22. ágúst kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hinar látnu er bent á Hjartaheill.

**Sigurður Þór Magnússon** **Auður Marinósdóttir**
**Valgerður Ása Magnúsdóttir** **Gylfi Hallgrímsson**
**Ingunn Birna Magnúsdóttir** **Þórður Sigurðsson**
**Ásmundur Smári Magnússon** **Dagbjört Steingrímsdóttir**
**og fjölskyldur.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL OPIÐ Í DAG 10:00-18:00
FERSKUR KJÖRFUGL
ÓMISSANDI Á MENNINGARNÓTT
FERSKUR KJÖRFUGL
1995 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
695 KR. KG
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTE
129 KR. STK
985 KR. KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
MYLLU SKÚFFUKAKA
359 KR. STK.
MYLLU SKÚFFUKAKA
380grömm með súkkulaðikremi
595 KR. KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
FRYSTI VARA
198 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIN LAMBASVIÐ
FRYSTI VARA
3798 KR. KG
ÞÝSK UNGNAUTALUND
FRYSTI VARA
1398 KR. KG
ÞÝSKAR FROSNAR GRÍSALUNDIR
139 KR. KG
SPÆNSK VATNSMELÓNA
98 KR. KG
HOLLENSKT HVÍTKÁL
295 KR. KG
HOLLENSK PAPRIKA
698 KR. KG
AMERÍSK VÍNBER
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurlaug Jónsdóttir**
frá Ási, Skagaströnd,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 15. ágúst. Útförin fer fram frá Hólaneskirkju á Skagaströnd fimmtudaginn 25. ágúst klukkan 15.00.

**Kári Sigurbjörn Lárusson Kristín Sigurðardóttir**
**Guðrún Ásdís Lárusdóttir Ingimundur Bernharðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Jónína Björg Guðmundsdóttir**
Teigi II, Fljótshlíð,

lést á Kirkjuhvoli, Hvolsvelli, miðvikudaginn 17. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð laugardaginn 27. ágúst kl. 14.00.

**Hrafnhildur Árnadóttir Páll Theódórs**
**Guðbjörn Árnason Hlín Hólm**
**Árni Björn Pálsson Sylvía Sigurbjörnsdóttir**
**Fannar Pálsson Theodórs Dagný L. Sighvatsdóttir**
**Hlynur Pálsson Theodórs**
**Anna Þrúður Guðbjörnsdóttir**
**Helga Hólm Guðbjörnsdóttir**
**Hugi Hólm Guðbjörnsson**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Sæmundsson**
Birkihvammi 5, Kópavogi,

sem andaðist á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 12. ágúst, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 23. ágúst kl. 13.00.

**Ásta Halldóra Ágústsdóttir**
**Ágúst Þ. Gunnarsson Hólmfríður Sigurðardóttir**
**Ólafur S. Gunnarsson**
**Hulda B. Gunnarsdóttir Helgi Valberg**
**Sigurlaug Gunnarsdóttir Hafsteinn G. Haraldsson**
**Gunnhildur Gunnarsdóttir Rannver Eðvarðsson**
**Valdimar G. Gunnarsson Katrín Einarsdóttir**
**Gunnar Gunnarsson Anna María Bjarnadóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna fráfalls eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðbjörns Eiríks Eiríkssonar**
Funalind 7, Kópavogi,

sem andaðist 14. júlí síðastliðinn á Landspítalanum. Guð blessi ykkur öll.

**Sigríður Sumarliðadóttir**
**Katrín Eiríksdóttir**
**Eiríkur Unnar Guðbjörnsson Turid Olsen**
**Ingvar Geir Guðbjörnsson Margrét Björg Sigurðardóttir**
**Jólín Sigurbjörg Guðbjörnsdóttir**
**Ársæll Friðriksson Björk Georgsdóttir**
**Símon Friðriksson Guðrún Hjálmarsdóttir**
**Hildur S. Friðriksdóttir Þórarinn R. Ásgeirsson**
**Kristín H. Friðriksdóttir Sigurður Þ. Sigurðsson**
**Ragnheiður Friðriksdóttir Arnar H. Ottesen Arnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**GÓÐHJARTAÐUR GÖTUSPILARI** Ágústa leggur sitt af mörkum til að gera heiminn betri en hann er.

# Spilar og safnar fyrir svöng börn

Þeir sem eiga leið framhjá Eymundsson á Skólavörðustíg í dag milli klukkan þrjú og sex ættu að gefa gaum ungri stúlku sem stendur þar og leikur á fiðluna sína. Þetta er Ágústa Dómhildur Karlsdóttir. Hún er með fiðlukassa opna og allir aurar sem í þá koma munu ganga í neyðarastoð til sveltandi barna á þurrkasvæðum Norður-Afríku.

Ágústa er búin að æfa mikið fyrir þennan dag. Hún gerðist líka götuspilari á Menningarnótt í fyrra en segir sér ekki hafa hugkvæmst þá að gefa afraksturinn til góðgerðarmála. Það vill hún bæta fyrir núna. „Ég átti afmæli nýlega og peningarnir sem ég fékk í afmælisgjöf leggjast við söfnunarféð í fiðlukassanum,“ lofar hún. **- gun**

# Rifrildi varð Kattholti til góðs

Rithöfundurinn Gunnar Theodór Eggertsson lenti í heiftarlegu rifrildi á Fésbók í fyrra vegna tillögu um ný lög í sveitarfélaginu Árborg. Tillagan fólst í því að kettir ættu að lúta sömu reglum og hundar og fara ekki út nema í bandi.

Í kjölfarið ákvað Gunnar Theodór að setja saman heimspekilega smásögu í samræðuformi og ber bókin heitið „Köttum til varnar“. JPV forlag gaf bókina út og tók ekkert fyrir umbrot, prófarkalestur og fleira og Gunnar Theodór þáði engin höfundarlaun. Ágóða af sölu bókarinnar, 177.300 krónur, afhenti Gunnar Theodór formanni Kattavinafélagsins í vikunni til uppbyggingar í Kattholti. Enn fremur gáfu JPV forlag og Gunnar Theodór þær bækur sem eftir eru til Kattholts, þar sem þær verða seldar á kr. 1.000 stk. sem kemur sér afar vel fyrir uppbyggingu Kattholts.



**STYRKIR KATTHOLT** Gunnar Theodór Eggertsson gaf út bókina „Köttum til varnar“ í fyrra hjá JPV forlagi. Allur ágóði af sölu bókarinnar var gefinn til Kattholts. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



*Systir okkar,*

**Jóhanna Hrafnfjörð**
ljósmóðir,
Ásvallagötu 25, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 23. ágúst kl. 15.00.

**Hrefna Hrafnfjörð, Kristín Hrafnfjörð.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samhug við fráfall frænku okkar,*

**Rósu Gísladóttur Blöndal**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Seljahlíðar fyrir einstaka hlýju og umönnun allan þann tíma sem hún bjó þar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Svandís Matthíasdóttir.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar elskulegs sonar, bróður, mágs og frænda,*

**Hallgríms Rafns Péturssonar**
Háaleitisbraut 16, Reykjavík.

**Ragnheiður Hallgrímsdóttir**
**Björg Pjetursdóttir**
**Magnús Pétursson Júlíanna H. Friðjónsdóttir**
**Guðfinna Pjetursdóttir Guðmann Bjarnason**
**og systkinabörn**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Rúnar Arason**
Seljabraut 74, Reykjavík,

lést sunnudaginn 7. ágúst í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hefur farið fram. Þakkir færum við þeim er önnuðust hann í veikindunum og þeim er sýndu okkur umhyggju og hlýju.

**Gréta Björgvinsdóttir**
**Aðalheiður Rúnarsdóttir Þorvaldur Egilson**
**Björgvin Rúnarsson Ingibjörg B. Grétarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Elskulegur sonur okkar, bróðir og frændi,*

**Gunnar Sigurðsson,**

andaðist 10. ágúst. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 22. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Einstök börn eða Lauf, félag flogaveikra.

**Kristín Þuríður Símonardóttir**
**Sigurður Runólfsson**
**Íris Ragnarsdóttir**
**Björgvin Sigurðsson**
**Sigríður María Sigurðardóttir**
**og frændsystkini.**



*Ástkær dóttir okkar og systir,*

**Stella Víðisdóttir**
Hjallalundi 22, Akureyri,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Sjúkrahúsinu á Akureyri fimmtudaginn 18. ágúst.

**Víðir Jónsson, Jóna Arnórsdóttir,**
**Valdimar Víðisson,**
**Jón Eggert Víðisson,**
**Halldóra Friðgerður Víðisdóttir.**



JBL
by HARMAN
Hannað fyrir iPod iPhone
EÐAL HLJÓMUR
Hannað fyrir iPod iPhone iPad
Hannað fyrir iPod iPhone
Hannað fyrir iPod iPhone
JBL ONTIME200IDAlumin
iPod og iPhone VAGGA með hátalara, magnara, fjarstýringu, baklýstum skjá, DSP Digital Signal Processing, vekjara, line-in ofl.
VERÐ 36.990
FRÁBÆRT VERÐ
JBL ONBEATBLACK
iPad, iPod og iPhone VAGGA með öflugum hátölurum, IR fjarstýringu og DSP tónjafnara. Snúa má skjánum að vild. Tilvalið fyrir vídeó.
VERÐ 34.990
FRÁBÆRT VERÐ
JBL ONSTAGEIV
iPod VAGGA með Odyssey Neodymium hátölurum, D klassa magnara, snertitökkum, Aux tengi fyrir MP3, CD, USB tengi ofl.
VERÐ 24.990
FRÁBÆRT VERÐ
JBL ONSTAGE MICROIII
iPod VAGGA með Odyssey Neodymium hátölurum, fjarstýringu, Aux tengi fyrir MP3, CD ofl.
VERÐ 19.990
FRÁBÆRT VERÐ
Ath. Ipod/Iphone/Ipad fylgir ekki vöggunum.
Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971
Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**WWW.NI.IS** Heimasíða Náttúrufræðistofnunar Íslands er full af fróðleik. Þar má til dæmis lesa sér til um þá fugla sem verpa á Íslandi og hvaða bergtegundir er að finna á landinu.






## BRANDARAKISTAN

**Af hverju hætti tannlæknirinn störfum?**
**Hann reif kjaft.**

**Tveir strákar að spjalla saman:**
**Ég heyrði nýjan brandara um daginn! Var ég búinn að segja þér hann?**
**Ég veit það ekki. Er hann fyndinn?**
**Já!**
**Þá hefur þú ekki sagt mér hann!**

**Í matarveislunni hvíslar mamman að syni sínum:**
**Hvers vegna lagðir þú engin hnífapör við diskinn hjá Jóa frænda?**
**Sonurinn segir upphátt:**
**Ég hélt að Jói þyrfti engin hnífapör. Þú sagðir að hann borðaði eins og svín!**

**Jói: Það er góð lykt af þér í dag, varstu að fá nýjan rakspíra?**
**Jón: Nei, ég fór í hreina sokka!**

*Þú getur sent brandara til **krakkar@frettabladid.is***


## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir.is
*„...ég sá það á vísi"*


# LANGAR MEST AÐ TEFLA VIÐ MAGNUS CARLSEN

**Hin níu ára Nansý Davíðsdóttir hefur vakið athygli undanfarið fyrir snilli sína í taflmennsku. Hún er Íslandsmeistari stúlkna í skák 2011, er á leið á Norðurlandamót og stefnir á að verða skákmeistari þegar hún verður stór.**

**Hvað þarf til að verða góður í skák?** „Lesa skákbækur, æfa sig í skákþrautum og tefla, meðal annars í tölvunni."

**Hvenær lærðir þú manganginn?** „Fyrir einu og hálfu ári, þegar ég var sjö og hálfs. Mamma byrjaði að kenna mér og svo tók pabbi við."

**Hvernig finnst þér best að byrja leik?** „Með því að færa kóngspeðið á e4."

**Hvort er betra að vera með svarta eða hvíta menn?** „Hvíta af því þá get ég byrjað skákina."

**Hugsarðu marga leiki fram í tímann?** „Já, það geri ég alltaf. Marga leiki."

**Þykja þér skákþrautir skemmtilegar?** „Mjög. Ég er oft í þeim heima á kvöldin."

**Áttu systkini?** „Ég á einn bróður sem heitir Joshua, hann er bara sex ára og kann alveg að tefla en ég þarf að kenna honum meira."

**Ert þú best í skák á heimilinu?** „Ég held það. Það getur að minnsta kosti enginn unnið mig í fjölskyldunni."

**Langar þig að tefla við einhvern sérstakan andstæðing?** „Mig langar mest að tefla við Magnus Carlsen, stórmeistara í Noregi."

**Hvar ert þú fædd?** „Ég er fædd á Íslandi og hef alltaf átt heima hér en foreldrar mínir eru kínverskir."

**Ferðu oft til Kína?** „Ég fer þangað stundum í heimsókn á sumrin og bý þá hjá móðurömmu minni."

**Þekkir þú einhverja krakka í Kína?** „Bara frænku mína og frænda sem eru vinir mínir."

**Talarðu kínversku?** „Já, ég tala kínversku en mér finnst flókið að skrifa kínverska stafi."



> Ég á einn bróður sem heitir Joshua, hann er bara sex ára og kann alveg að tefla en ég þarf að kenna honum meira

**„Mér finnst betra að vera með hvíta menn en svarta því þá get ég byrjað skákina," segir Nansý og kveðst alltaf hugsa marga leiki fram í tímann.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Hefurðu séð Kínamúrinn?** „Nei, ekki ennþá, en ég ætla að fara einhvern tíma og skoða hann."

**Teflir fólk mikið í Kína?** „Ekkert mjög mikið. Ég hef að minnsta kosti aldrei séð kínverskt fólk tefla."

**Tekur þú þátt í skákmóti á næstunni?** „Ég fer til Danmerkur með skáksveit úr Rimaskóla á Norðurlandamót sem verður 8. til 11. september. Það verður gaman."

**Hvað gerir þú helst þegar þú ert ekki að tefla?** „Bara fer í legó með bróður mínum og leik mér líka úti."

**Horfir þú stundum á sjónvarpið?** „Ég horfi mikið á teiknimyndir og annað barnaefni en ekkert á fullorðinsmyndir."

**Hvert er mesta skammarstrik sem þú hefur gert?** „Ég geri aldrei skammarstrik."

**Hvaða sælgæti þykir þér best?** „Kirsuberjabrjóstsykur."

**Vaknarðu snemma á morgnana?** „Á veturna vakna ég snemma til að fara í skólann en annars svona klukkan níu."

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** „Skákmeistari."

## Risaleikur úr fortíðinni

Einn leikmanna er risi, annar kóngur og hinir eru menn kóngs. Risinn tekur sér stöðu alllangt frá kóngi og mönnum hans sem eru innan markalínu. Kóngur sendir einn af mönnum sínum með skilaboð til risans sem krýpur á annað hnéð. Sendimaður kastar kveðju á risann, tekur í vísifingur hans, stígur ofan á tær hans og segir: „Kóngur segist skulu láta hengja þig ef þú heyrir ófrið í landinu." Risinn sprettur á fætur og hleypur á eftir sendimanni sem reynir að komast inn fyrir markalínu kóngs. Ef risinn nær kóngsmanni er sá skyldugur til að ganga honum á vald og hjálpa honum að handsama aðra kóngsmenn sem allir eru sendir sömu erinda. Þegar risinn hefur náð þeim öllum fer kóngur sjálfur og glímir við risann en aðrir eru hlutlausir. Sá þeirra verður kóngur næst sem ber hærri hlut í glímunni.

*Heimild/Æskan 2. tbl. 1961*



**Kóngurinn og menn hans eiga risa fyrir óvin.** NORDICPHOTOS/GETTY




# NÝJAR MYNDIR

## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!




OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 24. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.




512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** lítið, **6.** skammstöfun, **8.** árkvíslir, **9.** kóf, **11.** stöðug hreyfing, **12.** grátur, **14.** digurmæli, **16.** átt, **17.** hyggja, **18.** tugur, **20.** utan, **21.** laun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** strit, **3.** tveir eins, **4.** garðplöntutegund, **5.** hestaskítur, **7.** fugl, **10.** ferð, **13.** garðshorn, **15.** klasi, **16.** stykki, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lágt, **6.** al, **8.** ála, **9.** kaf, **11.** ið, **12.** snökt, **14.** grobb, **16.** sv, **17.** trú, **18.** tíu, **20.** án, **21.** kaup.
**LÓÐRÉTT: 1.** baks, **3.** áá, **4.** glitbrá, **5.** tað, **7.** langvía, **10.** för, **13.** kot, **15.** búnt, **16.** stk, **19.** uu.

# Lessurnar í Úganda

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**

Kasha Jacqueline Nabagesera á við vandamál að stríða. Hún er lesbía. Það er samt ekki vandamálið. Vandamálið er að hún er frá Úganda. Í Úganda er samfélagið gegnsýrt af hómófóbíu. Samkynhneigð varðar við lög og ævilangur fangelsisdómur liggur við „ítrekaðri samkynhneigð“. Árið 2009 var frumvarp enn fremur lagt fyrir þing Úganda þar sem krafist var dauðarefsingar yfir samkynhneigðum. Vegna alþjóðlegs þrýstings var frumvarpið þó dregið til baka.



**FRUMVARPIÐ** naut samt víðtæks stuðnings í Úganda. Hommahatrið er svo viðurkennt að í fyrra vogaði úgandska tímaritið Rolling Stone (sem ekki má rugla saman við alþjóðlega popptímaritið) sér að birta myndir af hundrað yfirlýstum hommum, kalla þá „þjóðarskömm“ og hvetja til þess að þeir yrðu allir hengdir. Í janúar á þessu ári var einn þeirra, David Kato, síðan myrtur á heimili sínu í Kampala. Morðingjarnir sáust flýja af vettvangi í bifreið. Lögreglan hefur skráningarnúmerið undir höndum en morðingjarnir ganga enn lausir. Ritstjóri tímaritsins þrætir enn fyrir að samband sé á milli morðsins og greinarinnar.

**ÞAÐ ER AUÐVELT** að fallast hendur frammi fyrir þessari grimmd. Það er auðvelt að gefast upp fyrir illsku heimsins. Það er of auðvelt. Það er líka auðvelt að fyllast vanþóknun og krefjast þess að þróunaraðstoð við Úganda sé dregin til baka þangað til ofsóknunum linni. En hvað leiðir það af sér? Skort á almennilegri fullorðinsfræðslu einmitt þar sem hennar er mest þörf. Bandarísk trúfélög með höfuðstöðvar í biblíubeltinu, sem reka meint hjálparstarf en einkum þó áróður gegn samkynhneigðum, yrðu þá ein um hituna í Úganda. Það myndi ekki hjálpa Köshu og vinum hennar, það myndi gera illt verra fyrir þau.

**ÞAÐ ER LÍKA AUÐVELT** að búa til stuttermaboli og skilti gegn hommaofsóknum í Úganda og hafa hátt úti á götum á Vesturlöndum. Ég vil ekki gera lítið úr mórölskum stuðningi, en það sem gerir málstaðnum þó mest gagn er að Kasha og vinir hennar njóti verndar gegn ribbaldaflokkum, hafi öruggt húsnæði fyrir réttindabaráttu sína og – það sem hljómar í okkar eyrum of einfalt og sjálfsagt til að okkur hugkvæmist að það geti haft úrslitaáhrif – óheftan aðgang að ljósritunarvél. Allt þetta veitir Amnesty International Köshu og félögum hennar í Úganda.

**EF** þú vilt raunverulega hjálpa geturðu gerst félagi á heimasíðu Íslandsdeildarinnar.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








# Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið. Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.




*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.

Allt sem þú þarft...

**TILBOÐIN GILDA TIL 25. ágúst!**

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

# HELGAR-TILBOÐ!

NÚNA **25%** AFSLÁTTUR



**79.990**
**FULLT VERÐ: 109.990**

**CLEVELAND** 3 sæta sófi, svart áklæði. B:210 D:88 H:62/75 cm.
Fæst einnig 2 sæta. B:180 D:88 H:62/75 cm. **74.990** fullt verð ~~99.990~~.



**690**
FULLT VERÐ: 1.290

**495**
FULLT VERÐ: 990

**SPIZY** sápupumpa.
Gul, bleik eða ljósblá.
**SPIZY** tannburstaglas.
Gult, bleikt eða ljósblátt.

NÚNA **25%** AFSLÁTTUR



**SÓFASETT 3 + 2**
**149.990**
**FULLT VERÐ: 209.980**

**LARVIK** sófasett, 3 + 2 sæta, svart leður. B:192/140 D:76 H:84 cm.

FLOTTUR **SVEFNSÓFI** Á FRÁBÆRU VERÐI!



**149.990**
**FULLT VERÐ: 179.990**

**MELBOURNE** svefnsófi, svart áklæði. B:242 D:91/168 H:85.
Dýna: 147x200 cm. Fæst með vinstri eða hægri tungu.

NÚNA **40%** AFSLÁTTUR



**69.990**
**FULLT VERÐ: 119.990**

**VIKTOR** La-z-boy stóll. Natur áklæði. B:83 D:95 H:103 cm.



**49.990**
**FULLT VERÐ: 69.990**

**ARINN 3900** Petit Visionary, mahogany. B:90 D:31 H:81 cm.

NÚNA **30%** AFSLÁTTUR



**89.990**
**FULLT VERÐ: 129.990**

**CARDINAL** La-z-boy stóll. Natur áklæði. B:95 D:90 H:100 cm.

NÚNA **50%** AFSLÁTTUR



VERÐ FRÁ:
**445**
FULLT VERÐ: 890

**SPIZY** geymslubox. Fæst appelsínugul, grænt eða hvítt. **Lítið: 445** fullt verð ~~890~~. **Miðstærð: 595** fullt verð ~~1.190~~. **Stórt: 745** fullt verð ~~1.490~~.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10-18 • Laugardaga 12-18 • Sunnudaga 13-17

**TVÆR NÝJAR FRÁ BJARTI** Tvær nýjar bækur í Neon-flokki útgáfunnar Bjarts eru komnar út. Rannsóknin nefnist önnur eftir Philippe Claudel, sem fjallar um mann sem rannsakar sjálfsmorðsbylgju í litlu frönsku þorpi. Kristín Jónsdóttir íslenskaði. Hin heitir Fásinna eftir Horacio Castellanos Moya og segir frá manni sem fær það verkefni að prófarkalesa skýrslu um þjóðarmorð á frumbyggjum í ríki Mið-Ameríku. Hermann Stefánsson þýddi.



JO NESBØ

# Nesbø ógnarvinsæll

Norski krimmahöfundurinn Jo Nesbø er næstvinsælasti skáldsagnahöfundur í Bretlandi, það sem af er þessu ári.

Bækur Nesbø um Harry Hole hafa selst í hátt í 717 þúsund eintökum í Bretlandi á þessu ári. Bandaríski reyfarahöfundurinn James Patterson er sá eini sem selt hefur fleiri bækur en Nesbø árið 2011.

Nesbø er einn vinsælasti krimmahöfundur Norðurlanda en stjarna hans hefur farið rísandi í Bretlandi á undanförnu ári. Hann hefur alls skrifað sextán bækur, þar af níu í flokknum um Harry Hole. Fjórar þeirra hafa komið út á íslensku á vegum Uppheima.









KIRSUBERJAGARÐURINN Hilmir Snær Guðnason leikstýrir einu þekktasta verki leikhúsbókmenntanna í Borgarleikhúsinu í október.



# ZOMBÍLJÓÐ OG SVARTU HUNDUR Á KOMANDI L

**Fimm frumsamin íslensk leikrit og jafnmargar nýjar leikgerðir byggðar á innlendum skáldsögum og öðrum verkum, verða frumsýnd á fjölum Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins í vetur. Fréttablaðið stiklar á stóru í vetrardagskrá leikhúsanna.**

Stóru höfuðborgarleikhúsin tvö kynntu dagskrá leikársins fram undan í vikunni. Ellefu sýningar verða frumsýndar í Þjóðleikhúsinu, fyrir utan gestasýningar, auk þess sem nokkur verk frá síðasta leikári fara aftur á fjalirnar. Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir tólf ný verk.

### Ný íslensk verk

Til helstra tíðinda teljast ný íslensk verk. Sex ný íslensk verk verða frumsýnd í Borgarleikhúsinu, og tvær nýjar leikgerðir á öðrum verkum.

Strax í september frumsýnir Borgarleikhúsið Zombíljóðin, lokahnykkinn í þríleik leikhópsins MindGroup um íslenska efnahagshrunið. Áður komu út verkin Þú ert hér og Góðir Íslendingar. Ný leikgerð Vesturportarans Björns Hlyns Haraldssonar á Axlar-Birni verður frumsýnd undir árslok. Hótel Volkswagen nefnist nýtt verk eftir Jón Gnarr, sem verður frumsýnt í mars.

Í sama mánuði verður sýningin Tengdó tekin til sýninga. Um er að ræða heimildarleikhús, þar sem tilraunaleihópurinn Common Nonsense rýnir í hlutskipti ástandsbarnsins. Ein rómaðasta og vinsælasta skáldsaga síðasta árs, Svar við bréfi Helgu, verður sett upp sem leikrit í apríl. Áhugavert verður að sjá hvernig til tekst að laga verkið að sviði, en bókin er skrifuð í sendibréfsformi með allsérstæðu orðfæri. Borgarleikhúsið slúttar svo leikárinu með nýju verki eftir Jón Atla Jónasson, eitt afkastamesta og pólitískasta leikskáld landsins í maí. Nóttin nærist á deginum nefnist verkið og fjallar um hjón á fimmtugsaldri, sem standa uppi allslaus eftir hrunið og hafa ólíkar hugmyndir um hvert skuli stefna.

Eitt frumsamið íslenskt verk verður frumflutt í Þjóðleikhúsinu, Svartur hundur prestsins, eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Í leikritinu kynnumst við ættmóður sem býður syni sínum, tveimur dætrum og tengdasyni í vöffluboð til að greina frá ákvörðun sem kemur öllum í opna skjöldu. Auður Ava hefur hlotið mikið lof fyrir skáldsögur sínar og meðal annars náð miklum vinsældum í Frakklandi. Þetta er fyrsta leikrit hennar. Þá frumsýnir Þjóðleikhúsið þrjár nýjar leikgerðir sem byggja á bókum. Kjartan Ragnarsson leikstýrir jólasýningunni Heimsljósi eftir Halldór Laxness. Gæludýr Braga Ólafssonar verða sýnd í maí og yngsta kynslóðin fær eitthvað fyrir sinn snúð þegar Litla og stóra skrímslið eftir Áslaugu Jónsdóttur lifna við í Kassanum undir lok desember.

### Klassísk verk

Shakespeare setti sterkan svip á leikárið í fyrra, en klassísku verkin eru af nýrri toga í ár. Í Þjóðleikhúsinu ber að nefna Afmælisveislu Harolds Pinter í leikstjórn Baltasars Kormáks, söngleikinn Vesalingana sem byggir á samnefndu verki Viktors Hugo, og Dagleiðina löngu eftir bandaríska leikskáldið Eugene O'Neill, þar sem Arnar Jónsson fylgir eftir rómaðri frammistöðu sinni í Lé konungi, í leikstjórn konu sinnar, Þórhildar Þorleifsdóttur.

Söngleikurinn víðfrægi um Galdrakarlinn í Oz verður frumsýndur í september. Í október verður Kirsuberjagarður Tjekovs færður upp í leikstjórn Hilmis Snæs Guðnasonar. Jólasýningin verður Fanný og Alexander, sem byggir á samnefndum þáttum og síðar kvikmynd Ingmars Bergman og byggir á norskri leikgerð frá 2009. Eitt þekktasta verk leikhúsbókmenntana, Beðið eftir Godot, verður sýnt í uppfærslu dragghópsins Pörupilta, sem kvenfélagið Garpur stendur á bak við.

### Ný erlend verk

Nokkur nýleg erlend eru á dagskrá beggja leikhúsanna í vetur og hljóma mörg hver spennandi. Í september fer Listaverkið Yasminu Reza á fjalirnar í Þjóðleikhúsinu en það sló í gegn á Loftkastalanum fyrir fjórtán árum. Baltasar Kormákur, Ingvar Sigurðsson og Hilmir Snær fara með aðalhlutverk. Þá ber að geta Hreinsunar eftir Sofi Oksanen, sem hlaut Bókmenntaverðlaun Norður-

**SVARTUR HUNDUR PRESTSINS** Þjóðleikhúsið frumsýnir fyrsta leikrit Auðar Övu Ólafsdóttur nú í haust. Kristbjörg Kjeld fer með aðalhlutverkið en Kristín Jóhannesdóttir leikstýrir.



# UR EIKÁRI

landaráðs í fyrra fyrir samnefnda skáldsögu, en verkið var upphaflega samið fyrir svið. Hreinsun verður frumsýnd í október og markar endurkomu Margrétar Helgu Jóhannsdóttur í Þjóðleikhúsið eftir nokkurra ára, farsæla dvöl hjá Borgarleikhúsinu.

Í sama mánuði frumsýnir Borgarleikhúsið Gyllta drekann, gamanleik eftir Þjóðverjann Roland Schimmelpfennig, sem sló í gegn í heimalandinu í fyrra. Verkið gerist á asískum veitingastað einhvers staðar í Evrópu og segir frá raunum fimm starfsmanna, auk gesta. Fimm leikarar fara með fimmtán hlutverk. Í janúar verður verkið Eldhaf eftir líbansk-franska leikskáldið Wajdi Mouawad frumsýnt í Borgarleikhúsinu. Þetta er dramatískt verk um tvíbura sem komast að hræðilegu leyndarmáli úr fortíð móður þeirra, þegar hún fellur frá. Unnur Ösp Stefánsdóttir fylgir eftir magnaðri frammistöðu sinni í Elsku barni frá því í fyrra.

**Reynslumiklir leikstjórar**

Bæði leikhúsin veðja á reynslumikla leikstjóra í vetur. Þórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir, Baltasar Kormákur, Guðjón Pedersen, Kjartan Ragnarsson, Stefán Jónsson og Selma Björnsdóttir lljá Þjóðleikhúsinu krafta sína í vetur. Í Borgarleikhúsinu er sömu sögu að segja; helstu leikstjórar þar í vetur eru Stefán Baldursson, Hilmir Snær, Bergur Þór Ingólfsson, Jón Páll Eyjólfsson, Kristín Eysteinsdóttir og Benedikt Erlingsson.

bergsteinn@frettabladid.is

## SPENNANDI VERK EN UPPBYGGINGARSTARF SKORTIR

„Heilt á litið sýnist mér það vera nokkuð spennandi," segir Salka Guðmundsdóttir, leikhúsrýnir Víðsjár á Rás eitt, spurð um leikárið fram undan hjá Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu.

„Ég er mjög spennt fyrir Svörtum hundi prestsins eftir Auði Övu. Eins er ég mikill aðdáandi Harold Pinter og hlakka til að sjá Afmælisveisluna, auk þess sem ég er forvitin að sjá hvernig heppnast að laga Fanný og Alexander að sviðinu. Af barnasýningum líst mér einna best á Litla skrímslið og stóra skrímslið."

Sölku líst ágætlega á þau erlendu verk sem verða færð upp á fjalirnar í ár en slær þann varnagla að stundum sé ekki hugað nógu vandlega að vali erlendra verka í íslenskum leikhúsum.

„Verk sem slá í gegn í útlöndum gera það oft vegna þess að þar eru þau í ákveðnu samhengi, sem er ef til vill ekki til staðar hér á landi eða heimfærist illa. Mér finnst stundum hafi gleymst að hugsa út í hvort og þá hvaða erindi tiltekin verk hafa við íslenska áhorfendur áður en þau eru sett upp. En þetta er forvitnileg blanda af erlendum verkum í ár, ég er til að mynda spennt fyrir Gyllta drekanum."

Nokkur verk byggð á skáldsögum verða sett upp í ár. Salka segir það geta brugðið til beggja vona.



**SALKA GUÐMUNDSDÓTTIR**

„Oft heppnast það mjög vel, eins og Fólkið í kjallaranum er gott dæmi um. En það getur auðvitað farið á hinn veginn. Góð bók er ekki trygging fyrir góðri sýningu."

Í því samhengi bætir Salka við að sér þyki miður að ekki séu fleiri algjörlega frumsamin íslensk leikrit á fjölunum í ár.

„Leikritaritun er afar mikilvægur hluti af leikhúsmenningunni, sem verður að hlúa að og rækta. Stóru leikhúsin eru í betri aðstöðu til þess en því miður finnst mér þau vera að bregðast að þessu leyti, sem er því miður gömul saga og ný."

Eins saknar hún nýrra andlita í hópi leikstjóra.

„Þetta er auðvitað allt reynt og gott fólk en stóru leikhúsin verða líka að huga að uppbyggingarstarfi. Það er enginn að biðja um að ungur og óreyndur leikstjóri leikstýri jólasýningu á stóra sviðinu en það þarf hins vegar að vera vettvangur innan leikhússins þar sem ungir listamenn geta spreytt sig og fengið tækifæri til að þroskast."




E.B. Fréttablaðið J.V. V. DV. K.H.H.Fréttatíminn.

Vegna fjölda áskorana verða 4 aukasýningar á

Þetta er lífið

... og om lidt er kaffen klar!

Allra síðustu sýningar!



Grímutilnefning – Söngkona ársins 2011.

Mið. 14. sept kl. 20.00
Fös. 16. sept. kl. 20.00
Sun. 18. sept. kl. 20.00
Fim. 22. sept kl. 20.00
**Miðasala á midi.is og í Iðnó s. 5629700**

IÐNÓ

# Starfslaun listamanna

**Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 3. október 2011, kl. 17.00.**

**Hér með eru auglýst til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2012, í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.**

**Starfslaun eru veitt úr sex sjóðum, þeir eru:**
1. launasjóður hönnuða
2. launasjóður myndlistarmanna
3. launasjóður rithöfunda
4. launasjóður sviðslistafólk
5. launasjóður tónlistarflytjenda
6. launasjóður tónskálda

Auk starfslauna er sjóðunum heimilt að veita ferðastyrki. Sækja skal um listamannalaun á vef Stjórnarráðsins, vefslóðin er: http://umsokn.stjr.is umsóknarfrestur er til kl. 17.00, mánudaginn 3. október 2011.

Rafrænt umsóknareyðublað fyrir listamannalaun verður aðgengilegt innan tveggja vikna.

Fylgigögn með umsókn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast skrifstofu stjórnar listamannalauna, Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík, fyrir kl. 17.00, mánudaginn 3. október 2011, sé um póstsendingu að ræða gildir dagsetning póststimpils. Hafi umsækjandi hlotið starfslaun áður, verður umsókn því aðeins tekin til umfjöllunar að framvinduskýrslu vegna fyrri starfslauna hafi verið skilað til stjórnar listamannalauna, sbr. ákvæði 4. gr. laga um listamannalaun nr. 57/2009.

Einungis er unnt að sækja um starfslaun fyrir sama verkefni í einn sjóð. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 57/2009 er stjórn listamannalauna heimilt að færa umsóknir á milli sjóða. Slíkt verður gert í samráði við umsækjanda.

Lög um listamannalaun og reglugerð er að finna á heimasíðu stjórnar listamannalauna: www.listamannalaun.is
Nánari upplýsingar veittar á skrifstofunni í síma 562 6388.
Stjórn listamannalauna 18. ágúst 2011.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI

m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 20. ágúst

#### → Tónleikar

14.00 **Fönduraðstaða fyrir börn** á skrifstofu **Norræna félagsins**, Óðinsgötu 7. Á sama tíma verða tónleikar með **Moses Hightower**, **Tríó Glóðir**, **Tomten** frá Seattle, færeysku söngkonuna **Guðrið Hansdóttur** og norska kórnum **Fana Mannskor**.

20.30 **Andrea Gylfa** og **Bíóbandið** flytja perlur kvikmyndatónlistarinnar á **Ob-La-Dí-Ob-La-Da**, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

22.00 **Helgi og Hljóðfæraleikararnir** með tónleika á **Græna hattinum** á Akureyri. Aðgangseyrir er kr. 1.500.



22.00 **KK** og **Maggi Eiríks** spila blús og aðra alþýðutónlist á **Café Rosenberg**.

23.00 Hljómsveitin **Í svörtum fötum** leikur á sveitaballi á **Sódóma**. Miðaverð er kr. 2.000.



23.59 Hljómsveitin **Sálin hans Jóns míns** með tónleika á **Nasa**. Aðgangseyrir er kr. 2.900.

#### → Opnanir

13.00 Tvær sýningar opna í **Gallerí Fold** við Rauðarárstíg. Það er sýning breska málarans **Nikhil Nathan Kirsh** og sölusýning á verkum Errós. Tónleikar verða á sama tíma. Allir velkomnir.

16.00 Sýning **Huldu Vilhjálmsdóttur** Mynd af henni opnar í **Gallerí Ágúst**. Á sýningunni verða til sýnis portrettverk. Allir velkomnir.

16.00 **Hulda Hlín** og **Katrín Þorvaldsdóttir** opna samsýninguna **Persona** á Tjarnargötu 40, Reykjavík. Allir velkomnir.

17.00 **Anna Hallin** og **Olga Bergmann** opna sýninguna **Gárur** í **Kling og Bang** gallerí. Allir velkomnir.

#### → Uppákomur

14.00 Sérstök menningarnæturdagskrá verður á **Kex Hostel** í boði þeirra og **Kimi Records**. Hljómplötumarkaður, matarmarkaður, myndlistarsýning og tónleikar með **Sóley**, **Hermigervli**, **Loja og Just Another Snake Gult**. Allir velkomnir.

14.00 Listviðburðurinn **Festisvall** í boði **gogoyoko** og **Frafl** verður haldinn í annað skipti á Menningarnótt. Listasýning opnar í **Hjartagarðinum** ásamt tónleikum. Tónleikaraðir verða einnig á **Ellefunni** og **Hemma og Valda**.

17.00 Skáldin og fjöllistamennirnir **Einar Már Guðmundsson** og **Bjartmar Guðlaugsson** lesa upp úr nýjum bókum sínum, flytja ljóð og taka lagið ásamt tríóinu **Blágresi** á **Sjávarbarnum** við Grandagarð 9. Allir velkomnir.

#### → Markaðir

12.00 **Popup-markaður** verður í portinu á milli laugavegs 19 og 21. Hönnuðir sem selja eru Fafu Toys, Færid, Milla Snorrason, Elva, Svava Halldórs, Oktober, Hellicopter, Baby K, Mokomo, Rakel Sólrós, Kow, Erna Design, Luka Art&Design, Iba, Björg Guðmunds, Another Scorpion og Organella.

#### → Dans

17.15 **Frásagnir** um **kúbanskan dans og danssýning** með **Önnu Richards**, **Camilo**, **Urði** og **Áka Sahr**. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Sunnudagur 21. ágúst

#### → Síðustu forvöð

10.00 Sýningarlok sýningarinnar **Jór! Hestar í íslenskri myndlist** á **Kjarvalsstöðum**. Aðgangseyrir er kr. 1.000, námsmenn yngri en 25 ára greiða kr. 500. Aðgangur er ókeypis fyrir börn yngri en 18 ára, öryrkja og eldri borgara.



10.00 Sýningum Errós í Hafnarhúsi, **Erró - Klippimyndir** og **Erró - Samtíningsverk / Þrívíddarsamklipp** lýkur um helgina. Aðgangseyrir er kr. 1.000, námsmenn yngri en 25 ára greiða kr. 500. Aðgangur er ókeypis fyrir börn yngri en 18 ára, öryrkja og eldri borgara.

13.00 Síðasti sýningardagur á samsýningu **Höfuðverks**, **Bábilja og hindurvitni** í Deiglunni, Akureyri. Allir velkomnir.

13.00 Síðasti sýningardagur á málverkasýningu **Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur** í **Ketilhúsinu**, Akureyri. Allir velkomnir.

#### → Söfn

14.00 **Búningadagur barna** haldin á **Árbæjarsafni**. Börn frá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur mæta í búningum og dansa. Sýning á íslenskum þjóðbúningum barna og kynning á mismunandi búningum og námskeiðum í gerð þeirra. Aðgangseyrir er kr. 1.000 en ókeypis aðgangur fyrir börn til 18 ára aldurs, eldri borgara og öryrkja.

#### → Tónleikar



14.00 **Íslensk þjóðlög** verða flutt í **Hólakirkju** af **Gerði Bolladóttur** sópran og **Victoriu Tarevskaia** sellóleikara. Aðgangur er ókeypis.

16.00 **Helga Laufey Finnbogadóttir** og **Guðjón Þorláksson** leika á flygil og kontrabassa á **Gljúfrasteini**. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

17.00 **Ragnheiður Gröndal** og **Ylfingarnir** leika djass í **Þjóðmenningarhúsinu** á **Jazzhátíð Reykjavíkur 2011**. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

20.00 Tenórsaxófónleikararnir **Ólafur Jónsson** og **Stefán S. Stefánsson** leika á tónleikum á vegum **Jazzklúbbsins Múlans** í **Norræna húsinu**. Meðleikarar eru **Agnar Már Magnússon** á píanó, **Þorgrímur Jónsson** á bassa og trommuleikarinn **Einar Scheving**. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

#### → Sýningarspjall

14.00 **Stefan Mayen Briem**, listfræðingur, með leiðsögn um sýninguna **KONA / FEMME - LOUESE BOURGEOIS** í **Listasafni Íslands**. Aðgangseyrir er kr. 800, eldri borgarar og öryrkjar greiða kr. 500 og ókeypis aðgangur fyrir börn yngri en 18 ára.

15.00 Vegna sýningarloka sýningarinnar **Myndin af Þingvöllum** í Listasafni **Árnesinga** mun **Einar Garibaldi Eiríksson** ræða við gesti um sýninguna. Aðgangur er ókeypis.

15.00 **Eiríkur Þorláksson**, listfræðingur, leiðir gesti um sýninguna Frá hugmynd að höggmynd - Teikningar Ásmundar Sveinssonar í **Ásmundarsafni Listasafns Reykjavíkur**. Aðgangseyrir er kr. 1.000, námsmenn yngri en 25 ára greiða kr. 500. Aðgangur er ókeypis fyrir börn yngri en 18 ára, öryrkja og eldri borgara.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

Tækniþróunarsjóður
Styrkir til nýsköpunar
Umsóknarfrestur er til 15. september 2011

- Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.
- Tækniþróunarsjóður fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs.
- Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.
- Sjóðurinn veitir framlög til nýsköpunarverkefna sem eru til þess fallin að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
- Forsenda fyrir aðkomu sjóðsins er að fyrir liggi vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning sem þróun viðkomandi verkefnis getur leitt til.
- Tækniþróunarsjóður hefur skilgreint þrjá verkefnisflokka og er umsækjendum bent á að kynna sér þá, ásamt reglum um viðurkenndan kostnað, á vefsíðu sjóðsins. Umsækjendum gefst kostur á að senda inn myndband með umsókninni til að kynna verkefnið sitt. Sjá nánar í leiðbeiningum sjóðsins.
- Umsóknarfrestur er til kl. 17.00 þann 15. september næstkomandi.

**Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um Tækniþróunarsjóð eru á heimasíðu Rannís, www.rannis.is**

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins og hefur umsjón með opinberum samkeppnissjóðum s.s. Rannsóknasjóði og Tækniþróunarsjóði. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun og gerir áhrif þeirra á þjóðarhag sýnileg. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# AFMÆLISTÓNLEIKAR BYLGJUNNAR

***Sjáumst á Ingólfstorgi á Menningarnótt***

## *Kl. 13:30*

Sveppi og Villi
Á móti sól
Hvanndalsbræður
Jón Jónsson og Friðrik Dór
Páll Óskar Hjálmtýsson

## *Kl. 20:00*

***Stjörnusveit Bylgjunnar og helstu söngvarar þjóðarinnar!***

Bubbi Morthens
Sálin
Páll Óskar
Selma Björnsdóttir
Ellen Kristjánsdóttir
Jet Black Joe
Stjórnin

Greifarnir
Ragnheiður Gröndal
Stebbi og Eyfi
Sigga Beinteins
Pálmi Gunnarsson
Egill Ólafsson
Björgvin Halldórsson

Of Monsters and Men

Steindi jr og félagar

BYLGJAN 25 ÁRA 989

HLJÓÐX

KFC



SPARAÐU MEÐ EURO SHOPPER
SPARAÐU Í BÓNUS




VANILLU ÍSTOPPAR MEÐ SÚKKULAÐI 120 ML
498 KR. 8 STK.




VANILLU ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 60 ML
398 KR. 12 STK.




VANILLU ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 120 ML
298 KR. 3 STK.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

# Fólk

folk@frettabladid.is

**1,2 MILLJÖRÐUM** verður pungað út þegar Kim Kardashian gengur að eiga unnusta sinn, Kris Humphries, eftir viku. Raunveruleikaþáttastjarnan ætlar að tjalda öllu til á brúðkaupsdaginn og 1.000 manns er boðið í gleðina.





**PJATTRÓFUR** Þær Rut, Eva, Díana og Vala mættu til að taka út íslenska tísku.

# FJÖLMENNT Á FATAHÖNNUNARKEPPNI

**Úrslitakvöld fatahönnunarkeppninnar Reykjavík Runway fór fram á fimmtudagskvöldið og fjölmennti áhugafólk um íslenska tísku í Hafnarhúsið. Harpa Einarsdóttir bar sigur úr býtum en þarna sýndu einnig merkin Eygló, Shadow Creatures og Rosa-Bryndís.**

Hljómsveit Krumma Björgvinssonar og Halldórs Björnssonar, Legend, tróð upp milli sýninga og lagðist vel í áhorfendur sem og fallegi fatnaðurinn sem sýndur var á tískupöllunum.

Þetta var í fyrsta sinn sem Reykjavík Runway keppnin er haldin og vonandi að viðburðurinn haldi áfram enda einstök lyftistöng fyrir íslenska fatahönnun.

**- áp /** **sjá einnig síðu 70**



**DÓMARI** Stefán Svan sat í dómnefndinni og var flottur í tauinu að vanda.



**ÁNÆGÐAR** Vinkonurnar Olga og Erna María höfðu gaman af sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SÆTAR** Elín og Gunnhildur létu sig ekki vanta.



**STUÐ** Áshildur og Unnur stilltu sér upp fyrir myndavélina.



**GAMAN** Þau Heiða, Hallberg og Einar nutu sýningarinnar.



**KÆRUSTUPARIÐ** Þau Jóhanna og Arnar Gauti voru að sjálfsögðu á staðnum.



**GLAÐAR** Tanja og Berglind voru ánægðar með Reykjavík Runway.



**BROSMILDAR** Þóra og Guðrún skemmtu sér.




# Hvað á að gera í haust?

# Opið alla helgina í verslunum okkar á Grensásvegi og Akureyri frá 11 til 16

**12 mánaða vaxtalaus lán**

## Dell Inspiron

fartölvur á skólatilboði frá

**79.900 – 179.900**

**3ja ára ábyrgð**

## Nákvæmlega það sem þú vilt

**Dell Inspiron N5110** með Intel® Core™ i5 örgjörva er verkfæri, eins og hamar eða blýantur, bara aðeins flóknari. Það sem skiptir máli er hvað þú gerir við hana. Notarðu **HD myndavélina** til að spjalla við vini eða í eitthvað enn sniðugra? Notarðu **útskiptanlegu bökin** til að sýna hvaða smekk þú hefur eða til að senda kennaranum skilaboð? Læturðu **Intel** örgjörvann sýna krafta sína í tölvuleikjum eða við kvikmyndagerð? Þú ert það sem þú gerir **- gerðu það með Dell!**

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and/or other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.



Allir sem kaupa Dell Inspiron N5110 um helgina fá frítt bak með að eigin vali meðan birgðir endast.

Grensásvegi 10 | Tryggvabraut 10 | 440 9000 | Vefverslun
108 Reykjavík | 600 Akureyri | sala@ejs.is | www.ejs.is

EJS HLUTI AF SKÝRR

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast. Verð eru með vsk.






# Gömlu brýnin komin í gull

Gleðin sveif yfir vötnum á skemmtistaðnum Vellinum á Grensásvegi á fimmtudagskvöldið þegar þrír af vinsælustu tónlistarmönnum landsins tóku við gullplötu fyrir sölu á plötu sinni. Þetta voru þeir Gylfi Ægisson, Rúnar Þór og Megas sem hafa selt yfir fimm þúsund eintök af plötunni MS GRM sem kom út á síðasta ári.

Um þessar mundir er að koma út DVD-diskur með hljómsveitinni með tónleikum hennar í Austurbæ í byrjun nóvember 2010. Þeir tónleikar þóttu einmitt frábærlega vel heppnaðir og fengu fullt hús stiga, fimm stjörnur, hjá gagnrýnanda Fréttablaðsins. Þríeykið og aðrir gestir horfðu einmitt á tónleikana í veislunni á fimmtudagskvöldið og létu vel af áhorfinu.



**SKÁL!** Gylfi, Megas og Rúnar Þór fengu gullplötu á fimmtudagskvöld. Megas ákvað að lyfta frekar bjórglasi en gullplötunni þegar ljósmyndari smellti af: „Ég er gull sjálfur," sagði hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ROKK OG PLOKKFISKUR

**Haukur S. Magnússon hefur fengið foreldra sína í heimsókn frá Ísafirði yfir Menningarnótt. Saman bjóða þau til veislu úti á Granda í kvöld.**

Hljómsveitirnar Reykjavík! og Sudden Weather Change bjóða gestum og gangandi í heimsókn í æfingahúsnæði sitt í dag í tilefni Menningarnætur. Hljómsveitirnar munu stíga á svið og leika nokkur lög fyrir gesti auk þess sem hjónin Magnús Hauksson og Ragnheiður Halldórsdóttir frá Tjöruhúsinu munu reiða fram dýrindis rétti fyrir fólk.

Reykjavík! og Sudden Weather Change verða ekki einu hljómsveitirnar sem koma fram heldur munu Ofvitarnir, Just Another Snake Cult og Mugison einnig koma fram auk þess sem myndlistarmaðurinn Ísak Óli Sævarsson mun selja verk sín á staðnum. Menningin mun því blómstra í æfingahúsnæðinu þennan dag.

Haukur S. Magnússon, meðlimur hljómsveitarinnar Reykjavík!, segir Grandasvæðið vera orðið mjög líflegt og skemmtilegt og vonast eftir því að sjá sem flesta í dag. „Okkur fannst kjörið að bjóða fólki í heimsókn í tilefni dagsins, halda listasýningu, tónleika og bjóða upp á mat. Mamma mín og pabbi reka Tjöruhúsið þannig það voru hæg heimantökin að fá þau í lið með sér. Þetta gaf þeim líka ástæðu til að koma suður og taka þátt í gamninu. Öllum er boðið og ég vonast eftir því að sjá sem flesta," segir Haukur. Meðal þeirra rétta sem Magnús og Ragnheiður munu reiða fram eru plokkfiskur og fiskisúpa. Þegar Haukur er inntur eftir því hvaða réttur sé í uppáhaldi hjá honum verður honum svarafátt. „Það fer svolítið eftir því í hvaða skapi ég er. Mér finnst plokkfiskurinn alltaf fáránlega góður, en fiskisúpan þeirra er líka alveg sér á báti."

Skemmtunin fer fram í æfingahúsnæði sveitanna við Hólmaslóð 2. Skemmtunin byrjar klukkan 15 og stendur til 23. Maturinn verður reiddur fram um klukkan 19 og þá hefjast einnig tónleikarnir.

sara@frettabladid.is



**FLOTTIR FEÐGAR** Haukur S. Magnússon og Magnús Hauksson munu taka á móti gestum í dag. Haukur mun leika tónlist með hljómsveit sinni og Magnús reiðir fram dásamlega fiskrétti ásamt konu sinni, Ragnheiði Halldórsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Mér finnst plokkfiskurinn alltaf fáránlega góður, en fiskisúpan þeirra er líka alveg sér á báti.
>
> HAUKUR S. MAGNÚSSON TÓNLISTARMAÐUR

# Dorrit glöð í bragði í Kringlunni

Forsetafrúin Dorrit Moussaieff var glöð í bragði í Kringlunni á fimmtudagskvöldið þegar góðgerðafélagið Á allra vörum hrinti af stað nýrri landssöfnun. Félagið selur á hverju ári varagloss til styrktar góðu málefni og í ár rennur ágóði sölunnar til Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna.

Þegar hafa 8.500 gloss verið seld en Dorrit festi kaup á einu slíku, kynnti sér starfsemi Neistans og spjallaði við gesti og gangandi í Kringlunni. Kynnir kvöldsins var Sigga Lund og fram komu Jónsi, Bogomil Font og Helga Möller ásamt því að Kalli Berndsen og Sigríður Klingenberg voru á svæðinu til að veita gestum góð ráð.




**BROSMILD** Dorrit Moussaieff festi kaup á einu glossi til styrktar Neistanum og kynnti sér um leið starfsemi félagsins.



SKÓLABÓKARDÆMI UM SPARNAÐ!!!
SKIPTU BÓKUM Á MARKAÐI
ROSA MARGIR TITLAR Á EINUM STAÐ!!!
OPIÐ 10 TIL 22 ALLA DAGA Í SKEIFUNNI 11
Verðkönnun Así á námsbókum 17.08.2011
GRIFFILL ÓDÝRASTUR Í NÁMSBÓKUM
Griffill er ódýrastur í 16 af 21 titli í skiptibókum og 20 af 30 titlum í nýjum bókum samvkæmt verðkönnun ASÍ.
ÍSLENSKA EITT
SKIPTIBÓK Íslenska 1
1440 KR
SKIPTIBÓK Almenn sálfræði
1776 KR
FÉLAGSFRÆÐI
SKIPTIBÓK Félagsfræði
1480 KR
Þýska fyrir þig 1
Vinnubók
SKIPTIBÓK Þýska fyrir þig
895 KR
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
LUKKUPOTTURINN
ALLIR SEM VERSLA FYRIR MEIRA EN 10.000 KRÓNUR KOMAST Í LUKKUPOTTINN! GLÆSILEGIR VINNINGAR Í BOÐI. AÐALVINNINGUR ER 32" SAMSUNG SJÓNVARP
Gildir til og með 21. ágúst eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.
BT ...gerir skólann skemmtilegri !! flottar fartölvur á frábæru verði
VAXTALAUST 12 vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 12 mánaða
SAMSUNG
lægsta bilanatíðnin*
löng rafhlöðuending
vönduð hönnun
traust merki
alvöru fartölvur
Samsung er stærsti raftækjaframleiðandi í heimi og nota flestir stærstu tölvuframleiðendur íhluti frá Samsung í sínar fartölvur.
* Könnun gerð af Square Trade á yfir 30,000+ fartölvum
79.999 áður 109.999
Samsung RV510-A09
Skjár: 15,6" LED HD
TILBOÐ aðeins þessa helgi!!! 30.000 kr. verðlækkun
ótrúlegt verð !!
129.999
til í tuskið!
packard bell TS13-SB-004
Skjár: 15,6" LED HD
179.999
leikjafjarkur !!
packard bell NX69-HR-018
Skjár: 15,6" LED HD
69.999
lítil og nett í skólann allt að 10 klst. rafhlöðuending
Samsung N145-JP04SE
Skjár: 10,1" LED
ein með öllu !!
129.999
Samsung RV720-S03
Skjár: 17,3" HD+ (1600x900)
169.999
Fast Start á 4 sekúndum
Samsung RV711-S03
Skjár: 17,3" LED HD+
50% afsláttur
af fartölvutösku að eigin vali með hverri keyptri fartölvu
10.000 kr. verðlækkun
lækkað verð !!
139.999 áður 149.999
HP Pavilion DV6-3130EO
Skjár: 15,6" Diagonal LED HD
Griffill sími 533-1010 - www.griffill.is - SKEIFUNNI 11 - BT sími 550-4444 - www.bt.is

# Fengu forskot á Game of Thrones sæluna

**Sýningar á sjónvarpsþáttunum Game of Thrones hefjast á Stöð 2 annað kvöld. Óhætt er að segja að mikil eftirvænting ríki fyrir þáttunum og því var mikil spenna í Bíói Paradís í gær þar sem sérstök forsýning var á fyrstu tveimur þáttunum.**

Game of Thrones-þættirnir hafa fengið fantagóðar viðtökur í Bandaríkjunum og víðar þar sem þeir hafa verið sýndir. Þættirnir voru tilnefndir til 13 Emmy-verðlauna þegar tilnefningar voru kynntar í síðasta mánuði. Fyrsti þátturinn er á dagskrá Stöðvar 2 klukkan 21.55 annað kvöld.


Hera Hallsdóttir og Ásgerður Ósk.


Alexandra og Bragi Ólafsson.


**TIL Í SLAGINN** Sölvi Steinn Helgason og Sævar Snær Gunnlaugsson voru eldhressir og spenntir fyrir forsýningu á Game of Thrones í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM


Jóhann Óskarsson og Karl Árnason.


Gísli Einarsson, sem stýrir versluninni Nexus, var að sjálfsögðu meðal gesta.


Kristján Friðjónsson og Marta Sigurðardóttir.


Ingi Steinn og Brynjar Már.




## Langar þig til að syngja í karlakór sem hefur mikinn metnað?



Karlakórinn Fóstbræður vill bæta við sig söngmönnum í allar raddir fyrir næsta starfsár, 2011–2012, sem hefst í september nk.

Þú þarft að hafa góða söngrödd, tónheyrn og vera yngri en 45 ára.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur V. Snævarr í síma 898 7050, gsnaevarr@simnet.is.

**Karlakórinn Fóstbræður** hefur starfað óslitið í hart nær hundrað ár. Kórinn er metnaðarfullur í verkefnavali og hefur komið reglulega fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, frumflutt íslensk verk fyrir karlakóra, haldið tónleika með Stuðmönnum og tekið þátt í Frostrósum frá upphafi, svo dæmi séu tekin.

Á þessu ári söng kórinn með Högna Egilssyni og Davíð Þór Jónssyni í Hörpu en þeir tónleikar fengu afar góða umsögn gagnrýnenda. Þá vöktu tónleikar kórsins á allra sálna messu sl. haust verðskuldaða athygli. Kórinn hefur gefið út marga geisladiska og vinnur nú að útgáfu fjögurra geisladiska þar sem kórinn er í aðalhlutverki á þrem þeirra.

Kórinn syngur fjölbreytilega tónlist og kappkostar að vinna með bestu tónlistarmönnum landsins. **Stjórnandi Fóstbræðra er Árni Harðarson.**

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR


# Gott kynlíf lykillinn að góðu hjónabandi

Stórleikarinn Jeff Bridges hefur verið kvæntur konu sinni, Susan Geston, frá árinu 1977 og eiga þau hjónin saman þrjár dætur. Í nýlegu viðtali sagði Bridges að lykillinn að farsælu hjónabandi væri ást og nóg af kynlífi.

„Maður verður fyrst og fremst að vera ástfanginn. Vinátta er einnig mikilvæg og fólk verður í alvöru að líta á maka sinn sem sinn betri helming og notfæra sér það. Svo þarf maður að geta deilt tilfinningum sínum með makanum en líka að gefa hvort öðru rými til að anda,“ sagði leikarinn geðugi. „Og annað gott ráð, fullt, fullt af góðu kynlífi,“ sagði hann að lokum.


**HAMINGJUSAMUR** Jeff Bridges hefur verið hamingjusamlega giftur Susan Geston í þrjátíu og fjögur ár. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hrifin af besta vini kærasta síns

Ný kærasta leikarans George Clooney, Stacy Keibler, er sögð hrifnari af besta vini Clooney en honum sjálfum. Vinurinn sem um er rætt mun vera enginn annar en Brad Pitt.

„George er myndarlegur en Stacy finnst Brad myndarlegri. Hún er hrifin af George en menn hafa velt því fyrir sér hvort hún sé aðeins með honum til að komast í tæri við Brad. Hún hefur jafnvel sagt í gríni að um leið og Brad og Angelina Jolie hætta saman muni hún reyna við hann,“ var haft eftir heimildarmanni.

Keibler mun ekki hafa farið leynt með aðdáun sína á Pitt því hún skrifaði eitt sinn á Twittersíðu sína að það yrði seint leiðigjarnt að horfa á hann alla daga það sem eftir væri. Keibler er fyrrverandi glímukona og sló í gegn árið 1999 undir nafninu Miss Hancock. Hún og Clooney hafa þekkst í nokkur ár og tóku saman fljótlega eftir að hann sleit sambandi sínu við ítölsku sjónvarpskonuna Elisabettu Canalis.


**HRIFIN** Stacy Keibler er ný kærasta Georges Clooney en er sögð vera hrifnari af vini Clooneys en honum sjálfum. NORDICPHOTOS/GETTY

markhonnun.is

# netto

Kræsingar & kostakjör

# AFSLÁTTADAGAR!

ALLAR SKÓLAVÖRUR OG RITFÖNG Á 25% AFSLÆTTI






Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 20. - 23. ágúst**

eða meðan birgðir endast

# Bieber fær götu nefnda eftir sér

Á meðan flestir jafnaldar hans eru að öngla saman fyrir fyrstu fartölvunni hefur gata verið nefnd eftir ungstirninu Justin Bieber. Ellefu ára gömul Texas-mær kom því í gegn þegar hún varð bæjarstjóri í smábænum Forney í Texas í einn dag.

Caroline Gonzales sigraði í keppni sem gaf henni kost á að verða bæjarstjóri í einn dag. Hún lét það verða sitt fyrsta verk að nefna eina götu í bænum eftir poppstjörnunni. Í samtali við E! gaf Caroline mjög einfalda ástæðu fyrir athæfi sínu; hún einfaldlega elskaði Justin Bieber. Nafni götunnar var síðan breytt strax daginn eftir en Caroline bauð Bieber velkominn í heimsókn ef hann ætti leið hjá.

Bieber er ekki fyrsta poppstjarnan sem fær götu nefnda eftir sér; AC/DC á götu í Melbourne en íbúar Warren í Ohio nefndu heilan dal eftir söngvara Foo Fighters, Dave Grohl.

Ekki fer neinum sögum af viðbrögðum bæjarbúa við þessu uppátæki en líklegt má telja að þau hafi verið blendin. Bieber virðist nefnilega eiga sér nóg af hatursmönnum þótt aðdáendurnir séu eflaust fleiri.



**LUKKUNNAR PAMFÍLL** Ungur bæjarstjóri í Texas nefndi götu eftir Justin Bieber og bauð hann velkominn í heimsókn hvenær sem er.

# Ósátt við skyndilega kvenhylli bóndans

Leikarinn Jason Momoa hefur slegið í gegn í hlutverki sínu sem villimaðurinn Conan úr samnefndri kvikmynd. Þessi skjóti frami hans mun ekki hafa lagst vel í sambýliskonu hans, Lisu Bonet, sem er óánægð með nýfengna kvenhylli Momoa.

Momoa er ellefu árum yngri en Bonet og samkvæmt heimildarmönnum er hún í fyrsta sinn óörugg vegna aldursmunarins. „Hún er mjög meðvituð um aldursmuninn á milli þeirra og þá hylli sem hann nýtur nú meðal kvenna. Lisu er illa við allt sem snertir Hollywood og frægð og finnst erfitt að takast á við þessa skyndilegu frægð Jasons,“ var haft eftir heimildarmanni.

„Lisa hefur útskýrt fyrir Jason að frægðin gæti orðið sambandinu að bana og hann skilur það vel. Þessi vandi á þó aðeins eftir að verða stærri og þau þurfa því að takast á við hann í sameiningu.“



**SKYNDILEGUR FRAMI** Jason Momoa sló óvænt í gegn í hlutverki sínu í kvikmyndinni Conan the Barbarian. NORDICPHOTOS/GETTY

# Á stefnumót

**Það er greinilegt að Lindsay Lohan er í makaleit en hún hefur sést á stefnumótum með þremur mönnum á síðustu vikum. Nú síðast skemmti daman sér prýðilega með hávöxnum dökkhærðum manni á tónleikum bresku söngkonunnar Adele í Los Angeles.**

**Lindsay Lohan er að reyna að koma lífi sínu á beinu brautina eftir að hafa ítrekað komist í kast við lögin síðustu ár. Hún undirbýr meðal annars endurkomu sína á hvíta tjaldið en hún leikur í myndinni Gotti: In the Shadow of My Father ásamt John Travolta og Al Pacino.**



**LEITAR AÐ DRAUMAPRINSINUM** Lindsay Lohan er duglegt að fara á stefnumót þessa dagana. NORDICPHOTOS/GETTY


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
HÖRKU SPENNUMYND
POWERSÝNING KL. 10.20
Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| CONAN THE BARBERIAN | 8 og 10.20(POWER) |
| COWBOYS & ALIENS | 7.30 og 10 |
| STRUMPARNIR - 3D | 2(950 kr), 4 og 6 - ISL TAL |
| STRUMPARNIR - 2D | 2(700 kr) og 4 - ISL TAL |
| CAPTAIN AMERICA - 3D | 2(950 kr) og 7.30 |
| BRIDESMAIDS | 5 og 10 |

SAMBÍÓIN
TOM HANKS JULIA ROBERTS
★★★½ Box of Magazine
FRÁBÆR RÓMANTÍSK GRÍNMYND
LARRY CROWNE
ANDLIT NORÐURSINS
STÓRKOSTLEGAR TÆKNIBRELLUR

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| LARRY CROWNE LUXUS VIP | kl. 8 - 10.20 | 2D | VIP |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10.20 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES LUXUS VIP | kl. 3 - 5.30 | 2D | VIP |
| BÍLAR 2 m/ ísl. tali | kl. 3 - 5.30 | 3D | L |
| BÍLAR 2 m/ ísl. tali | kl. 2 - 3 - 5:30 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 - 10.40 | 2D | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 m/ ísl. tali | kl. 1:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 7 |
| LAST DAYS OF THE ARTIC | kl. 4 - 6 - 8 | 2D | L |
| SMURFS m/ ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| SMURFS m/ ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | 2D | L |
| GREEN LANTERN | kl. 10.30 | 3D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 10 | 2D | 12 |
| HARRY POTTER kl. 8 (12) BÍLAR 2 m/ ísl. tali | kl. 1:30 | 3D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| CONAN THE BARBARIAN | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 5:30 - 10:20 | 14 |
| FRIENDS WITH BENEFITS kl. 8 (12) GREEN LANTERN | kl. 5.30 | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl. tali kl. 3 KUNG FU PANDA 2 m/ ísl. tali | kl. 3 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE SMURFS m/ísl tali | kl. 2:30 - 5 (2:30 - 5 í 2D) | 3D | L |
| COWBOYS & ALIENS | kl. 8 - 10:40 | 2D | 14 |
| CRAZY STUPID LOVE forsýn. | kl. 10:40 lau - 8 sun | 2D | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 - (10:30 sun) | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 2:30 (2:30 2D) | 3D | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 3D | 12 |
| GREEN LANTERN | kl. 5:20 - 10:45 | 3D | L |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 5:20 - 8 | 2D | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | kl. 10:20 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CARS 2 BÍLAR 2 m/ísl. tali | kl. 1:30 | 3D | L |
| CARS 2 BÍLAR 2 m/ensku tali textalaus | kl. 3:40 | 3D | L |
| GREEN LANTERN | kl. 5:40 - 10:30 | 3D | 10 |
| LARRY CROWNE kl. 8 2D (7) HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 2D | 12 |
| CARS 2 BÍLAR 2 m/ísl. tali | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| HARRY POTTER | kl. 1:30 - 10:10 | 2D | 12 |
| CONAN THE BARBARIAN | kl. 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| LARRY CROWNE | kl. 8 | 2D | 7 |
| COWBOY'S & ALIENS | kl. 10:20 lau | 2D | 14 |
| STRUMPARNIR m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| CARS 2 m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | 2D | L |
| HORRIBLE BOSSES kl. 8 (12) BAD TEACHER | kl. 5:50 - 10:10 | 2D | 14 |

TILBOÐSSÝNINGAR LAUGARDAG OG SUNNUDAG
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1.000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
RubyTuesday
STRUMPARNIR
tryggðu þér miða á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!
Anne Hathaway Jim Sturgess
One Day
Tuttugu ár. Tvær manneskjur. Einn dagur...
LÚXUS BYGGÐ Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK
CHANGE-UP
14 FORSÝNING LAUGARDAG OG SUNNUDAG
STRUMPARNIR
SÝND Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU TALI OG ENSKU TALI Í 2D
L STRUMPARNIR FARA Á KOSTUM! RubyTuesday

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE CANGE-UP FORSÝNING | KL. 10.20 (AÐEINS LAU.) | 14 |
| ONE DAY KL. 1(TILBOÐ) 3.20 - 5.30 - 8 - 10.30 | | L |
| ONE DAY Í LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 5.25 - 10.20 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL KL. 1(TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 - 8 | | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL LÚXUS KL. 1 - 3.15 | | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL KL. 1(TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 | | L |
| RISE OF THE PLANETS OF THE APES KL. 8(LAU.) KL. 8 - 10.20 (S) | | |
| FRIENDS WITH BENEFITS KL. 8 - 10.20 | | 12 |
| ZOOKEEPER | KL. 1(TILBOÐ) - 3.15 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE CHANGE UP FORSÝNING | KL. 8 (AÐEINS SUN.) | 14 |
| CONAN THE BARBARIAN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ONE DAY KL. 3(TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30 | | L |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 8(LAU) 10.35 (SUN) | 12 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.20(TILBOÐ) - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.20(TILBOÐ) | L |
| THE SMURFS 2D E. TAL KL. 3.20(TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10.20 | | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| CONAN THE BARBARIAN | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 2(TILBOÐ) - 4 - 6 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 2(TILBOÐ) - 4 - 6 | 12 |

TILBOÐSBÍÓ
SMÁRABÍÓ LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR midi.is

| | | |
|---|---|---|
| ONE DAY | KL. 1 (TILBOÐ) | L |
| STRUMPARNIR ÍSL. TAL 2D | KL. 1 (TILBOÐ) | L |
| STRUMPARNIR ÍSL. TAL 3D | KL. 1 (TILBOÐ) | L |
| ZOOKEEPER | KL. 1 (TILBOÐ) | L |

HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| ONE DAY | KL. 3 (TILBOÐ) | L |
| THE SMURFS ENSKT TAL 2D | KL. 3.20 (TILBOÐ) | L |

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
SÝND KL. 2 950 KR. Í 3D
STRUMPARNIR
ATH 700 KR SÝND Í 2D OG 3D
ATH 950 KR SÝND KL. 2 CAPTAIN AMERICA
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / www.bioparadis.is / midi.is
LAU/SUN: ■*ANDLIT NORÐURSINS* 18:00, 20:00, 22:00 ■ANIMAL KINGDOM 17:50, 20:00, 22:10 ■MARY & MAX 18:00 ■HOWL 22:00 ■MONSTERS 22:00 LAU: ■*BENJAMÍN DÚFA (BENJAMIN DOVE)* 18:00 ■*KALDALJÓS (COLD LIGHT)* 20:00 ■*REYKJAVIK WHALE WATCHING MASSACRE* 22:00 SUN: ■*IKINGUT* 18:00 ■*PERLUR OG SVÍN (PEARLS AND SWINE)* 20:00 ■*GAURAGANGUR (HULLABALLO)* 22:00
ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*

# RUGL VERÐ
## Á SKÓLAVÖRUM Í Office1

**Trélitir**
16 stk.



99kr.

**Skrúfblýantar - 0,5**



39kr.

**Pennaveski - Glans**



399kr.

**Tússlitir**
10 stk.



49kr.

**Reglustika - 30 cm**



47kr.

**TECHNIC strokleður**



8kr.

**Límstifti**
8 gr.



45kr.

**Twist'n'Flex reglustika**
Sveigjanleg - 20cm og 30cm



Frá 295kr.

**Gott grip skiptir máli**



Frá 69kr.

**Yddari - Harmonikka**



88kr.



**Strigaskór**
Pennapoki



990kr.

OPIÐ 24 TÍMA í Skeifunni

**Ég ætla að spara í ár!**

Office1

Skeifan 550-4110 | Smáralind 550-4140 | Hafnarfjörður 550-4120 | Selfoss 550-4190 | Egilsstaðir 550-4160



**BIRKIR BJARNASON** varð fyrir því óláni að stýra knettinum í eigið mark þegar að lið hans, Viking, tapaði fyrir Odd Grenland, 4-2, í norsku úrvalsdeildinni í gær. Hann átti stóran þátt í síðara marki sinna manna en skot hans breytti um stefnu á liðsfélaga sem fékk markið skráð á sig.

# Erkifjendurnir berjast um bikarinn

**Reykjavíkurliðin KR og Valur mætast í úrslitaleik Valitor-bikars kvenna á Laugardalsvelli í dag. Flestir reikna með sigri Valskvenna, enda liðið með sterkari leikmenn og reyndara en ungt lið KR.**

**FÓTBOLTI** Valur á titil að verja en liðið bar sigurorð af Stjörnunni í úrslitaleiknum í fyrra. Flestir eru sammála um að Valsliðið sé það best mannaða á Íslandi enda gerði liðið markmið sín opinber snemma í sumar. Liðið ætlaði að vinna báða titlana sem í boði voru en nú virðist Íslandsmeistaratitillinn runninn því úr greipum.

„Þetta er önnur keppni. Við ætlum okkur að sjálfsögðu að vinna hana og við þurfum að klára okkar. Það er ekki bara um fyrsta sætið að keppa því Evrópusæti er líka í húfi. Við klárum allt með hógværð og gerum okkur grein fyrir því að það gerist ekkert af sjálfu sér,“ segir Gunnar Borgþórsson, þjálfari Vals.

Pála Marie Einarsdóttir, varnarmaður Vals, er sammála. „Já, hinn er nánast kominn í Garðabæinn en þessi er ennþá í Reykjavík og við ætlum að skella honum á Hlíðarenda, þar sem hann á að vera.“

### Reynslan mætir reynsluleysinu

Valur hefur oftast allra liða orðið bikarmeistari í kvennaflokki, alls ellefu sinnum. Flestir leikmenn liðsins hafa spilað áður í úrslitum og nokkrir eru hoknir af reynslu. Embla Grétarsdóttir og Kristín Ýr Bjarnadóttir leika til að mynda í úrslitum í áttunda skipti.

„Ég tel að það hjálpi hópnum. Sérstaklega af því að við erum með mjög blandaðan hóp. Margar ungar stelpur sem hafa ekki tekið þátt í þessu og hins vegar stelpur sem hafa spilað þessa leiki og kunna það. Vikan og undirbúningurinn er auðveldari fyrir vikið,“ segir Gunnar þjálfari Vals.

KR-liðið er töluvert reynsluminna en Valsliðið. Nokkrir leikmenn liðsins hafa spilað úrslitaleiki sem þennan en aðrir munu spila sinn fyrsta leik á þjóðarleikvangnum.

„Það er smá stress en ég er líka mjög spennt. Ég hef aldrei spilað áður á Laugardalsvelli þannig að þetta er stór stund,“ segir Berglind Bjarnadóttir miðjumaður KR.

### Liðin í ólíkum málum í deildinni

Staða liðanna á Íslandsmótinu er gjörólík. Valskonur eru í öðru sæti og hafa aðeins tapað tveimur leikjum í sumar. Sigrar KR eru jafnmargir og liðið í bullandi fallbaráttu. Liðin mættust á Valsvelli í áttundu umferð Pepsi-deildar og þar vann Valur öruggan 3-1 sigur. Þá hefur Valur skorað tæplega þrisvar sinnum fleiri mörk en KR-liðið í deildinni en KR-ingar hafa verið í vandræðum sóknarlega. Liðið hefur aðeins skorað mark að meðaltali í leik í deildinni.

Björgvin Karl Gunnarsson, þjálfari KR, segir leikinn stóra stund fyrir sína leikmenn.

„Við lítum á það sem algjöran bónus að vera hérna. Það er engin pressa á okkur. Það setja allir sinn pening á Valsliðið þannig að við höfum engu að tapa. Við eigum bara von um góða skemmtun og góða stund. Það er það sem við ætlum að gera númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Björgvin Karl.

Hann segir Valsliðið gríðarlega sterkt, best mannaða kvennalið á Íslandi í langan tíma að hans mati. Það hafi þó sýnt sig að það geti tapað leikjum.

„Þær eru búnar að tapa tveimur leikjum í sumar þannig að þær eru kannski ekki óvinnandi vígi. En þetta er gríðarlega sterkt lið sem er enn í smá baráttu við Stjörnuna um titilinn. Þetta verður afar erfitt,“ segir Björgvin.

Lilja Dögg Valþórsdóttir, fyrirliði KR, þekkir vel til í herbúðum Vals en hún er uppalin hjá Hlíðarendastelpum. Hún segir ekki laust við að hún sé meira gíruð í leikinn vegna þess að mótherjinn er Valur.

„Já, jafnvel. Mér finnst alltaf voðalega gaman að spila á móti Val og ekki verra að vinna þær. Ég spilaði náttúrulega fyrir Val á sínum tíma og þótt það sé orðið svolítið langt síðan það var er alltaf gaman að vinna sína gömlu félaga,“ segir Lilja.

Flautað verður til leiks á Laugardalsvelli í dag klukkan 16.

**kolbeinntd@365.is**




**BROSANDI MEÐ BIKARINN** Það fór vel á með fyrirliðunum Lilju Dögg Valþórsdóttur úr KR og Málfríði Ernu Sigurðardóttur úr Val í vikunni. Aðeins önnur þeirra fær að handleika bikarinn að loknum leiknum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Þrenna Hólmfríðar í úrslitaleiknum 2008



Valur og KR hafa þrívegis áður mæst í úrslitaleik bikarsins. Valur hefur unnið einu sinni og KR tvisvar. Liðin mættust síðast í úrslitum árið 2008 þegar KR vann stórsigur 4-0.

Hólmfríður Magnúsdóttir, leikmaður Vals, spilaði í svörtum og hvítum búningi KR í leiknum og skoraði þrennu.

„Ég gleymi ekkert afmælisdeginum mínum 2008. Fyrir leikinn héldu flestir að Valur myndi taka þetta. Það var alltaf mikill rígur milli félaganna. Bæði lið voru sterk en Valsliðið var sterkara á pappírnum. Það skiptir ekki máli þegar komið er út í svona leik. Þetta er bara 50/50 leikur og dagsformið ræður þessu. Þetta er bara einn leikur og að duga eða drepast.“

Hólmfríður segir það vafalítið verða skrýtið að spila gegn sínu gamla liði en einnig skemmtilegt.

„KR-liðið í dag er mjög breytt og ég held að ég hafi æft með tveimur stelpum úr öllum leikmannahópi liðsins í dag. Ég þekki því mjög lítið til KR-liðsins. Þetta er eiginlega algjörlega nýtt lið.“



**PATREKUR** Náði fínum árangri með TV Emsdetten á síðustu leiktíð.
MYND/BERND OBERHEIM

Patrekur Jóhannesson:

# Næsti þjálfari Austurríkis

**HANDBOLTI** Tilkynnt verður um ráðningu Patreks Jóhannessonar sem landsliðsþjálfara Austurríkis á mánudaginn kemur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Munnlegt samkomulag er í höfn um tveggja ára samning.

Patrekur þjálfaði síðast lið TV Emsdetten í þýsku B-deildini en fluttist aftur til Íslands með fjölskyldu sinni í vor. Hann mun væntanlega áfram búa á Íslandi en sinna þjálfun austurríska landsliðsins í hlutastarfi.

Stutt er síðan Dagur Sigurðsson var þjálfari Austurríkis, en hann náði frábærum árangri með liðið. Eftirmaður hans, Svíinn Magnus Andersson, náði ekki að fylgja því eftir og hafa nú forráðamenn austurríska handknattleikssambandsins ákveðið að leita aftur til Íslendings. - esá

## ÚRSLIT

### 1. deild karla

**KA - Selfoss 1-2**
0-1 Arilíus Marteinsson, 0-2 Viðar Kjartansson, 1-2 Davíð Rúnar Bjarnason.

**Þróttur - Víkingur Ó. 0-4**
0-1 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (17.), 0-2 Artjoms Goncars (19.), 0-3 Þorsteinn Már Ragnarsson (83.), 0-4 Artjoms Goncars (90.).

**Leiknir - ÍR 1-2**
0-1 Haukur Ólafsson (15.), 0-2 Halldór Arnarsson (42.), 1-2 Vigfús ARnar Jósepsson (63.).

**ÍA - Haukar 0-2**
0-1 Alieu Jagne (75.), 0-2 Hilmar Rafn Emilsson (82.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **18** | **14** | **2** | **2** | **44-11** | **44** |
| Selfoss | 18 | 11 | 2 | 5 | 33-16 | 35 |
| **Haukar** | **18** | **8** | **5** | **5** | **23-17** | **29** |
| Víkingur Ó. | 18 | 8 | 4 | 6 | 28-20 | 28 |
| **BÍ/Bolungarv.** | **17** | **8** | **4** | **5** | **22-25** | **28** |
| Þróttur | 18 | 8 | 2 | 8 | 22-35 | 26 |
| **Fjölnir** | **16** | **6** | **6** | **4** | **24-25** | **24** |
| KA | 17 | 6 | 2 | 9 | 22-29 | 20 |
| **Grótta** | **17** | **4** | **7** | **6** | **14-20** | **19** |
| ÍR | 18 | 5 | 4 | 9 | 22-32 | 19 |
| **Leiknir** | **18** | **3** | **4** | **11** | **23-27** | **13** |
| HK | 17 | 0 | 6 | 11 | 14-34 | 6 |

pepsi deildin

**Sunnudagurinn 21. ágúst**
**ÍBV - Keflavík** kl. 16.00
Hásteinsvöllur
**FH - Þór** kl. 17.00
Kaplakrikavöllur

**Mánudagur, 22. ágúst**
**KR - Stjarnan** kl. 18.00
KR-völlur
**Grindavík - Víkingur R.** kl. 18.00
Grindavíkurvöllur
**Fylkir - Breiðablik** kl. 18.00
Fylkisvöllur
**Fram - Valur** kl. 19.15
Laugardalsvöllur

DREKKTU ÞIG BOLTANN



**PISTILLINN** **Hlynur Bæringsson** körfuboltamaður

# Góðir og slæmir ávanar

*We are creatures of habit, we are what we repeatedly do, excellence therefore, is not an act, but a habit. (Við erum vanafastar verur. Við erum það sem við gerum, aftur og aftur. Að skara fram úr er því ekki athöfn, heldur ávani.)*

Þetta sagði gríski heimspekingurinn Aristóteles fyrir meira en 2000 árum, þessa línu heyri ég nánast daglega frá þjálfaranum mínum. Því meira sem ég spái í þessi orð því meira finnst mér til þeirra koma.

Boðskapurinn er sá að mannskepnan kemur sér alltaf upp ávönum, bæði góðum og slæmum, það er auðvelt að mynda vítahring en erfiðara að losna úr honum, það þekkja allir. Góðir ávanar koma ekki af sjálfum sér, það krefst vinnu og aga. Ef það tekst þá er eftirleikurinn auðveldari, velgengni er yfirleitt afleiðing þess að fólk hefur vanið sig á að breyta rétt. Það á við um alla flóruna, vinnu, skóla, tónlist, íþróttir og bara daglegt líf.

Ég vildi óska þess að ég hefði gefið þessu gaum fyrr á ferlinum. Þá væri ég vafalaust mun betri en ég er í dag. Því flest af því sem mannskepnan gerir er það sem hún hefur vanið sig á. Það að stunda lyftingar af krafti og vinna í sjálfum sér almennt er gott dæmi um góða ávana sem er erfitt að venja sig á en verður svo ómissandi hluti af deginum þegar það tekst.

Ég er satt best að segja alltaf að berjast við að gera rétt, er að skána en ansi margt sem má laga. Mörgum af hæfileikaríkustu íþróttamönnum sögunnar hefur mistekist að verða besta útgáfan af sjálfum sér því lífsstíll þeirra hefur verið yfirfullur af slæmum ávönum.

Ungir íþróttamenn og þjálfarar þeirra ættu því að huga snemma að því að koma sér upp góðum ávönum, því eins og Aristóteles sagði þá er það að verða mjög góður í einhverju (excellence) ekki eitthvað sem bara gerist, heldur ávöxtur góðra ávana.

Þetta er mín uppáhaldstilvitnun, ég ætla að enda pistilinn á orðum sem mér finnst eiga vel við í framhaldi af henni.

*Sow a thought, and you reap an act, sow an act, and you reap a habit, sow a habit, and you reap a character, sow a character, and you reap a destiny.*



*(Af hugsun er athöfn komin. Af athöfn er ávani kominn. Af ávana er persónuleiki kominn. Af persónuleika eru örlög komin.)*

# KR - VALUR

## Úrslitaleikur á Laugardalsvelli

## 20. ágúst kl. 16




**MÆTTU Á STÆRSTA LEIK SUMARSINS HJÁ STELPUNUM!**

Miðaverð 1000 kr. og ókeypis fyrir börn.

VALITOR BIKARINN

## Lið 15. umferðarinnar

**Hér fyrir neðan** má sjá þá ellefu leikmenn sem sköruðu fram úr í 15. umferð Pepsi-deildar karla en stillt er upp í leikkerfinu 3-5-2.

**Úrvalslið 15. umferðarinnar:**

| | |
|---|---|
| Óskar Pétursson | Grindavík |
| Jónas Tór Næs | Valur |
| Grétar Sigfinnur Sigurðarson | KR |
| Ólafur Örn Bjarnason | Grindavík |
| Ólafur Páll Snorrason | FH |
| Halldór Hermann Jónsson | Fram |
| Matthías Vilhjálmsson | FH |
| Halldór Orri Björnsson | Stjarnan |
| Ian Jeffs | ÍBV |
| Atli Guðnason | FH |
| Kolbeinn Kárason | Valur |



**FJÖGUR MÖRK** Arshavin skoraði fjögur í mögnuðu 4-4 jafntefli vorið 2009. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stórleikur í enska boltanum:

## Arsenal tekur á móti Liverpool

**FÓTBOLTI** Arsenal tekur á móti Liverpool í stórleik dagsins í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu. Félögin hafa háð marga dramatíska leiki í gegnum tíðina og er skemmst að minnast leiks liðanna á sama stað á síðasta tímabili. Tvær vítaspyrnur voru dæmdar í viðbótartíma og sumir meina að klaufaskapur Emmanuels Eboue hafi gert endanlega út um framtíð hans í búningi Arsenal.

Samir Nasri er í leikmannahópi Arsenal sem á í stökustu vandræðum með miðjuna hjá sér. Auk sölunnar á Fabregas er Tomas Rosicky meiddur og Alex Song í leikbanni. Miðja Liverpool er ekki síður brothætt enda nýju leikmenn liðsins enn að koma sér fyrir. Þá er Steven Gerrard enn frá vegna meiðsla.

Mikið mun mæða á nýjum fyrirliða Arsenal, Robin van Persie, í sóknarleik Arsenal sem saknar Gervinho sem einnig er í banni eftir viðskipti sín við Joey Barton um síðustu helgi.

Leikurinn er í beinni útsendingu á Stöð2 Sport2 og hefst klukkan 11.45. **- ktd**



**ÁSDÍS** Mætir þeim bestu á HM í Suður-Kóreu. NORDIC PHOTOS/AFP

HM í frjálsíþróttum:

## Ásdís fékk grænt ljós

**FRJÁLSAR** **Ásdís Hjálmsdóttir hefur fengið leyfi frá læknum á vegum Frjálsíþróttasambands Íslands til að keppa á HM í Suður-Kóreu síðar í mánuðinum.**

**Ásdís hefur átt við meiðsli að stríða að undanförnu en engu að síður tekið þátt í keppnum. Fram kemur í tilkynningu FRÍ að meiðslin muni ekki há henni, hvorki í undirbúningi eða keppninni sjálfri.**

**Ásdís keppir í spjótkasti en Íslandsmet hennar er 61,37 m. Hún verður annar tveggja fulltrúa Íslands á HM. Hinn er langstökkvarinn Kristinn Torfason, sem stökk 7,78 m fyrr á þessu ári.** **- esá**

# Urðum ekki lélegir á einni nóttu

Matthías Vilhjálmsson, fyrirliði FH, hefur fengið að spila í framlínunni í síðustu leikjum FH-inga. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa því FH-liðið hefur unnið fjóra leiki í röð með Matthías í fremstu víglínu. Matthías var besti leikmaðurinn í 15. umferð Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins.

**FÓTBOLTI** FH-ingar eru ekki búnir að segja sitt síðasta í Pepsi-deildinni í sumar þrátt fyrir að allir hafi verið búnir að afskrifa þá fyrir fjórum vikum. Fjórir sigrar í röð hafa skilað þeim inn í toppslaginn á ný þótt KR-ingar séu enn langt á undan þeim.

Fyrirliðinn Matthías Vilhjálmsson átti flottan leik á móti Víkingum í 15. umferðinni og sá til þess ásamt félögum sínum að FH-liðið fann ekki mikið fyrir því að spila manni færri í 55 mínútur á leið sinni að 3-1 útisigri í Víkinni.

### Líður vel í framlínunni

„Ég er búinn að vera fjóra leiki í framlínunni og við höfum unnið þá alla. Mér líður vel í framlínunni, ég get ekki neitað því. Atli Viðar meiddist, það voru fleiri menn að ganga í gegnum meiðsli og svo fór Hannes náttúrulega til Rússlands. Heimir vissi að ég gæti spilað frammi og ég gerði það oft í vetur. Hann ákvað að prófa þetta,“ segir Matthías en hann talar líka um breytt leikskipulag hjá liðinu.

